HÁTÍSKUVIKA Í PARÍS
*Skilyrði að vera með vinnustofu í París*
tíska heimili sumar
ÍMIÐJU BLAÐSINS




SUÐURLAND
*Skapandi ungmenni og söfnunarglaðir sjóarar*
Sérblað um Suðurland
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




MARGRÉT EDDA JÓNSDÓTTIR
*Eldskírn í Sjallanum*
Dóttir Jóns Gnarr syngur með Merzedes Club
FÓLK 50




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júlí 2008 — 186. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Miklar framfarir

Hreysti er 20 ára um þessar mundir en fyrirtækið hefur frá upphafi verið leiðandi í sölu æfingartækja og fæðubótarefna.
TÍMAMÓT 30

### Við veisluborðið
„Hvers vegna er vinnuframleiðni mun minni á Íslandi en annars staðar um Norðurlönd?“ spyr Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 26

### Popp og reggí

Ný plata er væntanleg frá Emilíönu Torrini. Fyrsta lagið er létt popp-reggí og lofar góðu.
FÓLK 40

### Óskalistinn að tæmast?

HK gengur illa að finna sér nýjan þjálfara. Fjórir efstu kostirnir á óskalistanum afþökkuðu að taka við botnliði Landsbankadeildarinnar.
ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG



**SVIPAÐ** Í dag verða vestan 3-8 m/s vestan til annars hæg breytileg átt. Skýjað suðaustan til annars víðast bjart með köflum. Áfram hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 10-20 stig hlýjast sunnan til.
VEÐUR 4


**EINUM VÆNUM LANDAÐ** Ellefu laxar komu á land í Laxá í Kjós á morgunvaktinni í gær. Að sögn starfsmanns í Veiðihúsinu hefur veiðin gengið þokkalega en það eina sem plagar veiðimenn í blíðviðrinu er vatnsleysi. Laxagöngur eru sterkar í ánni, sem og í öðrum ám á suðvesturhorninu, og fiskurinn vel dreifður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Virkjunin við Búðarháls sett fremst í röðina

**Málaferli vegna Titan-samninga tefja áformaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Stærstur hluti orkunnar fer líklega til álversins í Straumsvík.**

**ORKUMÁL** Málaferli landeiganda við Þjórsá gegn ríkinu og Landsvirkjun vegna svokallaðra Titan-samninga munu tefja framgang virkjana í neðri hluta Þjórsár, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Því er líklegt að byrjað verði á Búðarhálsvirkjun í Tungnaá. Öll leyfi eru til staðar og hægt að hefja framkvæmdir eftir að útboð hefur farið fram. Tekin verður ákvörðun um röð virkjana á næstu vikum, segir Friðrik. Áformað er að reisa þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, til viðbótar við Búðarhálsvirkjun.

Orka úr Búðarhálsvirkjun yrði að líkindum seld Rio Tinto Alcan, sem áformar að auka framleiðslu í álveri sínu í Straumsvík, segir Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power.

Afl Búðarhálsvirkjunar verður um 90 megavött, en Rio Tinto Alcan vill um 75 megavött fyrir framleiðsluaukningar í Straumsvík. Ekki verður um eiginlega stækkun álversins að ræða, eins og hafnað var í íbúakosningu, heldur aukna framleiðslu í sama fjölda kerja með nýrri tækni.

Verði Búðarhálsvirkjun sett fremst í röðina væri hægt að fara í útboð vegna hennar í haust, segir Helgi. Þá gæti virkjunin verið komin í notkun síðla árs 2011. Landsvirkjun vill þó helst bjóða allar virkjanirnar út saman til að fá hagkvæmari tilboð.

Stefna landeiganda vegna Titan-samninganna hefur fengið flýtimeðferð fyrir héraðsdómi. Málaferlin munu meðal annars tefja vinnu við samninga við landeigendur og þar með umsókn um virkjanaleyfi, segir Friðrik.

- bj /sjá síðu 18

Ólafur Egill Egilsson og Bryndís Jakobsdóttir:

## Leika foreldra sína í auglýsingu

**FÓLK** „Mér finnst þetta ekkert leiðinlegt. Ég vissi líka að ef ég hefði ekki tekið þetta að mér, þá hefði bara einhver annar verið fenginn í staðinn og það hefði ekki verið eins gaman,“ segir Ólafur Egill Egilsson leikari. Ólafur brá sér í gær í hlutverk föður síns, Egils Ólafssonar, leikara og Stuðmanns. Þetta var gert fyrir nýja auglýsingu Landsbankans þar sem frægir tónleikar Stuðmanna og Grýlnanna á þjóðhátíð 1982 eru endurskapaðir.

Bryndís Jakobsdóttir fer með hlutverk móður sinnar, Ragnhildar Gísladóttur. Fleiri Stuðmannabörnum bregður fyrir, sem og Sprengjuhöllinni.

-hdm/sjá síðu 50


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR
**BÖRNIN LEIKA FORELDRANA** Ólafur Egill Egilsson og Bryndís Jakobsdóttir í hlutverkum foreldra sinna.

Samfylkingarþingmenn tókust á um umhverfismál á sérstökum þingflokksfundi:

# Minnihluti með Fagra Íslandi

**STJÓRNMÁL** Liðskönnun fylgismanna stóriðjustopps í þingflokki Samfylkingarinnar leiðir í ljós að í raun sé minnihlutastuðningur við umhverfisstefnu flokksins, Fagra Ísland, innan þingflokksins.

Í þeirra röðum gætir óánægju með þróun umhverfis- og stóriðjumála enda tvö ný álver í pípunum sem sé tveimur álverum of mikið. Óánægjunni var lýst á sérstökum fundi þingflokksins um umhverfismál á þriðjudag. Var efnt til fundarins að ósk Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra og voru umræður stormasamar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Þótt álver á Bakka og í Helguvík hafi verið í farvatninu um skeið tók – að mati fylgismanna stóriðjustopps – steininn úr þegar Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tók á dögunum fyrstu skóflustunguna að Helguvíkurálverinu og spyrti þar með sjálfan sig og flokkinn við framkvæmdina.

Hinir óánægðu segja álverið í bága við loforð og stefnu flokksins og telja Björgvin hafa skaðað ímynd hans. Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum. - bþs


SHIMANO
hjól
Alivio

Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun
2679 / IG 01

JUST FOOD TO GO
LAUGARÁSVEGUR 1 - SÍMI 588 8588
BJÓÐUM UPP Á HEIMALAGAÐAR MÁLTÍÐIR SEM ERU FERSKAR, HOLLAR OG GÓÐAR. TILVALIÐ FYRIR FÓLK Á FERÐINNI. VIÐ NOTUM EINGÖNGU NÁTTÚRULEG HRÁEFNI OG ENGIN ÓÆSKILEG AUKAEFNI. ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ GRÖMM.

Útsala
Nýtt kortatímabil

úllen dúllen doff!
Opið 10–21
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Halldór, er lögreglustjóri með allt niðri um sig í þessu máli?*

„Nei, nei, enda miklu flottari í búningnum."

Veitingastaðurinn Óðal hefur beðið niðurstöðu lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins varðandi nektardansleyfi í yfir hálft ár. Halldór H. Backman er lögmaður veitingastaðarins.

Hjúkrunarfræðingar sömdu við samninganefnd ríkisins seint í gærkvöldi:

# Telur samninginn góðan í alla staði

**KJARAMÁL** Skrifað var undir kjarasamning á milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og samninganefndar ríkisins um tíuleytið í gærkvöld. Þá hafði fundur staðið sleitulaust frá því klukkan 11 um morguninn.

„Yfirvinnubanninu er aflýst hér með. Einhugur var í samninganefnd hjúkrunarfræðinga og stjórninni um að þetta væri góður samningur í alla staði," sagði Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

„Að samningur skyldi nást ætti að gleðja hjúkrunarfræðinga, lækna og aðra starfsmenn sjúkrahúsanna sem og sjúklinga."



**LOKASPRETTURINN** Hjúkrunarfræðingar komu til fundar í Karphúsinu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Elsa segist telja að allur undirbúningurinn í vetur og öll sú vinna sem hefur verið „sé að skila hjúkrunarfræðingum mjög góðum samningi".

Hún segir verulega hækkun dagvinnukaups vera eitt aðalmálið en einkum munu laun ungra hjúkrunarfræðinga hækka. „Það eru umtalsverðar hækkanir í launatöflunni. Við hættum ekki fyrr en við náðum samningi sem hjúkrunarfræðingar gætu sætt sig við."

Yfirvinnubannið hefði skollið á klukkan fjögur í dag ef samningar hefðu ekki náðst. Samningurinn verður lagður fyrir hjúkrunarfræðinga 20. júlí. - vsp

Albanía og Króatía:

## Hafa samið um aðild að NATO

**BELGÍA, AP** Utanríkisráðherrar Króatíu og Albaníu undirrituðu í gær aðildarsamninga við Atlantshafsbandalagið. Búist er við að löndin gangi formlega í bandalagið í byrjun næsta árs.

Áður en af aðild getur orðið þurfa þó þjóðþing beggja landanna að staðfesta samninginn, og það þurfa hin 26 núverandi aðildarríki bandalagsins einnig að gera.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, sagði undirritun samninganna sýna hve vel hefur miðað á Balkanskaga frá því Júgóslavía liðaðist í sundur í stríðsátökum á síðasta áratug. - gb

Innbrotahrina á Akureyri:

## Sex innbrot um hábjartan dag

**LÖGREGLUMÁL** Sex innbrot um hábjartan dag hafa verið tilkynnt lögreglu undanfarna daga á Akureyri. „Þetta er mjög óvenjulegt og við viljum ekki sjá þetta hér hjá okkur," segir Kjartan Helgason varðstjóri.

Tveir karlmenn og kona voru handtekin á laugardag eftir tvö innbrot í hús á Akureyri og í Hörgárdal. Tilraun til þriðja innbrotsins heppnaðist ekki þegar þjófarnir bönkuðu upp á hjá lögreglumanni sem áttaði sig fljótt á því hverjir voru á ferð.

Lögregla brýnir fyrir fólki að gæta eigna sinna vel og læsa húsum sínum. - ht



**SÆRÐUR LÖGREGLUMAÐUR** Tyrknesk og bandarísk stjórnvöld segjast staðráðin í að halda áfram baráttu gegn hryðjuverkum. NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverkaárás í Tyrklandi:

## Sex biðu bana í skotárás

**TYRKLAND, AP** Þrír tyrkneskir lögreglumenn féllu þegar óþekktir menn réðust á varðstöð utan við skrifstofu ræðismanns Bandaríkjanna í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Þrír árásarmannanna voru felldir en einn slapp.

Tyrkir og Bandaríkjamenn lýsa árásinni sem hryðjuverkaárás. Einhverjir árásarmannanna hlutu þjálfun í Afganistan samkvæmt fréttum CNN-Turk, en lögreglan vildi ekki staðfesta það. Árásarmennirnir voru vopnaðir skammbyssum og haglabyssum. - gh

# Engar nýbyggingar rísi á Þingvöllum

**Drög að nýjum reglum um byggingu sumarbústaða á Þingvöllum hafa verið sendar lóðareigendum til umsagnar. Í þeim er gert ráð fyrir að nýbyggingar og stækkanir á bústöðum verði bannaðar. Stór hús eru í byggingu og hafa risið.**

**SKIPULAGSMÁL** Drög að nýjum byggingarskilmálum fyrir sumarbústaði á Þingvöllum hafa verið send sumarhúsaeigendum í þjóðgarðinum til umsagnar. Þar er meðal annars lagt til að allar nýbyggingar og stækkanir sumarhúsa á Þingvöllum verði bannaðar og að óheimilt verði að girða af einkalóðir.

Nokkuð hefur borið á því að efnaðir eigendur sumarhúsalóða á Þingvöllum hafi rifið húsin sem á lóðunum standa í því skyni að reisa þar ný og glæsilegri hús. Þessu hefur meðal annars fylgt aukin umferð þyrlna sem fljúga reglulega á framkvæmdasvæðin með byggingarefni, þar eð bílaumferð upp að lóðunum er óheimil.

Segir í greinargerð með tillögunum að á síðustu árum hafi risið á Þingvöllum allt upp í 180 fermetra heilsárshús á tveimur hæðum, þar sem önnur hæðin er niðurgrafin, þar sem áður stóðu mun veigaminni hús.

Bjarni Harðarson, nefndarmaður í Þingvallanefnd, er höfundur tillagnanna. Hann lagði þær fyrir nefndina, sem ákvað að senda þær til umsagnar. Bjarni er ekki hrifinn af stórtækum framkvæmdum í þjóðgarðinum.

„Að mörgu leyti eru þessar reglur nauðsynlegar til að mæta þeirri þróun sem hefur orðið í sumarhúsalöndum þar sem sumarhús fara mjög stækkandi og framkvæmdagleði er oft mjög mikil," segir Bjarni. „Sjálfur tel ég ekki að slík framkvæmdagleði sé viðeigandi á lóðum innan þjóðgarðs, og allra síst á lóðum sem eru hvað næst sjálfri þinghelginni."





**BJARNI HARÐARSON** Kveðst ekki hrifinn af stórtækum framkvæmdum í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

**ÞYRLA Á ÞINGVÖLLUM** Tvö tiltölulega stór hús eru í byggingu á samliggjandi lóðum við Valhallarstíg. Þyrlur fá leyfi frá starfsmönnum Þingvallanefndar til að flytja byggingarefni á staðinn með reglulegu millibili. FRÉTTABLAÐIÐ / AUÐUNN

Í tillögunum er heimilað að viðhalda húsum sem þegar eru á lóðunum, og jafnframt endurbyggja þau ef þess gerist þörf vegna skemmda, en kveðið á um að leitast skuli við að breyta húsunum sem minnst.

Einnig er lagt til bann við því að reisa bátaskýli eða bryggjur á eða við lóðir, eða að girða lóðirnar af. Þá skuli, í samráði við eigendur, unnið að því að breyta þeim lóðum til betri vegar sem ekki uppfylla fyrirhuguð skilyrði þegar og ef þau verða að reglum. Með því að banna girðingar er ætlunin að tryggja betur aðgengi gesta að svæðinu, einkum vatnsbakkanum.

Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins, að nefndin muni taka málið til afgreiðslu eftir að umsagnir hafi borist, og hann muni þá láta í ljós skoðun sína á málinu. Nefndin þurfi að samþykkja allar framkvæmdir á svæðinu, en hafi slegið frekari ákvörðunum á frest þar til tillaga Bjarna verði afgreidd.

stigur@frettabladid.is



**FINNBOGASTAÐIR** Bærinn brann og innbúið með.

Bruninn á Finnbogastöðum:

## Styrktarsöfnun gengur afar vel

**FÓLK** Vel gengur með söfnun til styrktar Guðmundi Þorsteinssyni fjárbónda sem missti heimili sitt á Finnbogastöðum í Trékyllisvík í eldsvoða 16. júní síðastliðinn.

„Það safnaðist heil milljón á Hótel Glym um síðust helgi. Miklu munaði þar að eigendurnir. Hansína B. Einarsdóttir og Jón Rafn Högnason, létu allan ágóða af sölu kaffiveitinga ganga óskiptan í söfnunina," segir Kristmundur Kristmundsson, formaður Félags Árnesbúa. Að sögn Kristmundar er markið sett á fimm milljónir króna og er skammt í að það náist. Þegar hefur verið leitað tilboða í einingahús sem ætlunin er að rísi áður en vetur gengur í garð á Ströndum. - gar

## Fannst látinn

Karlmaður á áttræðisaldri fannst látinn rétt utan við Hvolsvöll í gærmorgun.

Maðurinn mun hafa verið í reiðtúr og fallið af baki. Vegfarendur sáu hest með reiðtygi og gerðu lögreglu viðvart. Maðurinn fannst síðan látinn skammt frá.

Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - hþj


NÝ NORDSJÖ VERSLUN



Nordsjö inni- og útimálningin þekur og endist betur.
Nordsjö gæðamálning sparar tíma og vinnu.

SérEfni
Nordsjö • International

Virka daga 08-18 , Laugardaga 10-14 • Lágmúli 7, bakhús • S: 517 0404

Hugtök Maí 08


G8-ríkin bjóða æ fleiri leiðtogum á fundi hópsins:

# Fjölgun ekki strax á dagskrá

**JAPAN, AP** Leiðtogafundur G8-ríkjanna var fjölmennari í ár en nafnið gefur til kynna. Nú í vikunni mættu leiðtogar á þriðja tug ríkja og alþjóðastofnana til Japans, þar sem fundarhöld stóðu yfir frá mánudegi en þeim lauk í gær.

Stefnt er að framhaldi á því að bjóða fleirum en efnahagsveldunum átta til fundanna næstu ár. Hitt er svo annað mál, að ríkin átta eru flest treg til að taka fleiri ríki formlega inn í hópinn.

Átta ríkja hópurinn hefur verið gagnrýndur fyrir að vera einangraður og sjónarmið annarra þurfi að komast að á fundunum, þar sem fjallað er um mörg brýnustu heimsmálin.

„G8-hópurinn nægir ekki lengur til að leysa mörg vandamálanna," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari. Hún sagði þó að hópurinn mætti ekki „vatna út sjálfan sig", og sagði formlega fjölgun aðildarríkja ekki endilega á dagskrá næstu árin.

Aðildarríkin átta eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Japan, Kanada, Rússland og Þýskaland. Auk þess var fimm upprennandi efnahagsveldum boðið til fundarins, en þau eru Kína, Indland, Brasilía, Mexíkó og Suður-Afríka. Að auki var leiðtogum Suður-Kóreu, Ástralíu og Indónesíu boðið til viðræðna. - gb



**GESTIR Á FUNDI G8** Leiðtogar Indlands, Kína og Brasilíu ásamt Rússlandsforseta á leiðtogafundinum í Japan nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

© Inter IKEA Systems B.V. 2008




# ÚTSALA

10. júlí - 2. ágúst

## ÚTSALAN ER HAFIN!

Opið virka daga 10-20 | laugardaga 10-18 | sunnudaga 12-18 | www.IKEA.is/utsala

## GENGIÐ 09.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,54 | 75,9 |
| Sterlingspund | 149,06 | 149,78 |
| Evra | 118,64 | 119,3 |
| Dönsk króna | 15,901 | 15,995 |
| Norsk króna | 14,743 | 14,829 |
| Sænsk króna | 12,552 | 12,626 |
| Japanskt jen | 0,7033 | 0,7075 |
| SDR | 122,73 | 123,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
152,299

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðmundur Þóroddsson á að hafa tekið fundargögn síðustu tíu ára:

# Starfslok Guðmundar umdeild

**ORKUVEITAN** „Einu gögnin sem ég fór með voru mín eigin sem voru afhent á fundum,“ segir Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar.

Samkvæmt fréttum Sjónvarpsins í gærkvöld á Guðmundur að hafa tekið fundargerðir síðastliðinna tíu ára auk fundargagna. Leitað hefur verið aðstoðar lögfræðinga vegna þessa. Krafist er í bréfi sem Guðmundur fékk í gær að hann afhendi gögnin auk jeppabifreiðar og farsíma sem hann hafði til afnota þegar hann var forstjóri Orkuveitunnar.



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Segist hafa ráðfært sig við lögfræðing sem taldi afnot af jeppa og farsíma hluta af starfskjörum hans.

„Ég ráðfærði mig við lögfræðing Orkuveitunnar sem taldi að þetta væri hluti af starfskjörum mínum,“ segir Guðmundur.

Hjörleifur Kvaran, núverandi forstjóri Orkuveitunnar, segir lögfræðingana sem sömdu um starfslok Guðmundar vera annarrar skoðunar. „Þeir telja að hann eigi ekki rétt á þessum hlunnindum,“ segir Hjörleifur.

Hjörleifur segir að hann og Guðmundur hafi talað saman símleiðis og hann viti ekki betur en Guðmundur ætli að skila þeim gögnum sem hann tók.

„Það að leita til lögfræðings er ekki að minni beiðni,“ segir Hjörleifur Kvaran.

Ef Guðmundur skilar ekki gögnunum kemur fram í bréfinu að leitað verði annarra leiða eins og að fara í mál eða ná fullnustu málsins með aðfarargerð. **- vsp**

Týnd fjallgöngukona:

# Brjóstahaldari til bjargar

**AUSTURRÍKI** Týnd fjallgöngukona í austurrísku Ölpunum bjargaði lífi sínu með því að kasta brjóstahaldara sínum í ferjukláf sem var á leiðinni upp fjallið.

Hin 24 ára gamla Jessica Brown frá Bandaríkjunum féll af klettasyllu og þurfti að dúsa særð á fjallinu í sjötíu klukkustundir í miklum kulda. Björgunarmenn höfðu gefið leit upp á bátinn þegar hún sá ferjukláf sem innihélt vistir fyrir vinnumenn á toppi fjallsins. Jessica henti brjóstahaldaranum sínum um borð sem vinnumennirnir sáu og létu hefja leit að nýju.

Jessica dvelur nú á sjúkrahúsi og er á góðum batavegi. **- kg**



**HANS-GERT POETTERING** Ósáttur við afstöðu Frakklandsforseta. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Evrópuþingsins:

# Sniðgengur Ólympíuleikana

**FRAKKLAND, AP** Hans-Gert Poettering, forseti Evrópuþingsins í Strassborg, hefur ákveðið að mæta ekki á opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Kína í næsta mánuði.

Hann skýrði frá þessari ákvörðun sinni í gær, eftir að Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagðist ætla að mæta á opnunarhátíðina þrátt fyrir að viðræður um aukin réttindi Tíbetbúa hafi engum árangri skilað.

Evrópuþingið hefur gagnrýnt þessa nýju afstöðu Frakklandsforseta í málinu. **- gb**

## HRUNAMANNAHREPPUR

### Tilraunahola við Kópsvatn

Starfsmenn Jarðborana undirbúa nú fyrir hönd Hitaveitu Flúða að bora tilraunaholu í leit að heitu vatni í landi Kópsvatns. Að því er fram kemur á heimasíðu Hrunamannahrepps er holan boruð í framhaldi af rannsóknum og kortlagningu orkustöðva í hreppnum og bíða heimamenn spenntir eftir niðurstöðunum.

## LEIÐRÉTTING

Ofsagt var í blaðinu í gær að forstjóri Útlendingastofnunar vildi ekki svara spurningum um mál stofnunarinnar. Hið rétta er að hann vill ekki ræða mál Pauls Ramses frekar, en svarar almennum spurningum með glöðu geði, eins og gert er í dag í blaðinu. Ekki gafst tími til svars í gær.

# Starfsauglýsing vekur undrun Gæslumanna

**Lögmaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna fer nú yfir stöðu flugmanna vegna auglýsingar á starfi flugrekstrarstjóra Landhelgisgæslunnar. Ágreiningur varð þegar núverandi flugrekstrarstjóri vildi jafnframt sinna starfi flugmanns.**

**STJÓRNSÝSLA** „Flugmenn hjá Landhelgisgæslunni hafa haft samband við okkur til að kanna hver staða þeirra er gagnvart því að auglýst er staða flugmanns samhangandi við flugrekstrarstjórastöðuna,“ segir Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA).

Landhelgisgæsla Íslands hefur nú auglýst starf flugrekstrarstjóra og flugmanns. Geirþrúður Alfreðsdóttir hefur gegnt því starfi í meira en tvö ár. Þegar hún var ráðin var tekið fram að sú breyting yrði, frá því sem áður var, að flugrekstrarstjóri myndi eingöngu sinna störfum á jörðu niðri en ekki fljúga vélum Gæslunnar. Geirþrúður sóttist hins vegar fljótlega eftir því að setjast samhliða starfinu í flugmannssæti.



**JÓHANNES BJARNI GUÐMUNDSSON**

Flugmenn Landhelgisgæslunnar sem rætt var við vildu ekkert láta hafa eftir sér undir nafni um málið. Þeim bar hins vegar saman um að gremja væri innan þeirra raða með að flugrekstrarstjórinn vildi einnig vera flugmaður. Það sé meðal annars vegna ótta um starfsöryggi. Þeir líti svo á að auglýsingin nú sé sniðin að Geirþrúði. Í henni sé meðal annars tekið fram að umsækjandi þurfi að vera háskólamenntaður sem ekki hafi verið áður. Jafnframt því að vera flugmaður er Geirþrúður verkfræðingur.





**GEIRÞRÚÐUR ALFREÐSDÓTTIR** Flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslu Íslands vill ekki gefa upp hvort hún er að hætta eða hvort hún sækist áfram eftir starfinu. Myndin er tekin í júní 2006 eftir að Geirþrúður tók við starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

„Er nýráðinn flugrekstrarstjóri fór að sækjast eftir sæti flugmanns þá fór allt í hnút þar sem starfandi flugmenn voru ekki sáttir við að flugrekstrarstjóri gæti tekið sér sæti á starfsaldurslista án þess að fara í gegnum sérstakt ráðningarferli þar inn eins og aðrir flugmenn,“ segir um málið á heimasíðu FÍA.

Oddamaður í sérstöku Starfsráði skar úr um það í fyrra að Geirþrúður mætti ekki fara inn á starfsaldurslistann að óbreyttu. Farið er eftir listanum ef gripið er til uppsagna.

Umsóknarfrestur um starf flugrekstrarstjórans rennur út sunnudaginn 13. júlí. Að sögn Jóhannesar Bjarna er lögmaður FÍA enn að fara yfir stöðu flugmanna gagnvart því að sækja um starfið. Hann vill ekki tjá sig nánar um málið.

Geirþrúður Alfreðsdóttir kveðst kjósa að svara því ekki hvort hún sé að hætta eða hvort hún hyggist sækja um starfið aftur. Varðandi það hvers vegna talin er þörf á að bæta flugmannsþættinum við starfslýsingu flugrekstrarstjóra vísar Geirþrúður á Landhelgisgæsluna.

Halldór Nellet, staðgengill forstjóra Landhelgisgæslunnar, kveðst ókunnugur málinu og vísar á Svanhildi Sverrisdóttur starfsmannastjóra. Hún svaraði ekki skilaboðum í gær. **gar@frettabladid.is**



**TEPPI OG KODDAR** Fást í Futuraþotum á 6 evrur.

Sex evrur í háloftunum:

# Rukkað fyrir teppi og kodda

Una H. Pétursdóttir skrifar: *Í fluginu til landsins frá Tenerife með Ferðaskrifstofu Íslands á þriðjudaginn varð ég fyrir því að vera rukkuð fyrir láni á kodda og teppi. Gjaldið var 6 evrur, en var frítt fyrir tveimur vikum á útleið. Gjaldtaka þessi var hvergi auglýst, á flestu má nú græða!!!*

Margrét Helgadóttir, framkvæmdastjóri tekjustýringar hjá Ferðaskrifstofu Íslands, svarar: „Teppið og koddinn eru til eignar. Þeir hjá Futura Airlines, sem fljúga fyrir okkur, byrjuðu á þessu fyrir sirka tveimur vikum. Þetta eru ágætis teppi og góðir koddar og mér finnst 6 evrur (715 kr.) fyrir þetta tvennt nú ekkert svakalegt.“



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**


50% afsláttur



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VÆTUSAMUR SUNNUDAGUR**
Þótt greina megi breytingar á veðrinu strax á morgun í þá átt að þungbúnara og heldur svalara verði á landinu er ekki að sjá mikla úrkomu næstu daga. Seint á laugardag má búast við vætu vestast á landinu og á sunnudag verður rigning sunnan og vestan til en yfirleitt þurrt annars staðar.





**Á MORGUN** Hæg, breytileg átt og yfirleitt þurrt.

**LAUGARDAGUR** 3-10 m/s, stífastur síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 25° |
| Stokkhólmur | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Helsinki | 18° |
| Eindhofen | 22° |
| Amsterdam | 22° |
| London | 22° |
| Berlín | 23° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 28° |
| París | 24° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 30° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.toyota.is




Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070

## KJÖRKASSINN



Ertu ánægð/ur með nýjar tillögur um skipulag á Kársnesi?

| | |
|---|---|
| Já | 48,7% |
| Nei | 51,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að mæta á mótmæli fyrir utan dómsmálaráðuneytið vegna Pauls Ramses?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Sjálfskipaðir laganna verðir gengu helst til vasklega fram í síðustu viku:

# Skemmdu auglýsingaherferð

**LÖGREGLUMÁL** „Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem hugsa greinilega vel um umhverfið sitt, en jafnframt benda þeim á að tala við okkur áður en þeir hefjast handa við hreinsunarstörf,“ segir Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri AFA JCDecaux á Íslandi, fyrirtækis sem annast rekstur auglýsingaskilta víða um borgina. Veggspjöld með áletruninni „Skítt með kerfið“ voru kerfisbundið hreinsuð af auglýsingaskiltum borgarinnar í síðustu viku, fyrir misskilning að því talið er.

Einar segir marga hafa ranglega haldið að veggspjöldin væru skemmdarverk, framin af óprúttnum aðilum. Reyndin er sú að veggspjöldin eru hluti nýrrar auglýsingaherferðar Vodafone, og sett upp með fullu samþykki AFA JCDecaux. Hann segir marga hafa haft samband við fyrirtækið til að láta vita af veggspjöldunum, og þótti víst framgangan ansi frekleg. Einhverjir hafi svo gengið skrefinu lengra og fjarlægt veggspjöldin. „Við límdum upp veggspjöld á fimmtíu staði á þriðjudaginn. Þau voru öll horfin á fimmtudag. Við límdum svo upp ný veggspjöld á föstudaginn og þau voru horfin tveimur dögum síðar,“ segir Einar,

„Kannski finnst sumum veggspjaldið svo töff að þeir vilja hengja það upp í herberginu sínu,“ segir Einar og hlær. **- kg**



FYRIR HREINSUN EFTIR HREINSUN

Hollendingurinn í Norrænu:

# Hassmaðurinn lengur í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Hollenskur maður sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í tæpan mánuð eftir að um 190 kíló af fíkniefnum fundust í húsbíl hans hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi varðhald til 22. júlí.

Maðurinn, sem er á sjötugsaldri, var handtekinn á Seyðisfirði, eftir að 190 kíló af fíkniefnum, mestmegnis hassi en einnig kókaíni og maríjúana, fundust falin í húsbíl sem hann flutti til landsins með Norrænu.

Íslenskur maður á fimmtugsaldri var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald vegna málsins fyrir viku. **- sh**




# Íhuguðu að hætta upptöku nýrra lyfja

**Til álita kom að hætta upptöku nýrra lyfja á LSH vegna kostnaðar. Gripið hefur verið til sértækra aðgerða til að minnka lyfjakostnaðinn. Hærra lyfjaverð vegna gengisbreytinga veldur forsvarsmönnum spítalans miklum áhyggjum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Til álita kom að hætta upptöku nýrra lyfja á Landspítala - háskólasjúkrahúsi síðastliðið haust vegna mikils kostnaðar, að sögn Ólafs Baldurssonar, aðstoðarlækningaforstjóra sjúkrahússins.

Ólafur telur slíka stefnu alls ekki koma til greina þar sem hún taki ekki til þarfa sjúklinga.

Ólafur segir að þrátt fyrir að náðst hafi fram hagræðing með lyfjakostnað valdi áhrif gengisbreytinga á lyfjaverð forsvarsmönnum sjúkrahússins áhyggjum.

Fyrstu fimm mánuði ársins jókst kostnaður sjúkrahússins vegna svokallaðra S-merktra lyfja um 13 prósent, þar af 11 prósent vegna gengisbreytinga.

„Við höfum áhyggjur af því að gengisþróun muni áfram íþyngja rekstri spítalans,“ segir Ólafur.

„Ný lyf eru sífellt að koma fram og þó að mörg þeirra séu gagnleg er notkun þeirra vandmeðfarin vegna aukaverkana og kostnaðar.“

Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til þess að minnka lyfjakostnað að sögn Ólafs. Fylgst er með niðurstöðum rannsókna og því sem gert er á bestu sjúkrahúsum í nágrannalöndunum.

„Samanburðurinn tryggir að við tökum upp lyf sem skila okkur árangri en tökum ekki blindandi upp hvaða lyf sem er,“ segir Ólafur. „Við þurfum bæði að taka tillit til velferðar sjúklings og öryggis hans auk þess að nýta almannafé sem best.“

Þá hefur í fyrsta skipti verið ráðist í áætlanagerð til næsta árs um hvaða lyf verði þá í notkun og hver kostnaður vegna þess verði.

Fleiri leiðir til hagræðingar hafa einnig skilað árangri, að sögn Ólafs. Markvisst hafi verið unnið að betri nýtingu lyfja með samvinnu lækna og lyfjafræðinga auk þess sem langflest lyf spítalans eru nú boðin út.

Einnig hafa rafræn lyfjafyrirmæli verið tekin upp og í framtíðinni stendur einnig til að taka upp vélræna skömmtun sem gæti skilað mikilli hagræðingu og vinnusparnaði, að sögn Ólafs.

„Við ráðum ekki við gengisbreytingarnar en það er ljóst að ef þróunin heldur áfram mun það hafa slæm áhrif á rekstur spítalans,“ segir Ólafur.

Ólafur segir að ef ekki fáist leiðrétting vegna gengisbreytinganna sjái stjórnendur sjúkrahússins fram á mikinn vanda sem gæti endað með því að ekki öllum sjúklingum standi besta lyfjameðferð til boða. **helgat@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**ÓLAFUR OG LYFIN** Ólafur Baldursson, aðstoðarlækningaforstjóri á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, segir að góður árangur hafi náðst til að ná lyfjakostnaði niður en hærra lyfjaverð vegna gengisbreytinga valdi áhyggjum.

### RÁÐHERRA SKOÐAR REKSTRARSTÖÐU

„Við skoðum rekstrarstöðu hverrar stofnunar fyrir sig og grípum til aðgerða þar sem svo ber undir,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um aukinn lyfjakostnað vegna gengisbreytinga.

„Gengisbreytingar eru eðli málsins samkvæmt erfiðar við að eiga en sem betur fer hefur margt verið til mikilla bóta í rekstri spítalans.“

Guðlaugur Þór segir ekki tímabært að ræða hvort auknar fjárheimildir til Landspítala verði veittar vegna gengisþróunarinnar.

> Við ráðum ekki við gengisbreytingarnar en það er ljóst að ef þróunin heldur áfram mun það hafa slæm áhrif á rekstur spítalans.
>
> **ÓLAFUR BALDURSSON**
> AÐSTÓÐARLÆKNINGAFORSTJÓRI LHS







Gordon Brown hvetur Öryggisráð SÞ til að samþykkja refsiaðgerðir:

# Góðar líkur á refsiaðgerðum gegn ríkisstjórn Simbabve

**JAPAN, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í gær telja góður líkur á að tillaga til ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um refsiaðgerðir gegn Simbabvestjórn muni njóta „víðtæks stuðnings“.

Tillagan gerir ráð fyrir að vopnasala til Simbabve verði bönnuð og að persónulegar eigur Roberts Mugabe Simbabveforseta og nánustu samverkamanna hans verði frystar auk þess sem ferðabann verði lagt á þá.

Tillagan verður líklega lögð fyrir Öryggisráðið í vikunni. Óvíst er um stuðning Kínverja og Rússa sem fara með neitunarvald í ráðinu.

G8-ríkin – Bandaríkin, Bretland, Japan, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Kanada og Rússland – ályktuðu í fyrradag að ríkisstjórn Mugabes væri ólögmæt og samþykktu að senda hóp á vegum Sameinuðu þjóðanna til að reyna að leysa úr deilu Simbabvestjórnar og stjórnarandstöðunnar.

Mugabe hefur sætt mikilli gagnrýni undanfarið fyrir beitingu ofbeldis í aðdraganda forsetakosninga í Simbabve. **- gh**



**GORDON BROWN** Leiðtogar Vesturlanda hafa hvatt til refsiaðgerða gegn Simbabvestjórn.

# Útsala

## 50% auka afsláttur

### af völdum útsöluvörum

| Upphaflegt verð | 50% auka afsl. |
|---|---|
| 799 kr. | 250 kr. |
| 999-1.299 kr. | 375 kr. |
| 1.499-1.699 kr. | 500 kr. |
| 1.999-2.499 kr. | 750 kr. |
| 2.999-4.999 kr. | 1.000 kr. |

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Í hvaða landi fór leiðtogafundur G8-ríkjanna fram?
2 Hvaða íslenska eyja var í fyrradag færð á heimsminjaskrá UNESCO?
3 Hvaða íslenska knattspyrnulið rak í fyrradag þjálfarann Gunnar Guðmundsson?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Aldarfjórðungi eftir eiturefnaslysið í Bhopal á Indlandi:

# Mengun plagar enn íbúana

**INDLAND** Eiturefnamengun plagar enn íbúa í borginni Bhopal á Indlandi, 24 árum eftir slysið mikla þegar sprenging varð í eiturefnaverksmiðju Union Carbide.

Enn þann dag í dag eru hundruð tonna af eiturefnaúrgangi geymd á lóð verksmiðjunnar, sem stendur í hjarta borgarinnar. Frá þessu er skýrt í bandaríska dagblaðinu New York Times.

Efnin eru í geymslu með blikkþaki og þær fáu rannsóknir, sem gerðar hafa verið á mengun í nágrenninu, benda til þess að efnin hafi borist út í umhverfið. Í það minnsta má finna hættulegt magn af eiturefni í vatnsbrunnum fólks.



**MÓTMÆLI Í BHOPAL** Íbúar borgarinnar hafa lengi verið ósáttir við seinagang stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP

Mjög skortir þó á frekari rannsóknir og indversk stjórnvöld hafa sýnt lítil viðbrögð við áhyggjum íbúanna. Verksmiðjulóðin hefur ekki verið hreinsuð og eiturefnin ekki flutt á brott, þennan aldarfjórðung sem liðinn er.

Seinagangurinn stafar meðal annars af deilum um það, hvort stjórnvöld eigi að bera kostnaðinn af hreinsuninni eða hvort efnaframleiðslufyrirtækið Dow, sem keypti Union Carbide árið 2001, eigi að taka þátt í kostnaðinum.

Slysið árið 1984 varð þrjú þúsund manns að bana, en að auki er talið að þúsundir manna hafi síðan látið lífið af völdum eiturefnanna sem þá bárust út í andrúmsloftið. Enn eru börn að fæðast með alvarlega fæðingargalla í Bhopal. - gb

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Hátíðarskapið yfirgaf táning

**DÓMSMÁL Nítján ára maður hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás sem hann framdi um þjóðhátíðardagshelgina í fyrra.**

**Maðurinn var á tjaldstæðinu við Hamra á Akureyri aðfaranótt laugardagsins 16. júní þegar hann sló annan mann tveimur þungum hnefahöggum í andlitið. Sá slegni féll í jörðina og vankaðist, bólgnaði á vinstri kinn og hlaut auk þess vægan höfuðverk. Hann hefur þó náð sér að fullu.**

**Árásarmaðurinn játaði brot sitt greiðlega. Honum er gert að greiða fimmtán þúsund krónur í sakarkostnað. - sh**

Formaður Íhaldsflokksins:

# Stjórnarslit í Austurríki

**AUSTURRÍKI, AP** Wilhelm Molterer, formaður austurríska Íhaldsflokksins og varakanslari Austurríkis, sagðist á mánudag ætla að mæla fyrir því að boðað verði til snemmbúinna kosninga. Með því væri stjórnarsamstarfi Íhaldsflokks og Jafnaðarflokks, tveggja stærstu flokkanna, lokið.



**WILHELM MOLTERER**

Ástæðuna segir hann vera tillitsleysi jafnaðarmanna gagnvart samstarfsflokknum. Nú síðast kynnti formaður Jafnaðarflokksins hugmyndir um að breytingar á stöðu Austurríkis í Evrópusambandinu yrðu lagðar undir þjóðaratkvæði, að íhaldsmönnum óforspurðum. - gh

## DAGSETNINGAR

- **31.01** Paul sækir um hæli hér.
- **31.03** Ítalir fallast á að taka við honum.
- **26.03** Lögmaður Pauls biður um að umsókn hans verði tekin til meðferðar hér.
- **09.04** Ákvörðun um að senda Paul til Ítalíu send frá Útlendingastofnun til ríkislögreglustjóra (RLS).
- **05.05** RLS boðar Paul og Rauða krossinn til að tilkynna honum þetta og ætlar að senda hann út daginn eftir. Ákveðið að bíða þar til kona Pauls verður léttari.
- **26.05** Fídel Smári fæðist.
- **03.06** Útlendingastofnun sendir aðra ákvörðun um flutning Pauls til RLS.
- **25.06** Ákvörðunin ítrekuð til RLS.
- **02.07** RLS birtir Paul þessa ákvörðun um kvöldið, á lögreglustöð.
- **03.07** Paul sendur úr landi.
- **09.07** Lögmaður hans kærir.

# Úrskurðir séu ávallt birtir daginn áður

**Lögmaður Pauls Ramses segir að málið hafi ekki verið kært fyrir löngu síðan vegna þess að honum var ekki tilkynnt um úrskurðinn. Rauði krossinn kvartar einnig. Ríkislögreglustjóri segir ekkert óvenjulegt við afgreiðslu málsins.**

**FLÓTTAMENN** Mál Pauls Ramses var ekki kært til dómsmálaráðherra fyrir löngu síðan, þar sem lögmanni hans var ekki tilkynnt um úrskurð, um að hann yrði sendur úr landi, fyrr en kvöldið áður en hann fór, 3. júlí.

Þetta segir Katrín Theodórsdóttir, lögmaður hans, sem skilaði kæru til dómsmálaráðherra í gær.

Með fyrrgreindum vinnubrögðum hafi Útlendingastofnun „komið í veg fyrir að Paul gæti þá þegar kært ákvörðunina,“ segir hún.

Helga G. Halldórsdóttir, sviðsstjóri innanlandssviðs hjá Rauða krossi Íslands (RKÍ), sagði einnig í Fréttablaðinu á laugardag að illa hefði verið að máli Pauls staðið: „Við vissum ekki að hann ætti að fara úr landi þennan dag fyrr en [hann var handtekinn kvöldið áður]. Það hefði verið eðlilegt að gefa þeim tíma til að gera ráðstafanir.“

Útlendingastofnun sendir beiðni til ríkislögreglustjóra þegar ákvörðun í máli útlendings skal birt. „Eftir það er þetta úr höndum stofnunarinnar,“ segir Ragnheiður Böðvarsdóttir, staðgengill forstjóra. Seinni beiðnin fór frá stofnuninni 3. júní.

Talsmaður ríkislögreglustjóra, Sigurgeir Sigmundsson, vísar því á bug að nokkuð óvenjulegt hafi verið við afgreiðslu málsins. Dyflinnar-úrskurðir séu alltaf birtir daginn áður en þeir eru framkvæmdir, enda fresti kæra ekki flutningi, samkvæmt lögum. Þessi háttur hafi verið hafður á til margra ára, í samstarfi við RKÍ.



**LOKSINS KÆRT** Katrín Theodórsdóttir afhenti í gær kæru um úrskurð Útlendingastofnunar í máli Pauls Ramses. Dómsmálaráðherra ætlar að fara vandlega yfir málið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ástæða þess að lögmanni Pauls var ekki gert viðvart hafi verið sú að Paul mætti ekki til birtingar upprunalegrar ákvörðunar, 5. maí. Þá stóð til að senda hann til Ítalíu daginn eftir, 6. maí. Því var frestað eftir beiðni frá RKÍ.

„En hann mætti ekki og óskaði því ekki eftir lögmanni. Þá köllum við ekki á lögmann,“ segir Sigurgeir.

Flestir útlendingar láti nægja að styðjast við RKÍ og mikið hafi verið gert til að koma til móts við Paul. Hann hafi til að mynda fengið að fara heim um kvöldið og haft gesti hjá sér.

„Við höfum heimildir til að hafa útlendinga mun lengur í haldi og þannig er þetta gert í nágrannalöndunum. Hér þykir mjög mannúðlega að staðið. En það er algjört lágmark [að hneppa menn í varðhald] daginn áður,“ segir hann.

Annars bar til tíðinda í gær að punktar Jóns Magnússonar, þingmanns Frjálslyndra, af fundi allsherjarnefndar um Paul Ramses, rötuðu á netið í gær. Jón kveður þetta ekki með vilja gert. „Ég er öskureiður,“ segir hann. Punktarnir hafi farið á netið fyrir mistök starfsmanns. klemens@frettabladid.is







Nýtt skipulag Laugavegar 4 og 6 samþykkt í gærmorgun:

# Hægt verður að ganga á milli

**SKIPULAGSMÁL** Tillaga að nýju skipulagi Laugavegar 4 og 6 var samþykkt á fundi skipulagsráðs í gærmorgun. Tillagan var unnin af Teiknistofu arkitekta – Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Milli húsanna verður tengibygging sem tengir saman húsin, með kjallara, einni hæð og annarri inndreginni hæð. Á þaki tengibyggingarinnar skapast „gott rými til útivistar“, samkvæmt fréttatilkynningu. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að fara á milli húsanna og Skólavörðustígs 1a.

Gert er ráð fyrir góðu verslunar- og þjónustuhúsnæði í húsunum en við gerð tillögunnar var götumynd neðri hluta Laugavegar frá fyrri hluta 20. aldar höfð að leiðarljósi.

Ábendingar frá Minjasafni Reykjavíkur og húsafriðunarnefnd voru hafðar til hliðsjónar við gerð tillögunnar.



**LAUGAVEGUR 4 OG 6** Hér sést tillagan sem samþykkt var á fundinum í gærmorgun. Tengihúsið er áberandi milli húsanna.

Tillögurnar eru til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði í Borgartúni 3 auk þess sem þær verða sýndar á skipulagssýningu sem var opnuð 17. júní síðastliðinn og mun verða opin í allt sumar. Sýningin er til húsa á Laugavegi 33. - vsp


Sumarútsala
Allt að
70%
afsláttur
Enn meiri
verðlækkun
á völdum vörum
Nýtt kortatímabil
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

...á góðri stundu!



41% afsláttur
SAFARÍKAR KJÚKLINGABRINGUR
1.595kr/kg
2.704 kr




30% afsláttur
HAMBORGARAR
2x175g
398kr
568 kr




CHICAGO TOWN PIZZUR
OSTAFYLLTUR KANTUR
499kr/stk




SUNKIST ORANGE
79kr/stk

TILBOÐIN GILDA 10. - 13. JÚLÍ

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.markhonnun.is


Umsækjandi um stöðu mannréttindastjóra finnst svar í tölvupósti snubbótt:

# Hélt að búið væri að ráða

**REYKJAVÍK** „Þegar ég las tölvupóstinn skildi ég þetta eins og búið væri að fara alla leið í kerfinu með þetta,“ segir Elín Sigurðardóttir, félags- og kynjafræðingur og ein þeirra sem sóttu um stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að umsækjendum um starf mannréttindastjóra Reykjavíkur hafði verið tilkynnt í tölvupósti á föstudag að „búið [væri] að ráða í stöðuna“. Hins vegar er einungis búið að gera tillögu að því að Anna Kristinsdóttir verði ráðin. Endanleg ákvörðun verður ekki tekin fyrr en á fundi borgarráðs í dag.

Sex af 23 umsækjendum voru boðaðir í viðtal. Elín var ein þeirra sem ekki var boðuð í viðtal en hún er með meistarapróf í kynjafræði frá Háskólanum í Lundi.

„Ég tel ekkert óeðlilegt við það að einhver annar hafi verið ráðinn þar sem margir sóttu um og þar af margir hæfir. Vinnubrögðin þykja mér hins vegar undarleg,“ segir Elín

„Ég hef sótt um svipaðar stöður áður og þá voru meiri formlegheit í kringum þetta. Mér fannst snubbótt að fá bara tvær línur í tölvupósti um að ég fengi ekki starfið.“ - vsp



**ELÍN SIGURÐARDÓTTIR** Henni fannst vinnubrögðin við ráðningu mannréttindastjóra undarleg.

# Íransstjórn sýnir hernaðarmátt sinn

**Bandaríkin segja flugskeytatilraunir Írana aðeins einangra landið enn frekar á alþjóðavettvangi. Íranar senda frá sér misvísandi skilaboð.**

**ÍRAN, AP** Íranska ríkissjónvarpið segir tilraunir með flugskeyti hafa verið gerðar beinlínis til að bregðast við hótunum frá Bandaríkjunum og Ísrael.

Í gærmorgun skutu Íranir upp níu lang- og meðaldrægum flugskeytum. Meðal annars var prófuð ný tegund flugskeyta af gerðinni Shahab-3, sem hægt væri að skjóta á Ísrael, Tyrkland, Arabíuskaga, Afganistan og Pakistan, teldu íranskir ráðamenn sig hafa ástæðu til þess.

Hossein Salami, yfirmaður flugflota íranska hersins, segir þessum tilraunum ætlað að „sýna staðfestu okkar og mátt gegn óvinum sem hafa á síðustu vikum hótað Írönum með harðskeyttu orðavali“.

Aðeins daginn áður hafði þó Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sagt það hótfyndni eina að Bandaríkjamenn og Ísraelar væru að undirbúa árásir á Íran.

„Ég fullvissa ykkur um að það verður ekkert stríð í framtíðinni,“ sagði Ahmadinejad á blaðamannafundi í Malasíu á þriðjudaginn, þar sem hann var staddur á leiðtogafundi íslamskra þróunarríkja.

Íranar hafa hins vegar hótað hörðum viðbrögðum ef Bandaríkjamenn eða Ísraelar létu verða af árásum. Meðal annars hafa Íranar hótað að skjóta flugskeytum á Ísrael og bandarískar herstöðvar við Persaflóa. Einnig hafa þeir hótað að koma í veg fyrir alla olíuflutninga frá Persaflóa, sem hefði alvarlegar afleiðingar fyrir efnahagslífið í Bandaríkjunum og um heim allan.



**ÍRANSKT FLUGSKEYTI** Íranska sjónvarpið sýndi í gær myndir af flugskeytatilraunum, sem ráðamenn þar segja viðbrögð við hótunum frá Bandaríkjunum og Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Íransforseti segist hvorki reikna með árásum frá Bandaríkjunum né Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin segja flugskeytatilraunir Írana hins vegar „algerlega á skjön við skyldur Írans gagnvart umheiminum“, eins og talsmaður Hvíta hússins orðaði það. „Með þessu háttalagi gera írönsk stjórnvöld ekkert annað en að einangra írönsku þjóðina enn frekar frá alþjóðasamfélaginu,“ sagði Gordon Johndroe, talsmaður þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna. „Þeir ættu að láta frekari flugskeytatilraunir eiga sig ef þeir vilja raunverulega endurheimta traust umheimsins.“

Bandaríkin hafa verið í forystu fyrir því að auka þrýsting á Írana um að hætta við öll kjarnorkuáform af ótta við að þau gagnist til smíði kjarnorkuvopna. Íranar segja hins vegar kjarnorkuáætlun sína eingöngu til þess ætlaða að framleiða rafmagn, kjarnorkuvopnaframleiðsla sé alls ekki á dagskrá.

gudsteinn@frettabladid.is

Óvenjulegar hræringar í Reykjavík og hreyfing á samstarfi í sveitarstjórnum:

# Nýr meirihluti á sex stöðum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Í smærri sveitarstjórnum getur alltaf orðið hreyfing á samstarfi flokka sem helgast af staðbundnum aðstæðum og persónum á hverjum stað,“ segir Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands sveitarfélaga. „Hræringarnar í Reykjavík hafa aftur á móti verið óvenjulegar.“

Samstarfsslit hafa orðið hjá meirihluta í sveitarstjórnum nokkurra sveitarfélaga þau tvö ár sem af er kjörtímabilinu og tvisvar í Reykjavík.

Nú síðast sleit Samfylkingin í Grindavík meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn, að hluta til vegna mála Hitaveitu Suðurnesja.

Fyrr á þessu ári var skipt um meirihluta, fyrst í Bolungarvík í apríl og síðan Dalabyggð í síðasta mánuði. Grímur Atlason, sem verið hafði bæjarstjóri í Bolungarvík, var nýlega ráðinn sveitarstjóri í Dalabyggð.

Einnig má segja að meirihlutinn á Akranesi hafi sprungið í maí þegar Karen Jónsdóttir, fulltrúi F-lista í bæjarstjórn, gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn.

Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn slitu að auki samstarfi sínu í Árborg í desember árið 2006 að sögn vegna deilu um launakjör bæjarfulltrúa.



**NÝR MEIRIHLUTI** Tók við störfum í Reykjavík síðla í janúar.

Í Reykjavík hefur starfandi meirihluti tvisvar sinnum sprungið, fyrst 11. október árið 2007 og aftur síðla í janúar rúmum þremur mánuðum síðar. - ht

Enska biskupakirkjan:

## Konur mega nú verða biskupar

**BRETLAND, AP** Æðsta stjórn ensku biskupakirkjunnar samþykkti á mánudag að konur megi framvegis verða biskupar innan kirkjunnar.

Þessa ákvörðun þarf þó að staðfesta í kirkjulögum og er reiknað með umræðum um ákvæði þess efnis á næsta ári. Ólíklegt þykir að kona verði gerð að biskupi fyrr en árið 2014 í fyrsta lagi.

Páfagarður sendi í gær frá sér tilkynningu, þar sem þessi ákvörðun er sögð enn ein hindrunin í vegi fyrir því að sættir takist milli kaþólsku kirkjunnar og ensku biskupakirkjunnar. - gb

Minnihlutinn í Hveragerði telur innkaupareglur kunna að hafa verið brotnar:

# Sorphirðuverkefni án útboðs

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta vekur spurningar um hvaða sjónarmið liggi hér að baki,“ segir Róbert Hlöðversson, bæjarfulltrúi minnihluta A-listans í Hveragerði.

Róbert telur að meirihluti Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn hafi hugsanlega brotið reglur um opinber innkaup með því að semja án útboðs við Íslenska gámafélagið um uppbyggingu á þriggja flokka kerfi í sorphirðu í Hveragerði. „Meirihluti sjálfstæðismanna rökstyður þessa ákvörðun sína með því að einungis Íslenska gámafélagið geti boðið flokkun á sorpinu í þrennt, það er endurvinnanlegan úrgang, lífrænan úrgang og úrgang til urðunar. Fram kemur í bréfi framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar hf. að fyrirtækið sé jafnhæft eða hæfara en Íslenska gámafélagið til að bjóða þessa lausn. Í ljósi þessa er það undarlegt að meirihluti sjálfstæðismanna vilji ekki bjóða jafn viðamikið verkefni út,“ segir í bókun Róberts.

Fulltrúar meirihlutans segja hins vegar að Hveragerðisbær sé samningsbundinn Íslenska gámafélaginu um sorphirðu og því sé einungis verið að breyta sorphirðukerfinu.

„Ekki stendur til að leita eftir tilboðum frá öðrum aðilum enda afstaða bæjarstjórnar afdráttarlaus og í samræmi við gildandi samninga. Innkaupareglur Hveragerðisbæjar eru í vinnslu en þær hafa ekki enn verið samþykktar svo ekki er um það að ræða að þær hafi verið brotnar,“ segir í bókun sjálfstæðismanna. - gar



**HVERAGERÐI** Ekki er hægt að brjóta innkaupareglur sem ekki hafa enn verið samþykktar segir meirihluti sjálfstæðismanna í Hveragerði og vísar gagnrýni minnihlutans á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GLEÐI Á SKAGASTRÖND** Hressir krakkar smituðu bæjarbúa af fjöri.

Leikskólabörn brugðu á leik:

## Karnivalfjör á Skagaströnd

**FÓLK Krakkarnir á leikskólanum á Skagaströnd léttu íbúum bæjarins lund í blíðviðrinu fyrir helgi með því að klæða sig upp í skrautleg föt og furðubúninga og fara trallandi um bæinn.**

**„Ekki spillti nú veðrið fyrir, sól skein í heiði og vindurinn var nokkurn veginn kyrrstæður. Hópurinn lék við hvern sinn fingur, söng og trallaði. Þetta var aldeilis tilbreyting í bæjarlífinu. Jafnvel rykugir skrifstofuþrælar örkuðu út í glugga og sagt er að gamalt bros hafi kviknað í ólíklegustu andlitum. Aðrir gengu út og samfögnuðu liðinu úr leikskólanum,“ segir á skagastrond.is.** - gar



**RÚSSNESKIR FRIÐARGÆSLULIÐAR Á LEIÐ TIL GEORGÍU** Georgíumenn hafa sakað Rússa um að vilja innlima Abkasíu í Rússland. NORDICPHOTOS/AFP

Fjórir létust í sprengjuárás:

## Georgíu kennt um ódæðið

**GEORGÍA, AP** Fjórir létust og fimm særðust þegar sprengja sprakk í georgíska héraðinu Abkasíu á sunnudag, að sögn yfirvalda. Sprengjan var sú fimmta í vikunni í eða nærri Abkasíu.

Abkasía hefur notið sjálfstjórnar frá því snemma á tíunda áratugnum. Rússar hafa stutt við viðleitni Abkasíubúa til að losna undan georgískri stjórn og hafa meðal annars veitt meirihluta íbúa þar rússneskan ríkisborgararétt.

Embættismenn í Abkasíu hafa kennt Georgíumönnum um sprengingarnar, en stjórnvöld í Georgíu vísa því á bug. - gh

**GRÍMSNES**

### Moldrok af golfvelli

Sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps hefur ítrekað við umráðamann fyrirhugaðs golfvallar á Borg að hann hindri moldrok af framkvæmdasvæðinu.







Tjaldsvæði á Akureyri verða öllum opin um verslunarmannahelgina:

# Ekki aldurstakmark á Akureyri

**AKUREYRI** Ekkert aldurstakmark verður á tjaldsvæði Akureyrar um verslunarmannahelgina eins og í fyrra, þegar það var 23 ár. „Samkvæmt landslögum er átján ára aldurstakmark á tjaldsvæði, en sjálf setjum við ekki takmörk,“ segir Margrét Blöndal sem skipuleggur hátíðina Eina með öllu.

Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu, segir þetta sameiginlega niðurstöðu bæjaryfirvalda, skátanna og annarra hagsmunaaðila í verslunar- og þjónustugeiranum.

„Það er neyðarráðstöfun að grípa til aldurstakmarkana. Við teljum það óþarfa núna þó að það hafi verið nauðsynlegt í fyrra eftir ástandið sem var á bíladögum þá,“ segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar.

Í ár var ekki síður slæmt ástand í kringum bíladaga og tónlistarhátíðina AIM festival en tæp 300 mál komu til kasta lögreglu um þá helgi og meðal annars skapaðist hættuástand þegar skoteldum var beint að lögreglu.

Sigrún Björk sagði í fjölmiðlum á dögunum að ástandið hefði verið betra á tjaldsvæðunum vegna hærri aldurstakmarka.

Engu síður verða engar takmarkanir um verslunarmannahelgina nú. „Við vonum að fólk sem komi á hátíðina geti borið ábyrgð á sjálfu sér og foreldrar á börnum sínum,“ segir Sigrún. - ges



**ÚTIHÁTÍÐ** Þessi sprelligosi finnur sig vel á útihátíð, eins og aðrir slíkir. Myndin er ekki tengd fréttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

# Hyggst svara svari við gagnrýni sinni

**Hæstaréttardómari svaraði gagnrýni prófessors á séráliti hans í dómsmáli. Dómarar hafa ekki gert það hingað til. Prófessorinn hyggst svara til baka. Dómarinn segir ekki eiga að beita öðruvísi sönnunarfærslu í kynferðisbrotamálum.**

**DÓMSMÁL** „Mitt meginerindi í þessari grein er að beita eigi sams konar reglum í sönnunarfærslu í kynferðisbrotum eins og öðrum afbrotaflokkum. Engin lagaheimild er fyrir öðru,“ sagði Jón Steinar Gunnlaugsson Hæstaréttardómari í samtali við blaðamann.

Í nýjasta tölublaði Tímarits Lögréttu [Tímarit laganema við Háskólann í Reykjavík] birtist grein þar sem Jón Steinar svarar gagnrýni Eiríks Tómassonar lagaprófessors við Háskóla Íslands á sératkvæði hans í máli númer 148/2005.

„Þetta breytir ekki neinu í minni grein sem ég set fram á rökstuddan hátt. Ég hyggst svara Jóni Steinari síðar í Úlfljóti [tímarit laganema við Háskóla Íslands],“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor.



EIRÍKUR TÓMASSON



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON

Í dómi Hæstaréttar í málinu vildu fjórir dómarar af fimm sakfella mann fyrir báða ákæruliði en hann var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sambýliskonu sinnar. Í sératkvæðinu vildi Jón Steinar sýkna manninn af einum ákærulið. Hann taldi að ekki væru nægar sannanir fyrir því að sakfella manninn fyrir ákæruliðinn.

„Í íslenskri löggjöf gildir sú meginregla að maður er saklaus uns sekt er sönnuð,“ segir Jón Steinar.

Gagnrýni Eiríks sneri að því að ekki væri nógu mikið mið tekið af óbeinum sönnunargögnum og sérstöðu kynferðisafbrota.

„Í kynferðisafbrotamálum eru leidd vitni fyrir dóm sem eru í raun engin vitni heldur er þetta fólk sem kærandi hefur sagt frá málsatvikum,“ segir Jón Steinar.

Eiríkur telur að þetta séu sjálfsögðu vitni. „Í íslenskum lögum er gert ráð fyrir því að dómarar meti óbein sönnunargögn eins og þegar vitni segir frá einhverju sem fórnarlambið hefur sagt þeim. Jón Steinar telur að almennt eigi ekki að taka mark á sönnunargögnum af þessu tagi. Með því er hann að þrengja þessa lagareglu,“ segir Eiríkur og segir að margoft hafi Jón Steinar sagt að dómarar eigi að dæma einungis eftir lögunum.

Ekki hefur tíðkast á Íslandi að hæstaréttardómari svari gagnrýni sem þessari en er algengara erlendis að sögn Jóns Steinars. „Það er ekkert að mínu mati við þetta að athuga. Þetta er umræða um þýðingarmikil þjóðfélagsmál,“ segir Jón Steinar.

vidirp@frettabladid.is



**HÆSTIRÉTTUR** Fjórir af fimm dómurum Hæstaréttar vildu sakfella af báðum ákæruliðum en Jón Steinar bara af öðrum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Jón Steinar telur að almennt eigi ekki að taka mark á sönnunargögnum af þessu tagi. Með því er hann að þrengja þessa lagareglu.
>
> **EIRÍKUR TÓMASSON**
> LAGAPRÓFESSOR

## ÚR SÉRATKVÆÐI JÓNS STEINARS

„Ákærði hefur neitað sök. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

„[Vitnisburðurinn] felur aðeins í sér endursögn á frásögn annars manns og skiptir því ekki máli um sönnun sakargiftanna.“

„Með vísan til alls þess sem hér hefur verið rakið tel ég ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem hann er sakaður um í 1. og 2. lið ákærunnar og beri að sýkna hann af þeim.*“

*Fyrsti ákæruliður var talinn fyrndur af meirihluta Hæstaréttar og því var hann ekki álitaefni.

## Í STUTTU MÁLI

- Dómur gengur í málinu 20. október 2007. Fjórir dómarar af fimm sakfella mann af öllum ákæruliðum fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sambýliskonu sinnar. Jón Steinar skilar inn sératkvæði.
- Eiríkur Tómasson gagnrýnir sératkvæði Jóns Steinars í afmælisriti Úlfljóts árið 2007.
- Jón Steinar svarar gagnrýni Eiríks í Tímariti Lögréttu. Dómari hefur aldrei gert það áður hérlendis.

Fundur haldinn á þriðjudagskvöld um nýtt skipulag á Kársnesi:

# Atvinnuhúsnæði fyrir íbúðir

**SKIPULAGSMÁL** „Með þessu er verið að minnka atvinnuhúsnæðislóðir fyrir íbúðir. Með þessu er verið að blanda byggðinni á Kársnesi,“ segir Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, um nýjar hugmyndir að skipulagi á Kársnesi sem kynntar voru í fyrrakvöld.

Hugmyndirnar gera ráð fyrir að pláss fyrir atvinnu- og þjónustuhúsnæði muni minnka um 9.500 fermetra en íbúðum muni fjölga um 736.

Tillögurnar gera jafnframt ráð fyrir að íbúum fjölgi úr 9.000 í allt að 14.000. „Sá fjöldi er um 80 prósent af flutningsgetu brautarinnar en gæti farið niður í 11.000 ef hægt væri að vera með vegtengingu við Reykjavík,“ segir Þór en uppi er hugmynd um að koma fyrir ökubrú frá Kársnesi yfir í Skerjafjörðinn.

Kópavogsbær dró til baka tillögur um skipulag á Kársnesinu í fyrra. Arna Harðardóttir sagði í samtali við Fréttablaðið á þriðjudag að samtökunum Betri byggð hafi verið boðið að taka þátt í að mynda nýjar hugmyndir en Kópavogsbær hafi ekki viljað taka tillit til athugasemda þeirra.

„Bæjaryfirvöld unnu hugmyndirnar í samráði við Betri byggð. Það fólst í ítrekuðum fundum og hlustað var á athugasemdir þeirra,“ segir Þór. - vsp



**HÚS VIÐ KÁRSNESBRAUT** Atvinnuhúsnæðislóðum mun fækka en íbúðum fjölga á Kársnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÝTT KORTATÍMABIL
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
STÓRÚTSALA
50-80%
AFSLÁTTUR
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM
PIRI PIRI KJÚKLINGUR
Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2798 KR./KG.
899
BEINHREINSUÐ BLEIKJA
NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir með roði
899 kr./kg.
2359
KS ferskt lambafillet
2359 kr./kg.
6 STK
2998
Nautasteikur frá Hollandi 1200g
200g x 6 STEIKUR 2998 kr.
4 STK
1998
Ungnautafillet frá Hollandi 800g
200g x 4 STEIKUR 1998 kr.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir skornir-kjúklingavængir
299 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Holta fersk krydduð hversdagssteik
516 kr./kg. MERKT VERÐ 859 KR./KG.
200 KR. AFSLÁTTUR
1098
Gullfiskur bitafiskur 200g
1098 kr
Egils APPELSÍN
PEPSI MAX
59
25% AFSLÁTTUR
KF heimilispylsur
476 kr./kg.
MERKT VERÐ 635 KR./KG.
BÓNUS HANGIÁLEGG
1998
Bónus hangiálegg
1998 kr./kg.
FITUMINNA
BÓNUS HANGIÁLEGG
1798
Bónus hangiálegg
1798 kr./kg.
Feti
198
Bónus fetaostur blár
250g 198 kr
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS
2998
HOLLENSK NAUTALUND
Hollensk ungnautalund (FRYSTIVARA)
2998 kr./kg.
Best Quality
398
FERSKAR DÖÐLUR
Ferskar döðlur ný uppskera
398 kr. 650g
30% AFSLÁTTUR
Ali grill svínakótilettur
1315 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali grill svínahnakkasneiðar
1315 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
SS grískar grill svínahnakkasneiðar
1252 kr./kg. MERKT VERÐ 1788 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Bónus jurtakrydduð kjúklingalæri -
408 kr./kg. MERKT VERÐ 679 KR./KG.
498
Bónus íslenskir ungnaugahamborgarar
4 STK M/BRAUÐI 498 kr.
INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR
100% HREINT KJÖT
80 GRÖMM 898 kr. 10 STK.
100 GRÖMM 1079 kr. 10 STK.
120 GRÖMM 1259 kr. 10 STK.
259
Myllu skúffukökur 380g
259 kr./stk.
139
Bónus einnota diskar 10 stk
139 kr. GRUNNIR OG DJÚPIR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## „ORÐRÉTT"

*Vill hún vita það?*

**„Ég veit ekkert hvað hann er að hugsa."**

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA UM UMMÆLI ÁRNA MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA UM YFIRVOFANDI BREYTINGAR Á ÍBÚÐALÁNASJÓÐI.

Fréttablaðið 9. júlí.

*Gufa í salti*

**„Ég hef fulla trú á verkefninu."**

VALTÝR VALTÝSSON, SVEITARSTJÓRI BLÁSKÓGABYGGÐAR, UM HEILSULIND SEM STAÐIÐ HEFUR TIL AÐ REISA Í STAÐ GÖMLU GUFUBAÐANNA SEM VORU RIFIN.

Fréttablaðið 9. júlí.

**tilveran**
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

# Bryggjuböll og brekkusöngvar

Það er margt um að vera á landsbyggðinni um næstu helgi. Fréttablaðið tók saman það helsta.

Á Stokkseyri verður haldin bryggjuhátíðin Brú til brottfluttra, og hefst hún í dag. Hátíðin er haldin í fimmta skipti nú, en í ár heldur Ungmennafélag Stokkseyrar upp á 100 ára afmæli sitt. Íþróttahátíð verður haldin í tilefni af því, en einnig eru á dagskránni varðeldur og bryggjusöngur Árna Johnsen, og tónleikar Megasar og Senuþjófanna, svo fátt eitt sé nefnt.

Í Búðardal verður bæjarhátíðin Heim í Búðardal haldin á laugardag. Siglingar og markaðir verða á meðal þess sem í boði er, og hátíðardagskrá verður á bryggjunni í Búðardal yfir daginn. Að því loknu munu íbúar og gestir grilla saman við Dalabúð, og halda þaðan í brekkusöng áður en kvöldinu lýkur með bryggjuballi.



**STOKKSEYRI** Á Stokkseyri verður hátíðin Brú til brottfluttra haldin hátíðleg í fimmta sinn.

Sandaragleði fer fram á Hellissandi frá föstudegi til sunnudags. Sýningar verða opnaðar og söngvakeppni og hæfileikakeppni verða á dagskrá. Öll dagskráin er gerð af heimamönnum og brottfluttum. Hljómsveitirnar Diamonds, Extra og Bít munu allar leika fyrir dansi að loknu götugrilli í öllum götum Hellissands. Súgfirska sæluhelgin verður haldin á Suðureyri nú um helgina. Hátíðin í ár verður fjölskylduvænni en áður og er dagskráin sniðin að því. Meðal þess sem verður á dagskrá er kynning á nýju sæluhelgarlagi, en lagið í ár er eftir Ævar Einarsson og heitir „Fyrir mig og þig". Einnig verður markaðstorg, Íslandsmeistaramót í kajakróðri og brúðuleikhús, svo dæmi séu tekin.

Á Blönduósi fer fram Húnavaka, sem hefst á föstudagskvöld með dægurlagakeppninni Vökulögunum. Á laugardag verður svo meðal annars fjölskylduskemmtun með Merzedes Club, Gunna og Felix og Abbababb! og svo stórdansleikur með Merzedes Club og Sálinni hans Jóns míns.

Gert er ráð fyrir að skýjað verði að mestu á landinu um helgina og rigning með köflum.

## SJÓNAHÓLL
MÁL PAUL RAMSES OG FJÖLSKYLDU

# *Erum við ekki velferðarríki?*



JÓHANN ÁGÚST JÓHANSSON NEMI

„Mér þykir afar leiðinlegt að ekki hafi verið gert meira fyrir Paul Ramses," segir Jóhann Ágúst Jóhanssson nemi. „Ég finn til með honum og fjölskyldu hans að vera í þessari aðstöðu."
Jóhann segir málsmeðferðina vera dæmigerða fyrir skrifræði nútímans, „það gleymist að gera ráð fyrir því að um manneskjur er að ræða".
Verst af öllu þykir Jóhanni að fjölskylda Ramses hafi verið slitin í sundur: „Mér finnst það sorglegt, tilgangslaust og ekki síst ómannúðlegt," segir hann. „Það er eins og Útlendingastofnun starfi eftir einhverju færibandafyrirkomulagi."
Jóhann segir að íslenska ríkið eigi að hjálpa fólki í neyð, „við getum það auðveldlega, fjölskylda Pauls Ramses getur það ekki. Erum við ekki velferðarríki?"

# Kafbáturinn var gamalt seglskip

**Eftir djúpsjávarsprengjur og diplómatíska krísu á níunda áratugnum hefur komið í ljós að njósnakafbáturinn, sem Svíar sökuðu Sovétmenn um að senda í sænska skerjagarðinn, var enginn njósnakafbátur. Hljóðið sem heyrðist og var talið koma frá sovéskum dvergkafbát kom eftir allt saman frá gamalli, sænskri seglskútu. Þetta kom nýlega í ljós þegar hulunni var svipt af gömlum hljóðskrám.**

Haustið 1982 urðu Svíar varir við eitthvað sem þeir töldu vera mastur frá kafbátum í skerjagarðinum við Stokkhólm. Árið áður hafði sovéskur kafbátur strandað í skerjagarðinum og þá fóru Svíar að fylgjast betur með meintum ferðum kafbáta, bæði í sjó og úr lofti. Meðan á leitinni stóð sigldi seglskútan Amalia um skerjagarðinn með blaðamenn sem fylgdust þannig með leit Svía að sovéskum kafbátum. Í leitinni var tekið upp hljóð sem þótti grunsamlegt í meira lagi og sanna að sovéskir kafbátar hefðu verið á sveimi í skerjagarðinum.

Ríkisstjórn jafnaðarmanna mótmælti kröftuglega við sovéska sendiherrann í Stokkhólmi en Sovétmenn neituðu öllum ásökunum. Sambandið milli Svía og Sovétmanna varð kuldalegt á níunda og fram á tíunda áratuginn þegar í ljós komu efasemdir um að hljóðið gæti hafa komið frá sovéskum kafbátum. Miklar vangaveltur hafa síðan verið um það hvaðan hljóðið gæti hafa komið en það var ekki fyrr en á þessu ári sem hið sanna kom í ljós þegar hljóðskrárnar höfðu verið gerðar opinberar. Skipstjórinn á Amalíu hafði þá nýverið farið með sjónvarpsmenn á staðinn. Eftir ferðina fékk hann upptökuna senda, að sögn sænska dagblaðsins Expressen, og þekkti strax hljóðið í sinni eigin skútu.

Baldri Þórhallssyni, prófessor í alþjóðastjórnmálum við Háskóla Íslands, þykir málið skondið. „Þegar kalt stríð geisar og mikil tortryggni ríkir á milli ríkja þá getur ákveðin njósnastarfsemi á báða bóga verið til mikils gagns. Oft og tíðum komast menn að einhverju sem dregur úr tortryggni en það getur að sjálfsögðu líka gerst að tortryggni skapast vegna misskilnings sem er skondinn eftir á en getur verið háalvarlegur meðan á málinu stendur," segir hann.



**ÞETTA VAR STÓRMÁL** „Það var gríðarleg tortryggni á þessum tíma og þetta var stórmál," segir Baldur Þórhallsson, prófessor við Háskóla Íslands.



**HIÐ SANNA KOMIÐ Í LJÓS** Skipstjórinn á sænsku skútunni Amalíu sigldi um skerjagarðinn með fréttamenn meðan sænski herinn leitaði að sovéskum kafbátum í skerjagarðinum. Í leitinni var tekið upp hljóð sem var talið sanna að óþekktur njósnakafbátur hefði verið í skerjagarðinum en nýlega kom í ljós fyrir tilviljun að þetta var hljóðið í Amalíu. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

„Það var gríðarleg tortryggni á þessum tíma og þetta var stórmál. Það hefur eflaust skaðað samskipti ríkjanna að einhverju leyti en Svíar voru alltaf í þokkalegu sambandi við Sovétríkin út frá hlutleysisstefnu sinni," segir hann og telur enga ástæðu fyrir Svía að biðjast afsökunar. „Ég held það megi vísa í margt sem gerðist á tímum kalda stríðsins sem er óþarfi að velta sér mikið upp úr nema það varði mannslíf eða mannréttindabrot. Að öðru leyti verða menn bara að skoða þetta með skondnu auga og velta því kannski fyrir sér hvað tortryggni getur búið til, þegar menn tortryggja nágranna sína svo mikið að þeir túlka allt sem frá þeim kemur með neikvæðum hætti. Menn ættu kannski bara að draga lærdóm af þessu."

ghs@frettabladid.is




# Skitið í kofa á smíðavelli

Farga hefur þurft þremur kofum á smíðavellinum við Hólmasel í Breiðholti þar sem óþekktur maður hafði haft hægðir í þá.

„Þetta er bara mjög ósmekklegt. Það var pappír í kofunum og greinilegt að einhver hefur skeint sér og skilið eftir sig," segir Þorbjörg Jónsdóttir, leiðbeinandi á Hólmaseli.

Þorbjörg taldi í fyrstu að um tilfallandi magakveisu væri að ræða en eftir þrjú tilvik væri ljóst að um skemmdarverk væri að ræða. Hún segir ekki annan kost hafa verið í stöðunni en að farga kofunum, meðal annars vegna hugsanlegrar smithættu.

Starri Snær Valdimarsson er einn ungu smíðameistaranna sem rífa þurfti kofa hjá. „Þetta er bara ekkert skemmtilegt. Það er mjög leiðinlegt að þurfa að vera að skemma kofann frá einhverjum öðrum," segir hann. Hann segist hafa farið „ógeðslega oft að vinna í [kofanum]" áður en spjöllin voru unnin á honum.

Þorbjörg hefur haft samband við lögregluna sem ætlar að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum nálægt smíðavellinum að kvöldi til.

- gh



**ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR ÁSAMT FÉLÖGUNUM STARRA SNÆ VALDIMARSSYNI OG HAFSTEINI SNÆ ÞORSTEINSSYNI** Starri hefur hafið smíðar við nýjan kofa eftir að rífa þurfti þann gamla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# New player in the Icelandic IT market

NetPartner is a full service IT Company from Denmark that specializes in consultancy, implementation, operation and maintenance of IT solutions that match your ambitions, goals and needs.

Now NetPartner has set up a branch here in Iceland with expertise within Infrastructure and Unified Communication solutions and with us we bring strong partnerships. In Denmark we are partners with such as Microsoft, Cisco, Avaya, Sonicwall, VMware and HP.

Our motivation is to help your business gain the competitive advantages that the right IT solution can give you. So when you work with NetPartner you can focus on being an expert in the area that really counts – your own business.

# Interested in joining our team?

We wish to give our customers superior service. Therefore we are looking for skilled consultants who are experienced in Network and Infrastructure Systems. We are also looking for talented account managers with solid business know-how.

We promise exciting challenges, training if needed, and a job in a company where job satisfaction, team work, proactive thinking, and result-oriented approach are key. NetPartner strives to create a good working environment and does not require a non-competition clause to be signed by employees.

Read more about NetPartner at www.netpartner.is

NETPARTNER

NetPartner Iceland: Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík, Phone +354 519 0300, E-mail: netpartner@netpartner.is

## Fréttaskýring: Þjórsárvirkjanir — 1. hluti

### Fyrirhugaðar virkjanir

| | |
|---|---|
| Hvammsvirkjun | 82 MW |
| Holtavirkjun | 53 MW |
| Urriðafossvirkjun | 125 MW |
| Búðarhálsvirkjun* | 90 MW |

*Í Tungnaá






**ÞJÓRSÁ** Þrjár virkjanir eru fyrirhugaðar í neðri hluta Þjórsár. Að auki er hönnun og skipulagi Búðarhálsvirkjunar í Tungnaá lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Samanburður á virkjunum í neðri hluta Þjórsár og Kárahnjúkavirkjunar

| | Samtals í neðri hluta Þjórsár | Kárahnjúkavirkjun |
|---|---|---|
| AFL | 260 MW | 690 MW |
| YFIRBORÐ LÓNA | 18,4 km² | 57 km² |
| KOSTNAÐUR | 50 milljarðar | 130 milljarðar |

### HAFIST HANDA ÁRIÐ 2002

Búðarhálsvirkjun var slegið á frest þrátt fyrir að framkvæmdir hafi verið hafnar árið 2002. Virkjunin er í huga margra tengd Norðlingaölduveitu, sem hefði aukið vatnsmagnið í lóni Búðarhálsvirkjunar nokkuð.

Virkjunin átti upphaflega að vera um 120 megavött. Án Norðlingaölduveitu er talið að afl hennar geti orðið nálægt 90 megavöttum, samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun Power.

Til viðbótar koma þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, um 260 megavött.

Virkjunin hefur þegar farið í umhverfismat og hefur Landsvirkjun aflað allra nauðsynlegra leyfa fyrir virkjunni.

Búðarhálsvirkjun telst vera í Tungnaá, sem sameinast Þjórsá í Sultartangalóni. Hún mun þó einnig nýta vatn úr Þórisvatni, sem kemur úr Köldukvísl og Kvíslarveitu.

### FYLLIR SUNDLAUG Á TVEIMUR SEKÚNDUM

- Þjórsá er lengsta fljót Íslands, alls um 230 kílómetrar frá upptökum til ósa.
- Vatnasvið Þjórsár er um 7.530 ferkílómetrar. Af íslenskum ám hefur aðeins Jökulsá á Fjöllum stærra vatnasvið.
- Meðalrennsli Þjórsár við Urriðafoss er um 360 rúmmetrar á sekúndu. Það myndi duga til að fylla 50 metra keppnissundlaug af móraudu jökulvatni á tæpum tveimur sekúndum.
- Urriðafoss er vatnsmesti foss landsins.
- Þjórsá er blanda af lindá og jökulá og á upptök sín við norðanverðan Sprengisand.
- Margar þverár falla í Þjórsá. Hin stærsta er Tungnaá, en árnar koma saman í Sultartangalóni.
- Talið er að rúmlega fjórðungur af virkjanlegri vatnsorku á Íslandi sé í Þjórsá.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.*

# Búðarháls að skjótast fram fyrir

Þótt hugmyndir hafi verið uppi um virkjanir í neðri hluta Þjórsár frá því snemma á 20. öld fer því fjarri að áformin séu óumdeild. Landsvirkjun undirbýr byggingu þriggja virkjana í ánni, að því er virðist með stuðningi allra sveitarstjórna á virkjanasvæðinu. Vegna yfirstandandi dómsmáls er þó líklegt er að Búðarhálsvirkjun í Tungnaá, norðar á Suðurlandi, rísi á undan Þjórsárvirkjunum.

Eftir á tíðum hatrammar deilur um Kárahnjúkavirkjun kemur það líklega fáum á óvart að deilt sé um áform um að reisa þrjár vatnsaflsvirkjanir í neðri hluta Þjórsár. Virkjanirnar eru þó ólíkar í eðli sínu enda smærri og með minni lónum en Kárahnjúkavirkjun.

Landsvirkjun áformar að reisa þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Áætlað afl virkjananna er samanlagt um 255 megavött, rúmur þriðjungur af afli Kárahnjúkavirkjunar.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, viðurkennir að langt sé liðið síðan vatnsaflsvirkjanir voru reistar í blómlegri sveit, enda hefur Landsvirkjun einbeitt sér að virkjunum á hálendinu undanfarna áratugi.

„Við erum í þeirri merkilegu stöðu að þegar við virkjum á hálendinu er sagt að ekki megi virkja þar því landið sé óspillt, við eigum frekar að koma okkur þangað sem þegar sé búið að raska landinu. Þegar við svo förum þangað sem búið er að raska landinu erum við spurðir hvers vegna við getum ekki farið upp á fjöll þar sem ekki sé búið að rækta upp landið,“ segir Friðrik.

Munurinn endurspeglast helst í því að virkjanirnar koma á borð fjögurra sveitastjórna á svæðinu, og semja þarf við mikinn fjölda landeigenda um bætur vegna nýtingar á vatni og lands sem spillist.

**Skipulaginu breytt**

Þrjú af fjórum sveitarfélögum; Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ásahreppur, hafa breytt aðalskipulagi þannig að gert er ráð fyrir virkjununum. Fjórða sveitarfélagið, Flóahreppur, hefur auglýst breytingu á aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir virkjun. Frestur til að skila athugasemdum rennur út í byrjun ágúst.

Alls þarf að semja við um fimmtíu landeigendur um einhvers konar bætur vegna nýtingar á landi, segir Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power.

Ríkið á um 93 prósent vatnsréttinda sem þarf að nýta vegna virkjananna. Þá eru sjö eða átta jarðir í einkaeign sem eiga vatnsréttindi, einkum vegna Urriðafossvirkjunar. Semja þarf við þá landeigendur um réttindin. Undanfarið hafa ákveðnir landeigendur komið fram og fullyrt að þeir hyggist ekki semja við Landsvirkjun.

Að auki þarf Landsvirkjun að semja við ríkið um vatnsréttindin. Samið var um að Landsvirkjun myndi yfirtaka réttindin með leigu eða kaupum þremur dögum fyrir alþingiskosningar í fyrravor. Ríkisendurskoðun komst í kjölfarið að þeirri niðurstöðu að slíkan samning hefði þurft að bera undir Alþingi, en á grundvelli samningsins munu viðræður við ríkið um vatnsréttindin fara fram.

Ríkið eignaðist obbann af sínum vatnsréttindum á árunum 1951 og 1953 þegar svokallaðir Titan-samningar voru yfirteknir. Einn landeigandi hefur þegar höfðað mál þar sem þess er meðal annars krafist að staðfest verði að samningarnir gildi ekki lengur. Staðfesti dómstólar það missir ríkið vatnsréttindin, sem færu aftur í hendur landeiganda.

Dómsmálið hefur fengið flýtimeðferð hjá héraðsdómi, en engu að síður mun það tefja uppbyggingu virkjana, meðal annars að samið verði við landeigendur og að sótt verði um virkjanaleyfi, segir Friðrik.

Vegna þessa er líklegt að Búðarhálsvirkjun í Tungnaá verði tekin framfyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár, segir Helgi. Friðrik segir að tekin verði ákvörðun um röð virkjana á næstu vikum.

**Orkan til álversins í Straumsvík**

Verði Búðarhálsvirkjun skotið fram fyrir þrenninguna í neðri hluta Þjórsár er hægt að bjóða verkið út þegar í haust, segir Helgi. Orkan yrði að líkindum seld til Rio Tinto Alcan, sem hyggst auka framleiðslu í álverinu í Straumsvík. Virkjunin mun gefa af sér 90 megavött, en Alcan vill kaupa 75 megavött. Álverið verður ekki stækkað heldur aukinn straumur settur í þau ker sem fyrir eru.

Landsvirkjun hefur hug á því að bjóða allar virkjanirnar fjórar út saman til þess að ná sem hagstæðustum tilboðum. Friðrik útilokar þó ekki að byrjað verði á útboði vegna Búðarhálsvirkjunar.

Tækjabúnaður fyrir virkjanirnar fjórar verði þó því sem næst örugglega boðinn út saman, með fyrirvörum um að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði að veruleika. Það ætti að leiða til lægra verðs og hagræðis að hafa sömu tegund af vélum í öllum virkjunum.

Landsvirkjun áformar að hefja framkvæmdir við eina virkjun á hverju ári eftir að gengið hefur verið til samninga, en hver virkjun mun taka um þrjú ár í byggingu, segir Helgi Bjarnason.

Verði Búðarhálsvirkjun skotið fram fyrir gæti útboð farið fram í haust, og virkjunin komist í gagnið síðla árs 2011.

Af virkjununum í neðri hluta Þjórsár verður byrjað á efstu virkjuninni, Hvammsvirkjun, en endað á neðstu virkjuninni, Urriðafossvirkjun. Gangi áform eftir ætti Urriðafossvirkjun að komast í gagnið árið 2014.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**FYRSTA GREIN AF FJÓRUM**
**Á morgun:**
Erfið samningastaða

mongoose®




GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16



Götuhjólin frá Mongoose.


Tré og runnar
20-50%
afsláttur
GARÐPLÖNTUÚTSALA
Í BLÓMAVALI
ÖLL SUMAR BLÓM
20-50%
afsláttur
Allgrow
1 ltr.
990
Nýtt
ALLGROW
100% Lífrænn áburður fyrir innblómin, garðinn og matjurtirnar.
Sumarblóm
30% afsláttur
Soldis
Silkitré & silkiblóm



Kælibox
24 ltr.
3899342
1.290
1.590
11.990
15.490
Rafmagns-
kælibox á hjólum,
Mobicool, W35, AC/DC,
12/230V, 35 ltr
3899293
Tekur
2 ltr flöskur
Santa Barbara
tjald
3 manna
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi: 130 x 210 x 210 sm
5869205
3.990
4.390
Arizona
tjald
4 manna
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi: 130 x 210 x 240 sm
PU 1500 mm
5869200
4.990
Svefnpoki
Oulu, 1,4 kg, -8°C
3000045
2.990
3.679
Svefnpoki
Quebec, 1,3 kg, -4°C
3000048
2.690
3.599
ALLT Í ÚTILEGUNA
Í HÚSASMIÐJUNNI
Vindsængur
í miklu úrvali
VERÐ FRÁ
1.490
Ferðaklósett
BI-POT 1520, 20 ltr
3899400
9.990
Tvígengisorf
í miklu úrvali
Verð frá
12.999
Orf, Texas
Tvígengismótor, 32CC , 40 sm
sláttubreidd, 2 línur, beint skaft.
5085599
17.995
21.299
Rafmagnsorf,
Gardena
420W, sláttubreidd
25sm.
5087514
6.995
7.995
Rafmagnsorf
í miklu úrvali
Verð frá
2.999
KAUPAUKI
með hjólbörum
80-100 ltr.
Bali 36 ltr.
5085676
1.299
Hjólbörur, Ravendo
80 ltr.
5080038
3.995
Útilegusett
2 bekkir og borð
3899360
8.990
10.590
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## Útgjöldin

> Verðþróun afnotagjalda Ríkisútvarpsins frá árinu 2000




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR, FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS

## *Taska sem líkist hvítum kjölturakka*



„Verstu kaup sem ég hef gert gerði ég þegar ég var á Mallorca. Þar keypti ég mér hvíta og loðna tösku, hún var eiginlega eins og hvítur kjölturakki. Ég nefndi hana Dolly í höfuðið á Dolly Parton en hún líktist bæði söngkonunni og klónuðu kindinni. Taskan var hræðilega ljót og datt fljótt úr tísku svo ég þurfti að henda henni snarlega.“

Björg segist ekki gera mikið af slæmum kaupum. „Ég haga mér eins og hagsýn húsmóðir og reyni að sýna stillingu í búðum. Það er einna helst þegar ég er í útlöndum að skynsemin láti sig hverfa.“

„Ég kem sterk inn í góðum kaupum og hef gaman af því að kaupa mér nytsamlega hluti. Þar ber hæst gullsteypt ugla sem er næstum því í fullri stærð. Hún er ekki aðeins fallegt listaverk sem sómir sér vel í hillu heldur er hún er líka sparibaukur.“ Björg notar sparibaukinn þegar hún vill fjárfesta í einhverju sniðugu og kallar ugluna einkabankann sinn.

Nýlega keypti hún sér skikkju sem hún kveðst afar hrifin af. „Hún er eins konar skikkjukyrtill, ef ég þyrfti að vera alltaf í einni flík þá yrði hún fyrir valinu.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SKERA KALDAN LAUK

■ *Líf Magneudóttir vefritstjóri lumar á mörgum góðum húsráðum.*



„Eitt sinn sagði kokkur mér að til að forðast lauk-tár þá þyrfti hnífurinn að vera flugbeittur og laukurinn kaldur. Það er því gott að skera lauk sem hefur verið inni í ísskáp eða kæla hann með vatni.“ Líf segist einnig luma á ráði fyrir krana sem drjúpa. Það er sniðugt að binda snærisspotta við túðuna. Þannig fara droparnir hljóðlaust í vaskinn. Þetta ráð á kannski síður við nútíma Íslendinginn sem myndi heldur splæsa á sig nýrri pakkningu. En einfalt og sniðugt samt.“

■ Neytendur

## Breyttar Evrópureglur um netverslun



Yfimaður neytendamála hjá Evrópusambandinu, Meglena Kuneva, boðar breyttar reglur í verslun á veraldarvefnum.

Kuneva segir frumskóg flókinna laga koma í veg fyrir að Evrópubúar noti vefverslanir frá öðrum löndum en þeirra eigin og að nýju reglurnar eigi að hindra svik í viðskiptum á vefnum.

Um þriðjungur Evrópubúa notar vefinn nú þegar en enn er lítið um að fólk versli vörur frá öðrum löndum sem Kuneva segir bæði hagstæðara og eigi að bjóða betra úrval.

Helmingur þeirra kvartana sem Evrópusambandinu berast ár hvert snúast um vandræði í móttöku keyptrar vöru en í flestum tilfellum skila þær sér ekki.

■ Verslun

## Útsala verður að sýna fram á verðlækkun




Óheimilt er að auglýsa eða tilkynna um útsölu eða verðlækkun nema um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þetta kemur fram í lögum um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins. Einnig er verslunum skylt að sýna greinilega hvert upprunalegt verð vörunnar var. Allar vörur eiga að vera vel merktar á áberandi stað svo að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það.

# Skoða þarf samkeppni á olíumarkaði alvarlega

**Hækkun á eldsneytisverði skilar auknum tekjum í ríkiskassann. Þrátt fyrir lækkanir olíufélaganna á bensíni á síðustu dögum eru þær ekki í samhengi við lækkandi verð á eldsneyti né gengisþróun.**

Þar sem ríkið hefur tekjur af ákveðnu hlutfalli bensínverðs aukast þær með hækkandi bensínverði. Á síðasta ári voru tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð um það bil 53 milljarðar króna.

Á töflunni hér til hliðar má sjá hvernig bensínlítrinn skiptist á sjálfsafgreiðsluverði, þriðjudaginn 8. júlí. Þá var lítraverðið 174,90 krónur. Til ríkisins renna virðisaukaskattur, bensíngjöld, flutningsjöfnunarkostnaður og vörugjald sem gera 44 prósent.

Þrátt fyrir tilmæli Félags íslenskra bifreiðaeigenda hafa gjöld sem lögð eru á bensín ekki lækkað. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir það vekja athygli að þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð lækki og krónan styrkist þá virðist olíufélögin aðeins bæta við verðið. „Sem dæmi má nefna að síðasta þriðjudag lækkaði bensínverð um tæplega tvær krónur og hafði undanfarna daga farið lækkandi. Í júní var heimsmarkaðsverðið á svipuðu róli og nú en þá var bensínlítrinn á 170,40 krónur í sjálfsafgreiðslu á þjónustustöð. Aftur á móti var lítraverð þriðjudagsins 174,90 krónur.“

Runólfi þykir það athyglisvert hve vel verð fylgist að hjá olíufélögunum. „Viðskiptahegðun þeirra er mjög einsleit og mér finnst að það þurfi að taka samkeppni á þessum markaði alvarlega til athugunar.“

helgath@frettabladid.is

### SKIPTING BENSÍNLÍTRA

95 oktan 8. júlí 2008




HEIMILD: FÉLAG ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA




MATUR OG NÆRING JÓNÍNA Þ. STEFÁNSDÓTTIR

## Aukefni í matvælum



Aukefni í matvælum eru fjölbreytt að gerð og uppruna. Þau eru ýmist framleidd með efnafræðilegum aðferðum eða unnin úr jurtum eða dýraafurðum. Aukefni eru notuð í margvíslegum tilgangi við framleiðslu og geymslu matvæla og eru flokkuð eftir tilgangi notkunar í rotvarnarefni, litarefni, þykkingarefni og fleiri flokka. Rotvarnarefni eiga þátt í að gera matvæli öruggari til neyslu, litarefnin gefa matvælum lit og þykkingarefni gefa sósum og sultum sína réttu áferð.

Aukefni eiga alltaf að vera merkt á umbúðum matvæla þannig að heiti flokksins komi fram og síðan á annaðhvort E-númer eða heiti aukefnis að fylgja. Dæmi: litarefni (karmín), eða litarefni (E-120).

Um notkun aukefna í matvæli á Íslandi gilda ákveðnar reglur, þær sömu og hjá Evrópusambandinu. Reglurnar segja til um í hvaða matvæli má nota hvaða aukefni og í hve miklu magni. Öll aukefni þurfa að gangast undir áhættumat og fá viðurkenningu Evrópusambandsins til að mega notast í matvæli. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að efni séu örugg fá þau E-númer. Áhættumatið er gert hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Sum efni eru leyfð án takmarkana í flest matvæli meðan önnur eru háð ströngum skilyrðum sem takmarka notkun þeirra. Hámarksnotkun aukefna miðast við svokallað daglegt neyslugildi (e. ADI) það er ákveðið magn efnisins á hvert kg líkamsþunga. Þetta er það magn sem einstaklingur getur innbyrt daglega alla ævi án þess að hætta stafi af. Ofnæmi er undanskilið í því mati. Til þess að kanna hvort neysla efnanna er innan marka þarf að gera neyslukannanir til þess að finna út hve mikil neysla er á matvælum sem innihalda aukefnin. Þannig var neysla sætuefnanna aspartams, sýklamats og asesúlfam-k könnuð hér á landi árið 2002 og þá kom í ljós að meðalneysla þeirra er langt innan daglegra neyslugilda.

Ákveðnar reglur gilda um hvaða aukefni má selja í verslunum til heimilisnota. Litarefnin í matarlit og lyftiefnin lyftiduft og matarsódi eru vel þekkt. Við hlaup- og sultugerð er oft notað pektín eða agar. Allt eru þetta aukefni. Stundum er þó lítill munur á matvælum og því sem flokkað er sem aukefni og er það af sögulegum ástæðum. Þannig telst matarlím (gelatín) ekki vera aukefni, en agar sem virkar eins í matvælum er aukefni. Einnig er athyglisvert að salt er í raun notað sem aukefni, en flokkast ekki þannig. mni.is



**SÆTUEFNI** Meðalneysla er innan daglegra neyslugilda.

# ÚTILEGUDAGAR

## Verið velkomin á útilegudaga Sportbúðarinnar
## Frábært úrval – frábært verð

**Margar gerðir af alvöru tjöldum á stórmarkaðsverði.**
**Síðastliðið sumar seldust öll tjöld upp á fáeinum dögum.**




Eitt mesta úrval landsins af tjöldum í öllum stærðum og gerðum.
Frá einföldum tveggja manna tjöldum upp í stór, 8 manna fjölskyldutjöld
Á útilegudögum Sportbúðarinnar gefum við 20% afslátt af öllum svefnpokum, bakpokum, útileguhúsgögnum, eldunaráhöldum og öðrum útilegubúnaði.
Útilegurdagarnir eru einnig í sportbúð allra landsmanna á netinu - sportbudin.is
Við sendum samdægurs um allt land

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

SPORTBÚÐIN



**Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is**




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.281 **+0,99X%**

**Fjöldi viðskipta:** 207
**Velta:** 1.363 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENT. ALUM.** | +8,43% |
| **ATORKA** | +3,14% |
| **EXISTA** | +1,89% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **TEYMI** | -0,51% |
| **GLITNIR** | -0,33% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** ALFESCA 7,03 +0,14% ... Atorka 6,25 +3,14% ... Bakkavör 26,00 +0,58% ... Eimskipafélagið 14,40 +0,70% ... Exista 7,01 +1,89% ... Glitnir 15,30 -0,33% ... Icelandair Group 16,65 0,00% ... Kaupþing 742,00 +1,64% ... Landsbankinn 23,15 +0,87% ... Marel 89,60 +1,36% ... SPRON 3,20 0,00% ... Straumur-Burðarás 9,88 +1,02% ... Teymi 1,96 -0,51 ... Össur 88,80 +0,57%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

## TM flytur í Síðumúla

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) hefur ákveðið að flytja höfuðstöðvar sínar í gamla Moggahúsinu í Aðalstræti að Síðumúla 24 í Reykjavík. Sigurður Viðarsson, forstjóri, segir í tilkynningu að í flutningnum felist mikið tækifæri til að veita viðskiptavinum TM betri þjónustu. Aðgengið hafi verið ófullnægjandi vegna skorts á bílastæðum. Í Síðumúlanum sé aðgengi hins vegar gott. Stefnt er að því að starfsemi hefjist í Síðumúla um næstu áramót.



Landic Property, sem er í eigu Stoða (áður FL Group) keypti fyrir skömmu höfuðstöðvar TM. Í nýju höfuðstöðvunum í Síðumúlanum eru Stoðir til húsa, sem á 99 prósenta hlut í TM. **- jab**

## Verkalýðsfélög gagnrýna ECB

Samtök evrópskra verkalýðsfélaga gagnrýna Seðlabanka Evrópu (ECB) harðlega fyrir stýrivaxtahækkun. Vextirnir voru nýlega hækkaðir í 4,25 prósent. Bankinn berst við verðbólgu. Samtökin segja hins vegar að við núverandi aðstæður auki háir vextir líkur á að illa fari. Svartsýni geti aukist og hún aftur leitt til aukins atvinnuleysis. Samtökin telja að viðfangsefnið sé ekki að þurrka upp peninga með háum vöxtum. Frekar ætti að beina þeim úr spákaupmennsku í arðbær verkefni. Það þurfi nauðsynlegar endurbætur á umgjörð um alþjóðlega fjárfestingastarfsemi. **- ikh**

# Tök Björgólfsfeðga á Árvakri styrkjast

„Að Ólafi Jóhanni gengnum er ljóst að Björgólfsfeðgar hafa styrkt sig enn frekar í Árvakri," segir Þorbjörn Broddason, prófessor í félagsfræði.

Fram kom í Markaðnum í gær að Ólafur Jóhann seldi Björgólfi Guðmundssyni félagið Forsíðu og þar með 16,7 prósenta hlut sinn í Árvakri, seint á síðasta ári.



**STÆRSTI EIGANDI ÁRVAKURS** Björgólfur Guðmundsson á ríflega þriðjung í Árvakri og saman ráða Björgólfsfeðgar yfir helmingi í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björgólfur Guðmundsson á 16,8 prósent í Árvakri í gegnum félagið Ólafsfell og á nú Forsíðu. Að auki á Straumur 16,7 prósent til viðbótar í gegnum félagið MGM. Þar ræður Björgólfur Thor Björgólfsson mestu. Þeir feðgar ráða því 50,2 prósentum í Árvakri.

Árvakur gefur út Morgunblaðið, 24 stundir og mbl.is.

Þorbjörn segir að sterkari tök Björgólfsfeðga á Árvakri séu í takti við þá þróun sem orðið hafi í eignarhaldi á fjölmiðlum. Viðskiptablokkir ráði miðlunum. Baugsfjölskyldan sé ráðandi í 365 samsteypunni og Bakkavararbræður eigi Viðskiptablaðið.

Hver þessara blokka um sig er einnig ráðandi í bankaheiminum. Björgólfsfeðgar ráða Landsbankanum, Baugsfjölskyldan Glitni og Bakkavararbræður Kaupþingi og Spron. **- ikh**

# Gaf fjölskyldunni hálfan milljarð

„Ég á stóra og fína fjölskyldu sem mér þykir vænt um. Mig langaði til að gefa henni hlut í fyrirtækinu," segir Jón S. von Tetzchner, forstjóri og annar stofnenda norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera Software.

Jón gaf fyrir nokkru nánustu stórfjölskyldu sinni hér heima og í Noregi öll hlutabréf sín í eignarhaldsfélaginu Digital Venture. Félagið á 1,26 milljónir hluta í Opera Software, sem býr til og þróar vafra fyrir tölvur og ýmis tæki sem hægt er að tengja netinu. Það var skráð á markað í kauphöllinni í Ósló í Noregi fyrir fjórum árum.

Jón segir ákvörðunina hafa verið tekna fyrir ári en langan tíma hafi tekið að ganga frá málinu. Hann gat ekki sagt til um hvort ættingjarnir þurfi að greiða skatt af gjöfinni. Hann vildi hvorki segja hvenær ættingjarnir fengu gjöfina né hversu margir þeir séu. „En fólkið mitt var ánægt með þetta."



**GERÐI ÆTTINGJANA GLAÐA** Jón S. von Tetzchner vildi þakka fyrir sig og gaf skyldmennum hlutabréf í Opera Software fyrir tæpan hálfan milljarð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gengi hlutabréfa í Opera Software hefur hækkað um 124 prósent síðustu tólf mánuði og stóð í gær í 24,7 norskum krónum á hlut. Miðað við það nemur verðmæti gjafarinnar um 460 milljónum íslenskra króna.

Jón er sjálfur næststærsti hluthafinn og er hlutur hans metinn á 6,5 milljarða króna. **- jab**

# Rose enn formaður

Stuart Rose, forstjóri bresku verslanakeðjunnar Marks & Spencer, hlaut stuðning fyrir endurkjöri stjórnarformanns verslunarinnar á hluthafafundi í gær.



**SIR STUART ROSE** Forstjóri Marks & Spencer var í gær endurkjörinn stjórnarformaður verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ágreiningur var um það hvort Sir Rose væri stætt á að sitja í tveimur stólum í einu enda veiti það honum fullmikil völd.

Neikvætt viðhorf gagnvart Rose endurspeglaðist í niðurstöðu kosninganna en 22 prósent hluthafa voru mófallin því að hann vermdi báðar stöður. Sex prósent kaus gegn honum en sextán prósent hluthafa sátu hjá. Breska ríkisútvarpið bendir á að alla jafna sé aðeins tvö prósent hluthafa sem kjósi gegn sitjandi stjórnendum í Bretlandi. **- jab**

# Dráttarvextir í sumum tilvikum ódýrari en lán

**Forstjóri Intrum segir vanskil fara vaxandi. Fleiri mál endi í lögfræðiinnheimtu en áður. Dráttarvextir hækkuðu um mánaðamótin og hafa ekki verið hærri frá árinu 1991. Forstjórinn segir dæmi um að hjá sumum geti dráttarvextir verið skásta fjármögnun sem völ er á. Starfsmönnum Intrum fjölgar um þessar mundir.**



**FJÖLSKYLDAN Á STRÖNDINNI EN REIKNINGARNIR HEIMA** Dæmi eru um að fólk fari í frí en „gleymi" að borga reikninga sem síðan fara í vanskil. Forstjóri Intrum segir að kröfum í innheimtu fari fjölgandi. Dráttarvextir hækkuðu um mánaðamót og hafa ekki verið hærri í sautján ár. NORDICPHOTOS/GETTY

„Í sumum tilvikum þá kynnu skuldarar að forgangsraða með hliðsjón af vaxtakostnaði. Dráttarvextir gætu í einhverjum tilvikum verið ódýrasta fjármögnun sem menn eiga völ á, ekki síst við núverandi aðstæður. Menn sleppa til að mynda við lántökugjald, en í slíkri fjármögnun er fólgin ákveðin. Háir dráttarvextir eru örugglega ekki til bóta fyrir þá sem verst hafa það," segir Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum á Íslandi.

Dráttarvextir hækkuðu um mánaðamótin, í 26,5 prósent. Greiningardeild Kaupþings segir að eftir breytingar á útlánsvöxtum banka og sparisjóða á fyrri hluta ársins í kjölfar stýrivaxtahækkana, hafi yfirdráttarvextir og raðgreiðslusamningar á kreditkortum í sumum tilvikum farið upp fyrir dráttarvexti.

Greiningardeildin bendir jafnframt á að dráttarvextir hafi ekki verið svona háir síðan í nóvember 1991, þegar þeir voru 27 prósent. Þá hafi þeir verið 20 prósent eða hærri í þrjú og hálft ár.

Dráttarvextir af einni milljón króna nema ríflega 22 þúsundum á mánuði. Á einu ári yrðu dráttarvextir af sömu milljón ríflega 260 þúsund krónur.

Sigurður Arnar telur eðlilegt að dráttarvextir séu lagðir á. Í þeim felist hvati fyrir fólk að greiða skuldir sínar í tíma. „Auk þess eru þetta skaðabætur til kröfueigendanna, sem stóðu við sitt í upphafi, en fá svo ekki endurgjaldið á umsömdum tíma."

Nýjustu tölur Fjármálaeftirlitsins sýna að vanskil við innlánastofnanir fóru vaxandi á fyrsta ársfjórðungi, þótt þau séu ekki mjög mikil, 0,8 prósent hjá einstaklingum og 0,5 prósent hjá lögaðilum.

Sigurður Arnar segir að kröfum í innheimtu hafi fjölgað mikið undanfarið. Bætt hafi verið við starfsfólki hjá Intrum, meðal annars vegna aukins álags. Nú gangi verr en áður að innheimta kröfur á öllum stigum. „Svo fara fleiri mál en áður í lögfræðiinnheimtu."

Sigurður Arnar segir rannsóknir sýna að skuldurum megi skipta í nokkra hópa. Flestir séu þeir sem meðvitað láti kröfur fara í vanskil, ríflega þriðjungur skuldara. „Séu dráttarvextir of lágir, þá reyni sá hópur hagnast á því.". Annar stór hópur trassi að greiða eða gleymi kröfum. „Fólk fer kannski í sumarfrí en gleymir að borga reikning," segir Sigurður. Þriðji hópurinn séu þeir sem ekki hafi greiðslugetu til að standa undir kröfum og þeir sem ekki virðast vilja greiða skuldir sínar.

Seðlabankinn ákveður dráttarvexti samkvæmt lögum frá Alþingi. Þeir eru ákveðnir tvisvar á ári og nema stýrivöxtum að viðbættu ellefu prósentustiga álagi.

ingimar@markadurinn.is

# Færri í fötum Levi's

Bandaríska fyrirtækið Levi Strauss, sem framleiðir samnefnd föt úr gallafataefni, hagnaðist um lítla eina milljón Bandaríkjadala á öðrum fjórðungi ársins. Þetta jafngildir tæpum 76 milljónum íslenskra króna. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 46 milljónum dala og niðurstaðan því 98 prósenta samdráttur á milli ára.



Tekjur námu 936 milljónum dala sem er átta prósenta samdráttur á milli ára. Talsverður munur er á milli markaðssvæða. Þá setti kostnaðarsöm innleiðing á nýju sölukerfi í Bandaríkjunum strik í reikninginn.

„Markaðsaðstæður eru erfiðar," hefur BusinessWeek eftir John Anderson, forstjóra fataframleiðandans. **- jab**

GALLERÝ KJÖT

OSTA BÚÐIN

Fiskisaga

ÞRJÁR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ HALDA GÓÐA VEISLU










**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar sem hér segir:
**Virka daga** 10:00 – 18:30 **(á Dalvegi frá 11:30 – 18:30)**
**Laugardaga** 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Höfðabakka, Tjarnarvöllum, Sundlaugarvegi og Fitjum.
**(á Dalvegi laugardögum frá 12:00 – 17:00)**

(Ath. tilboðin gilda fimmtud. til laugard. eða á meðan birgðir endast.)

RADAR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ráðaleysi í gróandanum:

## Orkan og skorturinn

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Óræðar niðurstöður og yfirborðsfjas ráðamanna helstu iðnríkja heims sem funduðu undan ströndum Japans fyrr í vikunni eru upplífgandi. Í nýhafinni fjármagnskreppu sem teygir sig til allra markaða eru höfðingjarnir tvístígandi. Fundurinn skilaði ekki neinu. Hluti fjármagnskreppunnar er vaxandi eftirspurn á eldsneyti. Hin áttavilltu stórveldi héldu öðrum stórum og vaxandi iðnríkjum utan við garð: Indlandi, Kína, Mexíkó og fleiri vaxandi efnahagsveldum. Fulltrúar hinna gömlu heimsvelda telja sig enn hafa kontról á hvernig heimurinn veltist. Þegar að því kemur að ganga verður frá nýjum loftslagssamningi í Kaupmannahöfn í árslok 2009 verðum við líkast til ögn nær því að vita hvort kreppan er viðvarandi ástand.

Kemur okkur þetta við? Víst getum við sjálf lagt af bensín- og olíusóun í of stórum bílaflota okkar. Neyðumst víst til þess. Ný vinnslusvæði sem áður voru vandunnin verða brátt komin nær nýtingu. Þótt slái á velferð hinna stóru millistétta Indlands og Kína sem trúa á einkabílismann rétt eins og við verður eldsneyti áfram dýrt. Hátt verð hefur valdið því að stórum hluta fiskveiðiflota Suður-Evrópu og Japans hefur verið lagt. Ferðamannaiðnaður heima og heiman verður í þrengingum á næstu árum; þótt vanabundin ferðalög almennings í leyfum verði seint aflögð mun draga verulega úr þeim. Enda er það krafa þróunarríkja þriðja heimsins sem rísa nú hratt úr örbirgð nýlendutíma að hinir ríku herði fyrst ólina. Sú krafa er ekki studd sögulegum rökum heldur praktík: það er auðveldara fyrir þá sem hafa allt að spara en hina sem hafa miklu miklu minna.

Það fár sem sprottið er upp í efnahagslífi heimsins snertir okkur því beint. En víða neita menn að horfast í augu við raunveruleikann: í dag hefjast viðræður á þingi Evrópusambandsins um aðgerðir til viðhalds fiskveiðiflota bandalagsins. Þar þora menn ekki að taka á rányrkju á öllum þekktum miðum bandalagsþjóðanna frá stríðslokum. Áfram skal haldið niðurgreiðslum á feigum atvinnurekstri sem hefur mergsogið miðin og vill halda áfram glórulausri eyðileggingu allra ætra stofna og óætra. Skammtímahagnaður er settur ofar langtímahagsmunum.

Við þekkjum þær raddir. Vaxandi olíuverð mun setja svip á öll rök útgerðarinnar næstu misseri. Orkuverð mun torvelda sjósókn. Raddir útgerða hér og innan Evrópusambandsins eru samhljóma: veitt skal áfram meðan branda fæst úr sjó, botninn skrapaður þar til hann verður orðinn jafnslétta sem leyfir hvergi got. Athyglisverðast í þessum tillögum er kunnuglegt bragð til verndar uppeldisslóð sem ýmsar þjóðir, eins og Taílendingar, hafa gripið til: að sökkva úreltum skipum skipulega til að mynda banka svo styrkja megi gotsvæði.

Eru okkar stjórnvöld eitthvað megnugri að takast á við þennan stóra vanda sem ofneysla hefur komið okkur í? Yfirborðsfjas eða þögn og óljós leiðsögn einkennir nú íslensk stjórnmál. Og efst virðist sú tilhneiging að bjóða skammtímalausnir. Okkar jakkaklæddu menn og dragtdregnu hirðdömur eru rétt eins og G8-liðið, ráðalaus og fljóta áfram í átt að ósi síns pólitíska lífs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

BYLGJAN BER AF




Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jón mótmælandi

Jón Magnússon segist óhress út í umsjónarmann vefs Frjálslynda flokksins fyrir að birta þar í óleyfi túlkanir Jóns á fundi allsherjarnefndar um mál Keníumannsins Pauls Ramses. Þar kom fram að Jón teldi málsmeðferð Ramses hafa verið í samræmi við venjur og lög og að ekkert lægi fyrir um pólitísk afskipti hans í Keníu. Þá var Jón sagður halda fram að vafi léki á um hvort Ramses ætti ættingja hér á landi. Jón lét sig hins vegar ekki muna um að mæta í mótmæli fyrir framan dómsmálaráðuneytið á þriðjudagsmorgun – þó ekki til að mótmæla heldur til að „kynna sér málið frá öllum hliðum“.



### Sigurjón tilfinningasami

Flokksbróðir Jóns, Sigurjón Þórðarson, vill meina að mál Pauls Ramses hafi verið rekið á tilfinningasömum nótum og á bloggsíðu sinni varar hann við fréttaflutningi af málinu; fjölmiðlar hafi jú „borið á höndum sér“ menn á borð við Kio Briggs, sem ákærður var fyrir fíkniefnainnflutning á sínum tíma, og Premyslaw Plank, sem var framseldur til Póllands vegna gruns um að hafa myrt mann með sveðju. Það er skrýtin afstaða að finna að tilfinningasömum málflutningi en í sömu andrá draga pólitískan hælisleitanda í dilk með sakfelldum og grunuðum glæpamönnum.

### Stuðningur í tvísýnu

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sagði á mótmælafundi í gær að hún myndi hætta að styðja ríkisstjórnina ef ákvörðun um brottvikningu Pauls Ramses yrði ekki snúið við. Vonast hún til að fleiri myndu fylgja fordæmi hennar. Engin ástæða er til að efast um að Björk sé ekki full alvara. Hún hefur snúið baki við stjórnmálahreyfingum af minni ástæðum, til dæmis gekk hún úr Vinstri grænum og í Samfylkinguna eftir að hún hlaut ekki brautargengi í prófkjöri VG.



bergsteinn@frettabladid.is

# Hverjum var boðið?



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Framleiðni á Íslandi

Bandaríska rannsóknastofnunin The Conference Board hefur um 90 ára skeið séð fyrirtækjum um allan heim fyrir hagnýtum upplýsingum um rekstur og afkomu fyrirtækja og þjóða. Stofnunin hefur nokkur undangengin ár fengið hagfræðinga í Háskólanum í Groningen í Hollandi til að taka saman tölur um vinnustundir í ólíkum löndum til að geta birt alþjóðlega sambærilegar tölur um þróun landsframleiðslu á vinnustund, öðru nafni vinnuframleiðni, sem er skásti tiltæki mælikvarðinn á efnahagsárangur þjóða, afköst og lífskjör.

Það er vandalaust að meta framleiðslu á mann: það er gert með því að taka framleiðsluna úr þjóðhagsreikningum og deila í hana með fólksfjöldanum, sem er auðfundinn á Hagstofunni. Erfiðara er að reikna landsframleiðslu á hverja vinnustund, þar eð vinnustundir eru taldar með ýmsum hætti í ólíkum löndum (sumir telja til dæmis matartímana með, aðrir ekki). Framlag hagfræðinganna í Groningen er að birta samræmdar vinnutímatölur fyrir mörg lönd til að slegið máli á landsframleiðslu á vinnustund. Nýlega birtu þeir tölur um 2007.

**Hvar stöndum við?**

Kaupmáttur landsframleiðslu á hverja vinnustund á Íslandi 2007 var 36 Bandaríkjadollarar samkvæmt nýju skýrslunni frá Groningen á móti 44, 45 og 46 dollurum í Finnlandi, Danmörku og Svíþjóð og 70 dollurum í Noregi. Þetta er uppskeran eftir atgang, raup og rosta síðustu ára. Bilið milli okkar og hinna virðist munu breikka á þessu ári og næsta eins og nú horfir í efnahagslífinu.

Þessi niðurstaða þarf ekki að koma neinum á óvart. Íslendingar þurfa enn sem fyrr að burðast með afleiðingar ýmislegrar óhagkvæmni, sem stjórnvöldum hefur reynzt um megn eða þau hafa vanrækt að uppræta: svimandi hátt matarverð, himinháa vexti og þannig áfram. Hátt verð og hár vextir rýra kaupmátt heimilanna og knýja launafólk til að vinna myrkranna á milli til að ná endum saman, og háir vextir íþyngja einnig atvinnulífinu.

Þessi slagsíða er þung röksemd fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið án frekari tafar. Í þeim félagsskap yrði Ísland að taka sér tak eins og ég lýsti í bók minni Síðustu forvöð 1995.

**Of lítil framleiðni**

Hvers vegna er vinnuframleiðni mun minni á Íslandi en annars staðar um Norðurlönd? Hvers vegna er hún enn alls staðar annars staðar í Vestur-Evrópu nema í Portúgal? – svo sem sjá má á krítartöflunni á vefsetrinu mínu www.hi.is/~gylfason. Til þessa virðast liggja þrjár höfuðástæður.

Í fyrsta lagi er fjárfesting hér of lítil og nýtist of illa. Vinnandi fólk hefur því ekki nægan tækjabúnað í höndunum til að flýta sem mest fyrir sér við vinnu sína. Þetta stafar öðrum þræði af því, að húsbyggingar hafa tekið til sín stóran hluta fjárfestingar og dregið úr hlut atvinnuveganna í heildarfjárfestingu. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði og mannvirkjum hefur tvöfaldazt miðað við landsframleiðslu frá 1995. Hlutdeild fjárfestingar í vélum og tækjum í heildarfjárfestingu hefur minnkað úr tæpum helmingi 1990 niður í þriðjung 2007 og dregið úr vinnuframleiðni. Við þessa slagsíðu bætast gamalgróin vandamál í sjávarútvegi. Fiskiskipaflotinn hefur ekki minnkað að neinu marki, þótt aflinn minnki ár frá ári – trúlega m.a. vegna ofveiði, brottkasts og löndunar fram hjá vigt líkt og annars staðar í álfunni, ef marka má frásagnir sjómanna, og vegna djúpstæðs ágreinings um skiptingu sjávarrentunnar og tengdra mannréttindabrota að dómi Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Aflasamdráttur að óbreyttu fjármagni og vinnuafli þýðir minni framleiðni í sjávarútvegi.

Í annan stað hafa stjórnvöld ekki gefið nægan gaum að mikilvægi menntunar í atvinnulífinu þrátt fyrir auknar fjárveitingar til menntamála síðustu ár. Gamlar vanrækslusyndir draga dilk á eftir sér. Hlutfall vinnandi fólks með framhaldsskólapróf er fjórðungi lægra hér en í Danmörku. Árslaun kennara voru tæpum þriðjungi lægri hér en í Danmörku 2005, segir OECD. Við þetta bætast aðrar búsifjar, svo sem þörfin fyrir mikla vinnu til að ná endum saman í rekstri heimilanna. Of mikið vinnuálag virðist líklegt til að draga úr afköstum og rýra almenn lífsgæði.

Í þriðja lagi voru ýmsar efnahagsumbætur á liðnum árum ekki vel útfærðar. Bankarnir uxu efnahagslífinu yfir höfuð á örskotshraða og búa eins og sakir standa við skert lánstraust erlendis, enda hafa stjórnvöld lítið aðhafzt til að tryggja þeim eðlilegt starfsumhverfi. Íslendingar þurfa enn sem fyrr að gera sér að góðu mun lakari lífskjör en Danir. Veizlunni er lokið. Var þér boðið?

# Loforð um eflingu RÚV svikin

**UMRÆÐAN**

Höskuldur Þórhallsson skrifar um Ríkisútvarpið



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Ákvörðun útvarpsstjóra um að fækka stöðugildum hjá RÚV ohf. í kjölfar rekstrarvanda fyrirtækisins er mikið reiðarslag. Hún mun því miður ekki aðeins lama hið lýðræðis- og menningarlega hlutverk sem Ríkisútvarpið gegnir fyrir alla landsmenn heldur einnig stórskaða hina mikilvægu almannavarnaþjónustu sem útvarpinu er ætlað að sinna. Niðurskurðurinn bitnar því miður ekki aðeins á hlutverki útvarpsins fyrir landsmenn alla heldur kemur hann verst niður á fréttastofum á landsbyggðinni þar sem hlutfallslega fleirum var sagt upp.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki hefði verið hægt að fara í aðrar aðgerðir en að segja upp starfsmönnum fyrirtækisins. Það er einnig með öllu óskiljanlegt af hverju helmingur þeirra átta starfsmanna sem sagt var upp hafi verið staðsettir á Vestfjörðum, Egilsstöðum og á Akureyri.

Fyrir nokkrum árum var yfirmaður Rásar 2 færður til Akureyrar. Það var gríðarleg lyftistöng, ekki bara fyrir allt Norðurland heldur einnig styrktist menningartengd dagskrárgerð rásarinnar til mikilla muna. Fyrir um ári síðan voru svo gerðar breytingar í þá veru að yfirmaðurinn var færður aftur til Reykjavíkur og svæðisútvörpin voru lögð niður. Niðurskurðurinn er því ekki bara reiðarslag fyrir þessi svæði heldur einnig röð markvissra aðgerða sem hafa orðið til þess að lama fréttaflutning og dagskrárgerð frá landshlutunum. Smæð fréttastofanna ein og sér mun gera það að verkum að mun erfiðara verður að halda uppi jafn öflugri starfsemi og verið hefur.

Framsóknarflokkurinn stóð vörð um Ríkisútvarpið á því tólf ára tímabili sem flokkurinn sat í stjórn með Sjálfstæðismönnum og gerir enn. Undir lok þess tíma myndaðist þjóðarsátt um að RÚV yrði gert að opinberu hlutafélagi gegn því loforði að það yrði um leið eflt og sinnti hlutverki sínu enn betur en það hafði áður gert. Sjálfstæðismenn hafa nú með öllu svikið þau loforð. Það hryggilega í þessu öllu saman er hins vegar að þrátt fyrir yfirlýsingar um allt annað skuli Samfylkingin taka þátt í að veikja og gera út af við þessa mikilvægu menningarlegu kjölfestu sem Ríkisútvarpið hefur verið fyrir alla landsmenn.

*Höfundur er alþingismaður.*







# allt






2000 kr
dagur



Kvartbuxur
Pils
Síðir toppar
Kjólar
Gallabuxur
Jakkar

30-70%
afsláttur af öðrum vörum

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



# Hátíska í París

***Hátískuhúsin sýndu mjög ólíka hönnun á nýafstaðinni tískuviku í París.***

Tískuvika hátískunnar var haldin í París á dögunum. Þar tefldu hönnuðir fram mjög ólíkri hönnun; Christian Lacroix sýndi litríkan fatnað sem hafði sterka skírskotun í 19. öldina, hjá Christian Dior minntu litirnir og sniðin á fimmta áratuginn og fyrirsætur Jeans Pauls Gaultier litu út fyrir að koma úr framtíðinni með spírala í hárinu og víra í kjólunum.

Sjá blaðsíðu 4




Eplaedik
m/krómi

**Eykur** brennslu
Jafnar **blóðsykur**
Dregur úr **hungurtilfinningu**
**Örvar** losun úrgangsefna
**Öflug hjálp** í baráttunni við aukakílóin
Fæst í apótekum

icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is



**Púðar** eru tilvaldir til að lífga upp á til dæmis sjónvarpssófann. Þeir lífga ekki aðeins upp á heldur gera veruna í sófanum þægilegri.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



ÞAKSPRAUTUN ehf
Þarf að vinna í þakinu í sumar
en hefur ekki tíma ?
Því ekki að láta það í hendur fagmanns ?
Sérhæfi mig í sprautun á öllu
bárujárni sem gefur einstaka áferð
Uppl. í síma 8975787



ALDREI AFTUR
GASLAUS!
VERANDARHITARI
Rafmagnshitari - Verð 12.990
ís-húsið ehf
netverslun ishusid.is



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


# Skolað af með köldu

***Að ýmsu þarf að huga þegar unnið er í eldhúsinu. Skipta þarf um borðtusku reglulega og þvo vask og þvottabursta með sápu.***



Benedikta G. Waage er hússtjórnarkennari í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það eru vissir hlutir sem hafa þarf í huga svo sem umgengni á borðklútnum, uppþvottaburstanum og vaskinum," segir Benedikta G. Waage hússtjórnarkennari þegar hún er spurð um hreinlæti í eldhúsi. „Oft er talað um að borðklúturinn sé mesta bakteríustía sem til er. Í hússtjórnarskólanum skiptum við um tusku daglega og gott er að gera slíkt hið sama heima fyrir." Benedikta undirstrikar mikilvægi þess að þvo allt úr eldhúsinu á suðu. „Sumir eru að þvo á 60 gráðum en það borgar sig að sjóða allan þvott úr eldhúsinu. Það er líka mikilvægt fyrir þvottavélarnar, ef maður sýður aldrei þá getur sveppur myndast í vélunum."



Eftir að hafa strokið af með borðtuskunni kveðst Benedikta þvo hana upp úr sápuvatni, skola með vel volgu vatni og síðan það sem færri þekkja er að hreinsa í gegn með köldu vatni að lokum. „Þetta er hundgamalt húsráð frá henni ömmu minni. Þetta virkar eins og með mjólkina, mjólkurílát er best að skola fyrst með ylvolgu eða jafnvel köldu vatni, ef maður lætur það beint í uppþvottavélina þá hleypur mjólkin," segir Benedikta.

Gott er að þvo uppþvottaburstann og vaskinn upp úr sápuvatni daglega og stinga síðan burstanum í uppþvottavélina einu sinni í mánuði. „Síðan er hægt að nota stálsvampa og ræstikrem á erfiða bletti í vaskinum. Kaffi og te sest til dæmis mikið fyrir í vöskum." Miklu skiptir að þvo skurðbrettin vel en Benedikta segist aðeins nota brauð og annað þurrmeti á trébretti. „Passa verður að þvo brettin mjög vel. Skola þau, bursta vel í sápuvatni og láta þau svo þorna. Ekki láta þau inn í skápinn hálfrök, þá getur hálfgerð mygla komið."

Flestir eru á varðbergi gagnvart smithættu af kjúklingi en þó eru ekki allir meðvitaðir um krossmengunina. „Maður verður að passa rosalega vel að smita ekki á milli, til dæmis nota ekki hníf í grænmetið sem notaður var í kjúklinginn. Svo verður að þvo brettin afskaplega vel og ég spreyja þau alltaf að lokum með sótthreinsandi efni sem fæst til dæmis í Rekstrarvörum. Uppþvottavélar eru líka sótthreinsandi."

*mariathora@frettabladid.is*





SIEMENS
Aneta
Eldunartæki, kælitæki, uppþvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



weber – ekki bara grill



Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is



# GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

## Þvottahús – Hreinlætisvörur

### Barnableiur

Hvert barn notar að meðaltali um 5.000 bleiur fyrstu æviárin. Einnota bleiur hafa mjög slæm áhrif á umhverfið en létta að sjálfsögðu mikið á þvotti og vinnu þeirra sem annast börn. Barnsrassinn finnur að öllum líkindum heldur ekki eins mikið fyrir óþægindum og af taubleium. Það er því erfitt að fara fram á það við uppalendur barna að þeir leggi á sig ómælda aukavinnu til að vera umhverfisvænir. Hver og einn verður að ákveða hvort það sé þess virði eða ekki.

Hægt er að kaupa taubleiur úr lífrænni bómull og góðar bleiubuxur úr lífrænni ull. Einnig eru til lífræn silkiinnlegg í bleiur. Þetta þarf að þvo og þurrka og það skapar mikla vinnu fyrir og eykur vatns- og þvottaefniseyðslu.

Ef einnota bleiur verða fyrir valinu er betra að þær séu vistvænar og helst að þær beri umhverfisvottun. Forðist bleiur sem innihalda PVC (vinyl). Gallinn við einnota bleiur er sá að gríðarlegt magn safnast upp og bleiur með kvoðum og geli sem tútna út eru fullar af efnum sem ekki brotna niður í náttúrunni. Til eru umhverfisvottaðar bleiur sem eru gerðar úr niðurbrjótanlegum efnum. Ef neytendur kaupa aðeins umhverfisvænar bleiur sendir það skilaboð til hinna framleiðandanna um að bæta sína framleiðslu. Þannig getum við haft bein áhrif á framboðið með vali okkar á hvaða neysluvörum sem er.

### Salernispappír

Jarðarbúar nota gríðarlegt magn af salernispappír sem þarf síðan að brotna niður í náttúrunni. Að velja umhverfisvottaðan salernispappír er í öllum tilfellum betra fyrir lífríkið.

*Sjá meira um þvottahúsið á: http://www.natturan.is/husid/1269/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



## Í laginu eins og mjólkurflaska

KARAFLA Í ÝMSUM LITUM.

Margir þekkja hina klassísku Evu Solo karöflu sem er í laginu eins gamaldags mjólkurflaska. Karaflan tekur um einn lítra og passar vel í ísskápshurðina, enda er hún hönnuð með það í huga. Op karöflunnar er nógu stórt til að hægt sé að setja í hana ísmola og niðurskorna ávexti og á henni er lok sem opnast sjálfkrafa þegar hellt er. Með þessu móti má losna við hið dæmigerða ísskápaeftirbragð og einnig kastast ísmolarnir ekki úr karöflunni þegar hellt er. Það sem setur þó punktinn yfir i-ið er kápan sem hægt er að klæða karöfluna í en kápan er einangrandi og heldur innihaldinu köldu. Það skemmtilega er að kápan fæst í ýmsum litum og má því hressa upp á gömlu góðu karöfluna með því að fá sér nýja kápu. Litirnir sem eru í boði eru: svartur, rauður, appelsínugulur, límónugrænn og blár. Kápan er með rennilás þannig að auðvelt er að fjarlægja hana og setja má karöfluna í uppþvottavél. Hönnuðir karöflunnar góðu eru Henrik Holbaek og Claus Jensen en hún fæst meðal annars í Húsgagnahöllinni á 5.980 krónur.

*- hs*










**Gallabuxur** eiga það til að upplitast. Þú getur komið í veg fyrir það með því að leggja gallabuxurnar í bleyti, bæta út í fjórar matskeiðar af ediki og láta þær liggja í hálfa klst. Þvoið þær síðan, edik heldur litnum í efninu.



Allt að 80% afsláttur af útsöluslá
nýtt kortatímabil
JOSS
Hverafold 1-3 neðrihæð • sími 562-6062

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Útsala í Hólagarði
Nýjar vörur í Mjódd
Vefta
Tískuföt
s. 5572010 og 5782050 www.vefta.is

Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!
TRIND
Alltaf no. 1



Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!



Það var fimmtaáratugarstemning á sýningu Christian Dior.



Hönnun Christian Lacroix var íburðarmikil og glæsileg.



Gráir tónar voru áberandi hjá Chanel.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Sérsaumuð hátíska

***Aðeins ellefu tískuhús hafa leyfi til að nefna fatnað sinn hátískufatnað.***

Franska hugtakið „haute couture“ þýðir hátíska og vísar til sérsaumaðs tískuklæðnaðar. Alvöru hátískufatnaður er búinn til eftir pöntun frá kúnnanum, gerður úr rándýru hágæðaefni og handsaumaður með áherslu á hin minnstu smáatriði.

Haute couture er lögverndað heiti í Frakklandi og skilyrðin sem tískuhús þurfa að uppfylla til að geta sett þennan gæðastimpil á fötin sín eru ákvörðuð af nefnd í París. Samtals ellefu tískuhús hafa formlegt leyfi til að bera heitið en meðal skilyrða má nefna að fötin séu hönnuð og sérsaumuð á hvern kúnna, að tískuhúsið sé með vinnustofu í París og að tvisvar á ári sé sýning haldin í París með 35 flíkum hið minnsta, bæði vetrarlínu og sumarlínu.

Yfirleitt er lítið selt af hátískufatnaðinum og er tilgangur hans helst að upphefja orðstír tískuhússins. Því hafa margir hönnuðir þurft að falla frá hátískulínu sinni.

Haust- og vetrarlínan fyrir 2008/9 var sýnd á tískuviku í París á dögunum en þar tefldu hönnuðir fram mjög ólíkri hönnun eins og sjá má á myndunum.

*mariathora@frettabladid.is*



Fallegur kjóll frá Christian Dior.



Christian Lacroix var undir áhrifum frá Viktoríutímanum.







MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA
OUTLET
LAUGAVEGI 51
ENN
LÆKKA
VERÐIN


**Sundföt** eru mikið notuð á sumrin. Þá flykkjast allir í sundlaugarnar í góða veðrinu til að njóta útiverunnar. Bikiní eru mjög vinsæl hjá ungu kynslóðinni.

# Viðinn verður að verja

***Nú þegar sólin skín sem skærast má ekki gleyma að verja pallana og garðhúsgögnin okkar fyrir skaðlegum áhrifum hennar.***



Guðjón Rúnarsson segir sólina skaðlega pöllunum okkar. FRETTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Guðjón Rúnarsson, húsasmíðameistari og stofnandi Sólpallar.is, bendir á að sólin fari mun verr með viðinn en bleyta. „Það er mikilvægt að bera fljótlega á pallinn eftir að hann hefur verið settur upp. Olían sem notuð er er með góðri sólarvörn. Viðurinn brennur nefnilega í sólinni líkt og við, eini munurinn er sá að hann verður hvítur en við verðum rauð," útskýrir hann.

Að sögn Guðjóns eru margir sem velja sér litaða olíu til að koma í veg fyrir að pallurinn upplitist eða grâni. „Gott er að nota þannig olíu því í henni er meiri sólarvörn en í glæru lakki." Guðjón mælir með að borið sé á pallinn á hverju ári en tekur þó fram að ekki sé nauðsynlegt að nota litaða olíu í hvert sinn. „Timbur er lifandi efni og þótt það skemmist ekki við litla umhirðu þá verður það ljótt, upplitast eða verður grátt," útskýrir hann.



Sömu viðhaldslögmál gilda ekki um skjólveggi þótt þeir séu yfirleitt gerðir úr sama efni. „Það er miklu minna álag á skjólveggjum og regnvatn situr ekki á þeim líkt og á pöllunum. Því er nóg að bera á skjólvegginn strax og hann er settur upp og svo á fjögra til fimm ára fresti.

Hvað garðhúsgögn varðar þá eru þau yfirleitt úr harðviði og á hann þarf að bera oftar en hina gagnvörðu fura því harðviðurinn drekkur ekki eins vel í sig olíuna. „Það er misskilningur að harðviðurinn sé viðhaldsminni en furan. Það myndast filmulag á harðviðinn þegar borið er á hann sem á það til að flagna af ef ekki er borið á hann reglulega," útskýrir Guðjón.

*klara@frettabladid.is*


Flott í sumar...
stinnari líkami á aðeins 4 vikum
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

## Gengið á tinda Glerárdals

GLERÁRDALSHRINGURINN VERÐUR GENGINN ÞANN 12 JÚLÍ NÆSTKOMANDI.

Gengið verður á tuttugu og fjóra tinda sem mynda fjallahringinn kringum Glerárdal í Eyjafirði, nú á laugardaginn. Lagt verður af stað klukkan 8 um morguninn frá Skíðahótelinu í Hlíðarjalli og endastöð verður við fjárréttirnar í Glerárdal þar sem boðið verður upp á súpu.
Gangan er um 50 kílómetrar og samanlögð hækkun um 4.000 metrar. Félagið Glerárdalshringurinn 24x24 stendur fyrir göngunni. Þátttökugjald verður í ferðina og hægt er að skrá sig á netfangið glerardalur@glerardalur.is. Undirbúningsfundur verður kvöldið áður að Hjalteyrargötu 12 á Akureyri.
Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins, www.glerardalur.is *- rat*


Gengnir verða 24 tindar í Glerárdalshringnum á laugardaginn. MYND/ÓLAFUR SVERRISSON

NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod
Fyll'ann takk!


Vertu tilbúinn **í sumarfríið!**
Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.
Tónlist.is

Salou og Pineda
25. júlí og 1. ágúst
Ótrúleg sértilboð!
Aqua & Golden íbúðir
Hotel California Palace ****

frá kr. 49.995
Verslunarmannahelgi í Salou!
Costa Dorada ströndin, sem skartar fremstum bæjunum Salou og Pineda, hefur notið mikilla vinsælda vegna mikils fjölbreytileika svæðisins. Margra kílómetra langar aðgrunnar strendur, hótelgisting sem hentar jafnt fjölskyldufólki sem öðrum, úrval veitingastaða og afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalíf. Bjóðum frábært sértilboð á hinum vinsælu Aqua og Golden íbúðum í Pineda, sem eru mjög nýlegar, fallegar og rúmgóðar íbúðir með tveimur svefnherbergjum. Bjóðum einnig gistingu á hinu glæsilega Hotel California Palace í Salou. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu sumarfrísins á Costa Dorada.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Frábært fyrir barnafjölskyldur!
Íbúðir með 2 svefnherbergjum
49.995
– Aqua & Golden íbúðir
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð með 2 svefnherbergjum í viku, 25. júlí. Brottför 1. ágúst kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000. Aukalega m.v. 2 í íbúð kr. 10.000.
69.990
– California Palace ****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í viku með morgunverði. Brottför 1. ágúst kr. 5.000 aukalega.
Ferðaskrifstofa
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Terra Nova PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri, sími: 461 1099

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



TOYOTA LAND CRUISER 100. Árgerð 1998. Ekinn 152 þ. km. Verð kr. 1.880.000.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**

EINKABÍLAR

HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA NETBÍLASÖLU

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ

**Einkabílar**
**Sími: 5124040**
**http://www.einkabilar.is**



**Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!**
Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. 7 manna með palli. Verð kr : 2.538þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**




Harley Davidson VRSCR STREET ROD árgerð 2006, ekið 2 þm. Flott hjól á vetrarverði. Gríptu tækifærið núna !! Nánari uppl. í síma 822 5111

**Bílaport / Interport ehf**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 569 3300 / 897 1928**
**www.interport.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



**1.300 Þ. KR AFSLÁTTUR**
VOLVO S60 2.5T AWD, árg 2006, ek 9.þ mílur, 2.5L Turbo, Ssk. 208 Hestöfl, Leður, Topplúga, Fjórhjóladrifinn, Verð 4.390.þ TILBOÐ 2.990 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111320 S: 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

TOYOTA
Reykjanesbæ



**100% lán ekkert út!!!!**
Toyota Previa nýskr 2/2006 ekinn 45 þ km sjálfskiptur 7 manna svartur filmur krókur verð 3.290.000- 100% lán upplí síma 420-6600 eða 842-6606

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

100 bílar.is bílasala



VW Polo Comfortline árg. 2007, ek. 13 þús.km, bsk., geislaspilari, rafmagn ofl. Stgr. tilboð 1650þús.kr. Ásett Verð 1790þús.kr.!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Kia 2500 diesel pick-up árgerð 2006, ekinn 35 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.450.000,- m.vsk. 821-6292



MM L-200 extra-cab árgerð 2001, diesel, 4x4, beinskiptur, ekinn 140 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 750.000,- m.vsk., 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**Ferguson**
Til sölu Ferguson TEA 20 1949, í góðu standi, ný dekk. Verð 390 þús. og Nalli árg. '64, ámoksturstæki, tætari, vökvastýri. Verð 260 þús. Tætari verð 50 þús. Herfi 30 þús. S. 697 3217.



1998 SsangYoung Musso 2.9 TDi, ssk, sk.09, 31" dekk, dráttarkrókur, í góðu standi útlitslega og vélarlega, ný upptekið hedd, ekinn 185.þús, Verð: 350. þús, 847 6652



**150 þús. út og yfirtaka**
Chevrolet Captiva '07 diesel ssk. Ekinn aðeins 21 þ.km. Yfirtaka á mjög góðu láni. Vetrar og sumard. á álf. dráttarbeisli. Uppl. í s. 898 8228.



**Landsmótsvélin**
Til sölu nýr Tafe 35di Classic 2 ára ábyrgð, 3cyl, diesel 37 hp. til afgreiðslu strax. Verð 2,1 m. m/vsk. Uppl. í s. 697 3217.



Santa Fe ll dísel sjálfsk 2006 ek 29 þ km selst með kr 200þ út og yfirtaka kr 3550þ. greiðsla á mán ca kr 59 þ. uppl í síma 840 1420.



Renault Clio árg. '00 1.4 bsk., nýsk. ek. 110 þ. Verð 270 þ. Uppl. i s. 86 7 3022.



Lexus IS 200 ssk., '01 ek. 102 þ. s+v. dekk. Nýtt í bremsum + diskar. V. 1490 þ. Áhv. ca. 1100 þ. S. 860 1176.

KVARTMÍLU KLÚBBURINN

Kvartmílukeppni laugardaginn 12 júlí kl. 13 við Kvartmílubrautina Kapelluhrauni. . Skráning á joakim@sund.is eða í s 660 0888 www.kvartmila.is Skráningu líkur fimtudaginn 9 júli kl 24.00

Suzuki Swift, árg '05. Ssk. Ek. 36 þ.km. 5 dyra. Álfelgur. Fæst með yfirtöku á láni. Uppl. s. 662 2046

Bíll óskast í skiptum fyrir lóð í grónu hverfi í Kópavogi. S. 771 1700.

Renault Megane Scenic 1600. Árg '98. Ek. 132 þkm. bensín og ssk. V. 390 þ. Uppl. í s. 568 6634 og 820 2643.

Til sölu vél úr Pajero Árg '91. 3.L V6 bensín. Nýuppgerð hedd. Nýjar undirlyftur og tímareim. V. 60 þ. S. 694 7970.

MMC Carisma til sölu, 290þ. staðgr. Ek.100þ. Lítur vel út, ný sumar og vetrardekk.

Ódýrt 4 bílar! Peugeot 306ST '02 ek. 77þ. Peugeot 406ST '98 ek. 240þ. Musso '98 ek. 180þ. Chevrolet Tahou '99 ek. 46þ.m. S. 866 5052.

## 0-250 þús.



**TILBOÐ 190 þús**
Suzuki vitara jlx árg'98 1,6 5 gíra,skoðaður'09,rafmagn í rúðum,Air bag,hátt og lágt drif,eyðir 8 í blönduðum akstri,góð dekk,ásett verð 390 þús TILBOÐ 190 ÞÚS s.841 8955

Til sölu tveir Toyota Landcruiser 70 diesel, árg.'86, frekar ryðgaðir til uppgerðar eða niðurrifs. Upplýsingar í síma 861 4455 eftir kl. 18.00.

Willy's Jeepster - standsetja / varahlutir. Verð: 50þ. Sími: 897-5231

**Ódýr bíll-125 þús.**
Dawoo Nubira '98, station ek. 103 þús. Skoðaður út árið . Heilsársdekk, dráttarkrókur. Ásett verð 260 þús. Tilboð 125 þús. S. 841 8955

## 1-2 milljónir




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## 2 milljónir +




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## Bílar óskast

Óska eftir bíl til leigu fram í miðjan september. Ábyrgist góða meðferð. Vinsaml. hafið samb. í síma 695-1184.

Óska eftir nýlegum bíl. Á allt að 500þ st.gr. Helst Toyota. Uppl. s. 698 9299.

Óska eftir vel með förnum sjálfskiptum Subaru Forester á verðbilinu 500 - 800 þ. Uppl. í s. 770 4248.

Óska eftir litlum sparneytnum og ódýrum bíl. verður að vera skoðaður. S 866 3773 & 770 5049.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Toyota LC 90 vx árg. 02 33" breyting góður bíll. ekinn 112.xxx uppl. s: 892-5363



**Land Cruiser 80**
Land Cruiser HDJ80 1994 til sölu. Bíllinn er nýkomin úr mikilli breytingu og var ýmislegt endurnýjað í honum t.d. allt nýtt í hásingum og fl. Afturhásing færð aftur 12cm, klippt úr fyrir 44", 4,88:1 Yukon drifhlutföll, lofttjakkur á afturlás, Aim loftdæla og loftkútur, 15x15" stálfelgur húðaðar með soðnum kanti, 38x15,5 R15 Mudder og fl. Bíllin er eins og nýr innan sem utan og hefur sami eigandi átt hann frá upphafi. VERÐ KR. 3.600.0000 Uppl. í síma 8407961 og 8407911

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

## Sendibílar



Flottur sendibíll til sölu. Renault Trafic, '06, ek. 61.000, háþekja, lengri gerð, 6 gíra. Lipur og flottur bíll. Áhv. lán ca. 1,9. Verð 2.450þ. Uppl. í síma 699-2065



Benz '96. V. 590 þ. Upplýsingar í síma 897 1479.

## Húsbílar



Einn með öllu! Nýr 4 manna Tecstar, M. Benz undirvagn 150 hp. afturdrif. Frábært verð. S. 462 3061 & 892 5504 - www.skandic.is



Fis pallhýsi með öllu og Nissan Navara Dobulcab og pallhús til sölu sími 899 6312



Toyota Coster 1982 disel vel. útbúinn bíll með öllu sk.'08 V. aðeins 700 þ. S. 867 3080 /& 445 4824.



Fiat 2,3 TD. Árg. 12/06. Ek. 13,500. 6 manna. Ath. skipti. S. 897 2114 og 692 7170.

# suðurland

FIMMTUDAGUR 10. JÚLÍ 2008



Tyrkjaránssetur
**í undirbúningi í Eyjum**
BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Vertu frjáls
í ferðalaginu




RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR
- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum
- Ísetning afar einföld og auðveld.

www.fjarorka.is
Fjarorka ehf.
*Græn orka er okkar fag*
Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566

AGM Rafgeymar.
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.

# Guðsorð í náttúrunni

Hægt verður að njóta útivistar og hlusta á guðsorð úti í náttúrunni dagana 19. til 20. júlí en þá verður gengin pílagrímsganga frá Þingvöllum að Skálholti.

Áhugasamir ferðalangar skulu mæta í Þingvallakirkju þar sem gangan hefst klukkan 10 á laugardagsmorgun. Staðarprestur Þingvallakirkju blessar ferðina og svo verður gengið með hléum yfir að Laugarvatni og hlýtt á frásagnir og bænir á leiðinni. Að kvöldi fyrsta göngudags verður sunginn kvöldsöngur við Vígðulaug á Laugarvatni og hægt að fara í gufu og heitan pott. Gist veður um nóttina í svefnpokaplássi á Edduhótelinu á Laugarvatni gegn vægu gjaldi.

Göngunni verður haldið áfram um sunnudagsmorgun. Lagt verður af stað klukkan 10 frá Neðra-Apavatni og er áætlað að ná í hátíðarmessu í Skálholti klukkan 14. Göngustjórar í ferðinni verða Pétur Pétursson prófessor og Björn Erlingsson. *- rat*



**Lagt verður af stað frá Þingvallakirkju og gengið yfir í Skálholt.**



**Tólk krakkar fá að taka þátt í Götuleikhúsinu í Árborg ár hvert. Aldrei hafa fleiri umsóknir borist heldur en í sumar.** MYND/GÖTULEIKHÚSIÐ

# Reiðleiðir á netinu

Fyrir stuttu var opnuð ný heimasíða með reiðleiðum í Rangárvallasýslu, sem er á slóðinni www.hmfgeysir.is. Á síðunni má nú meðal annars finna 143 reiðleiðir um sýsluna.

Heimasíðan er afrakstur samstarfsverkefnis sveitarfélaga, hestamannafélagsins Geysis, hestamanna, ferðaþjónustuaðila, landeigenda og annarra atvinnurekenda í Rangárvallasýslu. Verkefnið hét „Reiðleiðir og þjónusta í Rangárvallasýslu" og hlaut styrk frá Vaxtarsamningi Suðurlands í febrúar á þessu ári.

Markmið verkefnisins er að stuðla að samstöðu meðal atvinnurekenda, landeigenda, íbúa og gesta svæðisins og standa að frekari uppbyggingu atvinnuvega þess. En hagsmunaaðilar í Rangárvallasýslu tóku höndum saman og vinna nú að því að gera reiðleiðir og þjónustu við hestamenn sýnilegri.

Að sögn Þuríðar Aradóttur, markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings eystra, er vefurinn enn í þróun. Þar sé að finna reiðleiðir í sýslunni með leiðarlýsingum en síðar meir verði bætt við upplýsingum um hugsanlega þjónusta við hestamenn á svæðinu. *- mmf*



**Síðan www.hmfgeysir.is var nýlega opnuð með reiðleiðum í Rangárvallasýslu.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sumarið kemur ekki fyrr en með Götuleikhúsinu

**Götuleikhúsið í Árborg hefur verið starfrækt í fimm ár og nýtur vaxandi vinsælda. Aldrei hafa borist jafn margar umsóknir og í ár.**

„Okkar vinna snýst um að gleðja augað og lífga upp á sumarið," segir Halla Dröfn Jónsdóttir, sem stjórnað hefur Götuleikhúsinu í Árborg undanfarin ár. Leikhúsið er opið öllum áttundu bekkingum á svæðinu en aðeins tólf krakkar komast að ár hvert. „Fyrsta árið fékk ég akkúrat tólf umsóknir en í ár voru þær þrjátíu talsins. Þetta er því að aukast í vinsældum enda vita krakkarnir meira að hverju þau ganga þar sem reynsla er komin á starfið."

Starfið stendur yfir í fjórar vikur og fer fyrsta vikan í undirbúning. „Krakkarnir þurfa ekki að vera sérfræðingar í efninu heldur bara hafa áhuga, vilja og viðleitni, og þora að koma fram í búningum. Atriðin sem við gerum eru leik-, söng- eða danstengd og vil ég að krakkarnir séu sjálfstæðir í sköpunarvinnunni; þeir eiga að koma með hugmyndirnar sjálfir og skapa atriðin sem þeir sýna," segir Halla en bætir við að hún fínpússi síðan verkið og útfæri svo það skili sér almennilega.

Krakkarnir sjá sjálfir um búningahönnun og málningu og segir Halla þau hafa komið sér í opna skjöldu. „Fyrst var ég svolítið stressuð yfir því að láta þau gera þetta sjálf, en ég hef ekkert þurft að biðja um fjármagn fyrir búningum því þetta hefur komið svo vel út og setur karakter í atriðin."

Atriðin eru af ýmsum toga: leikþættir, söngatriði, danssýningar og samsöngur, og eru þau sýnd í þrjár vikur á ýmsum stöðum. „Fyrsta árið sýndum við aðallega á götunni en krakkarnir urðu þreyttir á því. Það var ekki nógu mikil áskorun. Mér fannst að það yrði að vera aðeins meiri vinna í þessu enda fá krakkarnir borgað fyrir starfið svo núna förum við einnig í alla leikskólana í Árborg, elliheimilin, dagvistun aldraðra og vinnustofu fatlaðra," segir hún og bætir því við að þeim sé alls staðar mjög vel tekið. „Fólki finnst sumarið ekki vera komið fyrr en við komum í heimsókn."

Halla segir það hafa komið sér á óvart hversu mikil vinna fer í Götuleikhúsið. „Þetta krefst mikillar skipulagningar. Það myndi ekki þýða neitt að fara bara í búninga og fíflast úti á götu, það myndi alveg missa marks. Ég held ég hafi lært ýmislegt sjálf á þessu og mér er farið að þykja mjög vænt um Götuleikhúsið." *- mþþ*



**Reynisdrangar við Vík.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tröll draga skip

Fram undan Reynisfjalli, nálægt Vík í Mýrdal, rísa tveir drangar úr sjó sem kallast Reynisdrangar. Þeir standa suðvestur af Vík og sjást mjög vel frá henni.

Eins og með marga sérkennilega lagaða kletta og björg á Íslandi tengist þessum dröngum áhugaverð þjóðsaga. Hún að segir að Reynisdrangar hafi myndast þegar tvö tröll voru að draga skip með þremur möstrum að landi. Þegar birta tók af degi urðu tröllin tvö að steini, eins og oft vill verða í íslenskum þjóðsögum.

Svokölluð möstur skipanna sjást vel frá Vík og er hæsti drangurinn um 66 metrar á hæð. Hann kallast Langsamur og minnir á þrímastrað skip. Fastur við hann er Landdrangur og þriðji dranginn er annað hvort nefndur Háidrangur eða Skessudrangur.

Hægt er að sigla í kring um Reynisdranga með Dyrhólaeyjarferðum þegar óskað er eftir því til að skoða náttúrufegurðina. Sjá www.dyrholaey.com. *- mmf*

# Hraðfrystihúsi breytt í markað

„Við erum voða ánægð og bjartsýn," segir Anna Árnadóttir, dóttir Árna Valdimarssonar athafnamanns, sem hefur ásamt fjölskyldu sinni opnað menningarmiðstöð í Gónhóli, gamla hraðfrystihúsinu á Eyrarbakka. Hann keypti húsið þegar hann stóð á sjötugu og er með ýmsa starfsemi þar. „Þetta er mikið pláss, einhverjir 3000 fermetrar. Svo það býður upp á marga möguleika," segir Anna.

Komið hefur verið upp markaði sem opinn er allar helgar frá klukkan 13 til 17. Þar ríkir Kolaportastemning með litríkum sölubásum, svo sem síldartunnum. „Þetta er lifandi og skemmtilegur markaður. Mikið er af handverksfólki bæði héðan og úr Reykjavík. Kvenfélagið á Selfossi seldi til dæmis heimabakaðan mat um síðustu helgi. Síðan erum við með Barnasmiðju þar sem börn mála og lita og setja sjálf upp myndlistasýningar. Þau selja síðan myndirnar og sum gefa peninginn til góðgerðasamtaka."



**Gestum býðst að fara í rúnt um bæinn á fornbílum.** MYND/SUDURGLUGGINN.IS



**Í Gónhóli er ýmiss konar starfsemi svo sem kaffihús, hótel, markaður, listaverkasýningar og barnasmiðja.** MYND/ANNA ÁRNADÓTTIR

Fleira er þó í frystihúsinu en markaður. „Mamma er með kaffihús og gistingu en fjórar hótelíbúðir eru á staðnum. Svo erum við með fornbíla og bjóðum fólki á rúntinn. Einnig er hægt að leigja sér báta ef fólk vill," segir Anna.

Markaðurinn verður opinn út september og er von á kartöflubændunum í haust. Síðan verður mögulega jólamarkaður haldinn í húsinu í desember. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel frá því við opnuðum í maí. Það kom smá lægð í kringum jarðskjálftann en starfsemin er komin á fullt aftur." *-mþþ*




Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is




www.klaustur.is

# Var eitt sinn sú stærsta

Sögu- og ljósmyndasýning stendur nú yfir í anddyri Sundlaugarinnar í Laugaskarði í Hveragerði í tilefni af 70 ára afmæli laugarinnar.

Sundlaugin var byggð í sjálfboðavinnu og var vatni hleypt í hana í júnímánuði árið 1938. Unmennafélag Ölfushrepps beitti sér hvað mest fyrir því að laugin var gerð og lögðu félagsmenn fram mikla vinnu í verkið. Lárus Rist sundkappi flutti til Hveragerðis árið 1936 og hann var mikill liðsauki og tók forystu við uppbyggingu laugarinnar og réði meðal annars um staðarvalið.

Um tíma var laugin stærsta sundlaug landsins og íslenska landsliðið í sundi æfði í lauginni allt til ársins 1966 þegar Laugardalslaugin í Reykjavík kom til sögunnar.

Upphaflega var laugin aðeins 25 metrar en er nú 50 metra löng og 12 metrar á breidd. Laugin er svokölluð gegnumrennslislaug og er hituð upp með jarðgufu sem tryggir eðlilegt sýrustig og hreinleika vatnsins. Í lauginni er heit og grunn setlaug ásamt heitum potti með rafmagnsnuddi og svo er að finna þarna náttúrulegt gufubað. Laugin er í fallegu umhverfi og góðu skjóli.

Alltaf er gæslumaður á vakt og svo er einnig sjónvarpskerfi þar sem hægt er að fylgjast með og tryggja öryggi sundgesta eins vel og hægt er.

Hveragerðisbær annast rekstur og viðhald á sundlauginni.

*- mmr*



Sundlaugin í Laugaskarði þjónar vel íbúum Hveragerðis.

MYND/ÚR SAFNI HVERAGERÐISBÆJAR


# Leiðsögn á Njáluslóð

Tek að mér leiðsögn á Njáluslóð 20 ára reynsla upplýsingar í síma 8654655 eða labra@simnet.is





Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið




Það er engin Þjóðhátíð án flugeldasýningarinnar góðu.



Það er ætíð góð stemning í Eyjum á Þjóðhátíð.



Á móti Sól mun spila fyrir gesti.

# Rótgróin en alltaf góð

**Nóg verður um að vera á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina en miðasala fór snemma af stað í ár.**

Að sögn Friðbjörns Ó. Valtýssonar, framkvæmdastjóra ÍBV íþróttafélags og meðlims í þjóðhátíðarnefnd, verður hátíðin með hefðbundnu sniði í ár. „Hún er komin í svo góðan farveg hjá okkur að hún breytist lítið frá ári til árs. Við verðum þó í fyrsta sinn með kaffitjald þar sem hægt verður að kaupa kaffi og meðlæti.“

Aðsóknin í ár virðist ætla að verða mjög góð en að sögn Friðbjörns er ánægjulegt hversu snemma hún fór af stað. „Okkur hlakkar til að fá fólk í heimsókn, unga sem aldna. Engin aldurstakmörk verða inn á tjaldstæði eða annar staðar. Við höfum verið svo heppin með fólk hingað til að þess hefur ekki þurft.“

Mikil vinna hefur verið lögð í skemmtidagskrána, sem er sérstaklega vönduð á sunnudeginum að mati Friðbjörns. „Við verðum með frábæra skemmtikrafta síðasta daginn fyrir þá sem þá vilja koma, en annars viljum við helst fá fólk strax á fimmtudeginum. Stemningin hérna í Eyjum byrjar yfirleitt mánudaginn fyrir Þjóðhátíð þannig að hér verða allir komnir í góðan gír þegar hátíðin hefst.“ Og dagskráin ætti að höfða til allra aldurshópa. „Það má segja að við séum með rjómann af öllu því besta fyrir fólk á öllum aldri.“

Að sögn Friðbjörns er ætíð öflug löggæsla á Þjóðhátíð. „Við erum með ólíka hópa sem annast gæslu: sjúkraflutningamenn, lögreglu og foreldravakt, en undanfarin ár hefur hátíðin gengið vel fyrir sig og erum við mjög ánægð með það.“

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.dalurinn.is.

*- kka*



Páll Óskar mun bæði syngja og þeyta skífum í Eyjum í ár.

Þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum verður haldin í 134. skiptið í ár. Þjóðhátíð í Herjólfsdal var í hér áður fyrr haldin um miðjan ágúst, en hún er arfur frá þjóðhátíðinni 1874, þegar haldin var hátíð í dalnum 2. ágúst, eins og víða um landið. Þegar fagna átti þúsund ára afmæli þjóðarinnar á Þingvöllum komust Eyjamenn ekki upp á fastalandið vegna veðurs og héldu því sína eigin þjóðhátíð. Þjóðhátíð var aftur haldin í Eyjum árið 1901 og hefur hún verið haldin nánast samfellt síðan.



Í svörtum fötum heldur uppi fjörinu í Eyjum í ár.

# Hófst með söfnunarglöðum sjómanni

„Núna erum með til sýnis nýja gripi sem gefnir hafa verið til Sjóminjasafnsins. Meðal annars mjög merka, handskrifaða bók þar sem gefur að líta húsalýsingar frá því snemma á 20. öld. Einnig erum við með málverk sem okkur var gefið sem sýnir húsin á Eyrarbakka í byrjun 20. aldar í sínum réttu litum.“

Þetta er haft eftir Lýð Pálssyni, forstöðumanni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, þar sem hægt er að finna ýmsa áhugaverða hluti frá Eyrarbakka sem tengjast sjósókn, iðnaði og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára.



Sjóminjasafnið á Eyrarbakka leggur áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu svæðisins síðustu 100 ár.

MYND/LINDA ÁSDÍSARDÓTTIR

Að hans sögn má rekja tildrög safnsins til þess að aldraður skipstjóri tók sig til fyrir fimmtíu árum og fór að safna alls kyns áhugaverðum gripum. Hann kom meðal annars í hús stóru áraskipi sem lá í fjörunni og er það skipið Farsæll, sem er nú einn helsti gripur safnsins.

Á Sjóminjasafninu er einnig að finna ýmsa aðra merka hluti sem varpa ljósi á fortíð Eyrarbakka og eitt hornið haft undir alls kyns áhugaverðar sýningar, eins og fyrr sagði. „Sjóminjasafnið byggist upp á einni stórri grunnsýningu en í einu horni sýningarsalarins eru breytilegar sýningar,“ segir Lýður.

*- stp*

PIPAR • SÍA • 81315 • Ljósmynd: Sigfús Pétursson



# Lóan er komin!

## Ljósafossstöð við Sog

**Einstakt tækifæri til að sjá valin verk úr sýningu Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“ sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.**

**Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar.**

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.
**Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis**.

**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**

Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007



Frá dagskrá Tyrkjaránsdaganna síðasta sumar. Kveikt var á jafnmörgum kertum og fjöldi þeirra sem rænt var, og þeim fleytt út á sjó.



Sögusetur 1627 stóð fyrir dagskrá á Tyrkjaránsdögum í júlí í fyrra. Dagana 16. til 18. júlí verður farin Tyrkjaránsganga og fleiri uppákomur tengdar ráninu. MYND/ÓSKAR P FRIÐRIKSSON



Þrælauppboð sett á svið á dagskrá sögusetursins í fyrrasumar þegar 380 ár voru liðin frá Tyrkjaráninu.



Handtökin við eldsmíði sýnd á goslokahátíðinni sem lauk á dögunum.

# Tyrkjaránssetur í Eyjum

**Sögusetur 1627, félag um Tyrkjaránið, stendur fyrir veglegri dagskrá frá 16. til 18. júlí. Félagið hefur líka á dagskrá að opna setur um ránið í Vestmannaeyjum.**

Hópur áhugafólks tók sig saman fyrir tveimur árum og stofnaði félag um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum, sem fékk síðar heitið Sögusetur 1627. Í fyrra voru 380 ár liðin frá Tyrkjaráninu og stóð þá hópurinn fyrir veglegri dagskrá á Tyrkjaránsdögunum frá 16. til 18. júlí.

„Við munum endurtaka leikinn í sumar," segir Sigurður Vilhelmsson, formaður félagsins. „Dagskráin verður ekki eins viðamikil og í fyrra en við gerum ráð fyrir að vera með stærri dagskrá á fimm til tíu ára fresti. Núna verðum við með Tyrkjaránsgöngu þar sem farið verður um söguslóðir Tyrkjaránsins, fræðsla verður um ránið og fleiri uppákomur í tengslum við það."

Sögusetrið hefur samið við Vestmannaeyjabæ um rekstur á byggðasafni bæjarins í sumar og þar hefur verið sett upp sýning um Tyrkjaránið. Setrið hefur því aðstöðu í byggðasafninu í bili en áætlanir eru uppi um að koma því fyrir í eigin húsnæði í framtíðinni þar sem hægt yrði að setja upp sýningar og halda utan um fræðastarf.



Sigurður Vilhelmsson formaður Söguseturs 1627. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

„Við horfum til dæmis til þess hvernig Landnámssetrið í Borgarnesi er sett upp en við viljum samþætta almenna ferðamennsku við sýningarhald og fræðastarf," segir Sigurður. „Við erum að skipuleggja ráðstefnu í haust þar sem settir verða upp fyrirlestrar, bæði fyrir almenning og fræðilegri fyrirlestrar um Tyrkjaránið í alþjóðlegu samhengi. Við viljum tengja þetta við sögu sjórána almennt á 17. öld og erum að reyna að fá prófessor frá Alsír sem hefur rannsakað sjórán frá þeirra sjónarhóli, til að flytja fyrirlestra á ráðstefnunni."

Í vor fékk Sögusetrið 1627 styrk frá Menningarsjóði Suðurlands en öll vinna við setrið er unnin í sjálfboðavinnu. „Við höfum verið dugleg að sækja okkur pening og fengið nokkra styrki til að fjármagna starfið. Við nýtum það fjármagn til að vinna að stefnumótun fyrir félagið, viðskipta- og framkvæmdaáætlun og hvernig við ætlum að halda utan um okkar mál í framtíðinni," segir Sigurður.

Upplýsingar um félagið og dagskrána má nálgast á vefsíðunni www.1627.is. *- rat*



# RANGÁRÞING YTRA

# GADDSTAÐAFLATIR Á HELLU



Hella á Rangárvöllum er miðstöð sveitarfélagsins Rangárþings ytra.
Hella er í um 90 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu
Gaddstaðaflatir á Hellu bjóða upp á eina glæsilegustu aðstöðu landsins til ástundunar hestamennsku hvort heldur er til atvinnu, íþrótta eða sem áhugamál.
Skammt er til margra helstu náttúrperla landsins
Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru í héraði.
Öflugt félagslíf er í Rangárvallasýslu

## GADDSTAÐAFLATIR

Hestamannafélögin á Suðurlandi hafa byggt upp aðstöðu á Gaddstaðaflötum með það að markmiði að halda landsmót hestamanna. Þar er nú einhver glæsilegasta aðstaða landsins til mótshalds. Aðstaðan mun einnig nýtast til almennrar hestamennsku hvort heldur sem er til atvinnu eða áhugamál fyrir alla íbúa svæðisins:

- Keppnisvellir eru tveir
- Reiðhöll hefur verið byggð, nefnd Rangárhöllin, og verður vígð nú á Landsmóti 2008.
- Skv. nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir lóðum fyrir tæplega 50 hesthús fyrir allt að 1500 hesta austan við aðalmótssvæðið.
- Þar verður öll aðstaða hin besta, rúmar lóðir og gott aðgengi bæði fyrir tæki og hesta.
- Reiðleiðir um sýsluna eru fjölbreyttar og auðvelt að velja leiðir við hæfi. Reiðleiðakort af Rangárvallasýslu er í vinnslu.
- Fjölmargar reiðleiðir liggja inn á hálendið.

Fjölmargir hestabúgarðar og ræktunarbú eru í héraði. Hestamannafélagið Geysir er eitt öflugasta hestamannafélag landsins og starfssvæðið er öll Rangárvallasýla. Þá eru fjölmörg ræktunarbú og búgarðar í sýslunni. Því er góður grunnur að öflugu félagslíf í tengslum við hestamennsku í héraði.



## HELLA

Hella er þéttbýli í vexti og er miðstöð Rangárþings ytra. Alls búa í sveitarfélaginu um 1500 manns, þar af um 800 á Hellu. Frá Hellu er um 90 km til Reykjavíkur, tæplega 40 km eru á Selfoss og tæpir 10 km til Hvolsvallar. Á Hellu er öll grunnþjónusta fyrir hendi.

- Heilsugæsla er rekin af Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
- Lundur er hjúkrunar– og dvalarheimili og er rekið af sveitarfélaginu ásamt Ásahreppi.
- Grunnskóli er á Hellu og á Laugalandi í Holtum, leikskólar eru á Hellu, Þykkvabæ og Laugalandi og tónlistarskóli er rekinn af sveitarfélögum í Rangárvallasýslu og er starfsemin samræmd kennslu í grunnskólum.
- Verslun - bæði dagvöruverslun og sérvöruverslanir.
- Á Hellu er íþróttahús og nýendurgerð sundlaug, frjálsíþróttavöllur og knattspyrnuvöllur, ásamt sparkvelli. Auk þess er íþróttahús og sparkvöllur í Þykkvabæ og á Laugalandi þar sem einnig er sundlaug.
- 18 holu golfvöllur er að Strönd, um 5 km austan Hellu
- Góðir stangveiðimöguleikar eru í Rangánum og Þverá auk þess sem Veiðivatnasvæðið er vinsælt veiðisvæði.
- Fjölbreyttir útivistamöguleikar, margar helstu náttúruperlur á hálendinu eru innan sveitarfélagsins s.s. Veiðivötn, Landmannlaugar, Hekla.
- Félagsstarfsemi er öflug í héraði, má þar nefna íþróttafélög, fjölmarga kóra, sönghópa og leikfélag.
- Atvinnuástand er gott og öflug fyrirtæki eru á Hellu og nágrenni. Má þar nefna Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarð, Landgræðslu ríkisins, Glerverkssmiðjuna Samverk, auk skóla, heilsugæslu og annarra þjónustustofnana.
- Hafin er uppbygging nýs íbúðarsvæðis á Öldum III, í austurjaðri byggðar á Hellu. Einnig er unnið að skipulagi á nýju íbúðarsvæði á vesturbakka Rangár og þar mun rísa hverfi með stórbrotnu útsýni til austurs.
- Áætlað er að öll hesthús muni flytjast niður á Gaddstaðaflatir þar mun rísa eitt glæsilegasta svæði landsins til iðkunar hestamennsku.







Ölfushreppur hefur boðist til að gera bátana upp og koma þeim í sýningarhæft ástand. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bátasafn opnað í Þorlákshöfn

Hugmyndir eru uppi um að setja á laggirnar bátasafn í Þorlákshöfn. Menningarnefnd Ölfuss hafa borist tilboð vegna hönnunar þess. Bæjarstjórn tók fyrir erindi frá nefndinni í júlíbyrjun, þar sem óskað var eftir áframhaldandi vinnu við undirbúning safnsins.

„Þetta er safn báta sem Þjóðminjasafnið á og liggja við Vesturvör í Kópavogi og eru í geymslu þar. Þar liggja bátarnir raunverulega í niðurníðslu. Við vorum að bjóða okkur fram til að leysa þetta mál með Þjóðminjasafninu og ríkinu,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss.

„Þetta eru gamlir bátar sem Þjóðminjasafnið er búið að safna saman frá um 1800. Við erum að bjóðast til að gera bátana upp og koma þeim í sýningarhæft ástand, en við gerum það ekki nema ríkið komi að því, því bátasafnið er auðvitað hluti af Þjóðminjasafninu.“

Ólaf Áka dreymir um að hafa safnið í Þorlákshöfn. „Þorlákshöfn er byggð í kringum sjávarútveg og því dæmigert sjávarþorp. Ég tel að bátasafnið eigi vel heima á Þorlákshöfn.“ *- stp*



Norður-Vík er reisulegt hús. MYND/MICHI.F

# Notalegt í Norður-Vík

Norður-Vík var eitt sinn reisulegt býli en þjónar nú hlutverki farfuglaheimilis í Vík í Mýrdal sem kallast Norður-Vík.

Húsið er stórt og reisulegt og stendur ofarlega í Norður-Víkurtúni rétt norðan þorpsins. Þaðan er fallegt útsýni yfir byggðina og hafið. Hægt er að fá bæði uppbúin rúm eða svefnpokapláss og morgunmat. Annars er gestaeldhús þar sem gestir geta eldað sjálfir og setustofa sem þeir hafa aðgang að.

Stutt er í alla þjónustu og hefur farfuglaheimilið hlotið góða dóma víða á netinu fyrir góða þjónustu og sanngjarnt verðlag.

Í Vík og nágrenni eru mörg skemmtileg svæði og náttúruperlur sem vert er að skoða. *- hs*

# Torfkirkjan á Núpsstað

Núpsstaður er vestan Skeiðarársands í um 370 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík. Þar eru gömul bæjarhús og þykir bænahúsið einna merkilegast, sem er eitt af örfáum torfkirkjum sem eru ennþá til á Íslandi. Það er að stofni til frá 17. öld og er nú í umsjá Þjóðminjavarðar.

Þjóðminjasafnið hóf vinnu við varðveislu muna í gömlu húsunum við Núpsstað árið 2006 og munu þeir verða gerðir upp á næstu árum.

Fyrir ofan bæinn á Núpsstað er hrikalegt hamrabelti sem myndar turna og alls konar spírur sem gnæfa upp í loft.

Einn af þessum dröngum kallast Hella og segir sagan að hann muni einhvern tíma hrynja yfir bæinn á Núpsstað.

Þess má geta að bændur sem bjuggu á Núpsstað hér á öldum áður fylgdu ferðamönnum yfir vötnin og sandinn þegar farið var yfir hann á hestum.

Heimildir: www.nat.is, www.klaustur.is og www.south.is. *- mmf*



Bænahúsið er eitt af fáum torfkirkjum sem enn eru til á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





SUMARFERÐIR Í ÞÓRSMÖRK

*Ferðir fyrir Íslendinga í einstaka náttúruparadís*

***Þórsmörk er ein af fegurstu náttúruperlum Íslands umlukin fjöllum, jöklum og jökulám. Skógi vaxið landsvæðið býður upp á einstaka veðursæld.***

*Hoppaðu upp í næstu rútu Kynnisferða og skelltu þér í ógleymanlega ævintýraferð í Þórsmörk. Upplýsingar um brottfararstaði og tíma má finna á www.re.is. Á vegum Kynnisferða eru áætlunar- og hópferðir í Þórsmörk. Auk þess bjóða Kynnisferðir upp á leiðsögn, gistingu, léttar veitingar og veisluþjónustu. Skildu bílinn eftir og komdu með okkur í Þórsmörk.*



*Frábær gistiaðstaða og þjónusta í Húsadal í Þórsmörk.*







*Ferðir daglega 15/6-14/9*
*Hópferðir eftir pöntunum*

Kynnisferðir

*BSÍ / 101 Reykjavík / Sími 562-1011 / main@re.is / www.re.is*

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Fartölva óskast**

Óska eftir nýlegri fartölvu. Aðeins góð vél kemur til greina á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 825 7221.

## Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is




## Skotvopn

Mjög góður 6,5x55. Rifill með Meopa 3-12x50 kíki, tvífót harði tösku, bedd-aður, þungt fljótandi hlaup. Uppl. í s. 864 1504.

## Verslun




## Til bygginga

**Krossviður til sölu**

Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Óskum eftir loftastoðum bitum og doka fyrir allt að 400 fm. undirslátt. S. 698 8849.

# HEILSA

## Heilsuvörur






Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega auðveldur og einfaldur. Uppl. Dóra 869 2024 www.dietkur.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríar prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**50% Off summer prices**

Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 21/7, 18/8. Level II: 7 w: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 11/8, 29/9. Level III: 10 w: Tsd/Thrd; 20-21:30 start 22/7, 23/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu. Silki Terrier hvolpar. Uppl. í s. 697 7860.



Labrador hvolpar til sölu. Heilbrigðisvottaðir og ættbókafærðir hjá HRFÍ. Seljast með ábyrð tilbuinir til afhendingar 1. ágúst. S. 864 1504.



Am.Cocker Spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ foreldrar báðir innfluttir, tegundin er blíð og henta vel sem fjölskylduhundar. Uppl á www.draumora.com eða í s. 693 1968.

Hundaskóli Heimsenda Hunda Grunnnámskeið hvolpa og unghunda hefst 16 júlí. Lærdómsrík námskeið fyrir þig og hundinn þinn. Björn Ólafsson BIPDT(British Institute of Professional Dog Trainers) www.hundaskoli.net Uppl 897 1992.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Sandafell, Þingeyri. Gistihús - veitingastaður - orlofsíbúð til leigu. S. 456 1600.

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

**Velkomin að Lundi**

Ferðaþjónustan Lundi við Ásbyrgi. Fjölskylduvænt tjaldsvæði, sundlaug, heitur pottur, sjoppa, allskonar svefnpláss, þráðlaust net, fjölbreyttar veitingar, umverfisvænn staður. Sjá dettifoss. is s. 465 2247.

## Fyrir veiðimenn




Heimavík. Sími 892 8655.




# ÞJÓNUSTA




# TIL SÖLU



# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Herb. til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4. herb íbúð til leigu m/öllu. Frá 2. sept '08 til 3. nóv '08. Allt innifalið, rafmagn, ískápur, húsgögn ofl. Reyklaust, trygging samkomulag. Uppl. í s. 693 0003.

Til leigu 2. herberg. íbúð í 105. með húsg. og fl. Í 1 vika - 3 mán+. Uppl. í s. 662 1118.

4ja herb. íbúð í litlu fjölb.ásamt bílskúr í Lindarhv. Kóp. til leigu. Laus. Uppl. í s. 660 7067.

Til leigu 3.herb. íbúð í Salahverfi,laus fljótlega.Uppl. í síma 868-7801 og 845-6797

Til leigu glæsileg 110 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

**Tímabundin Leiga**
Mjög góð 2ja herbergja íbúð í Efra-Breiðholti til leigu tímabilið frá 23. júlí til 4.sept. 2008. Frábært útsýni af 6.hæð, stutt í Bónusverslun. Verð kr. 110 þúsund á mán., allt innifalið + aðgangur að interneti. Uppl. í s. 864 0306.

Mjög góð 3herb íbúð í 110, laus m/án húsg. Bankaábr. og fyrirframgr. Uppl. 6998982/6948494

18fm herb. á sv. 105. Sérinng. frá stigagangi, dyrasími. WC, sturtuklefi, eldunaraðstaða, örbylgjuofn og símtenging. Laust strax. S. 899 9948.

Hverfi 109 Rvík. Falleg og björt 5.herb. íbúð til leigu frá 1.sept '08 til 1.ágúst '09 framlenging gæti komið til greina. Íbúðin er 104fm og er á 1.h. með stórum svölum. Eldhúsið er m.búri og litlu þvottaherb. Ísskápur, þvottavél og þurrkari geta fylgt. mikið af leiktækjum í garði f/ börnin. Leiguv. 150þ. m. hússjóð. Uppl í s. 822 0859 eða rks6767@hotmail.com

Hverfi 109 Rvík. Falleg og björt 5.herb. Íbúð til leigu frá 1.sept '08 til 1.ágúst '09 framlenging gæti komið til greina. Íbúðin er 104fm og er á 1.h. með stórum svölum. Eldhúsið er m.búri og litlu þvottaherb. Ísskápur, þvottavél og þurrkari geta fylgt. Mikið af leiktækjum í garði f/ börnin. Leiguv. 150þ. m. hússjóð. Uppl. í s. 822 0859 eða rks6767@hotmail.com

Nice clean room for rent. Everthing included. Access to kitchen, washing macheine, tv and internet. Info s. 697 4032.

## Húsnæði óskast

**Toppleigjendur!!!!**
**óska eftir snyrtilegri 3.ja herb íbúð á barnvænum rólegum stað til leigu sem fyrst. Reglusemi, reykleysi og snyrtimennska í fyrirrúmi gegn sanngjarni leigu, en greiðsluósk er uppað 125.000 á mánuði. Fyrirframgreiðsla og toppmeðmæli engin fyrirstaða. Ef þig vantar leigjanda sem hugsar vel um eign þína þá er ég góður kostur. Endilega sendið meil á hkh@visir.is með uppl um verð, staðsetningu.**
**Eins tek ég á móti símtölum milli 18-20 á kvöldin. Uppl. í s. 663 9751.**

Óskum eftir húsi í Höfnunum á suðurnesjum til leigu til að byrja með og jafnvel til kaups síðarmeir. Upplýs. í s. 562 5013 eða 866 8112.

Ung barnlaus hjón óska eftir 2. herberg íbúð. langtímaleigu. Frá 1. ágúst í Rvk. Reyklaus og reglusöm. Uppl í s. 659 5009.

Óska eftir 2 herb. íbúð á Ak. strax. Uppl. í s. 698 9299.

## Sumarbústaðir



**Gestahús til sölu :**
Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.

**Húsafell**
Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. - Geymið auglýsinguna.

Til leigu ca. 130 fm. sumarhús rétt við Munaðarnes. 4 svefnherbergi, heitur pottur og kamína. V. 70 þ. pr. viku. Uppl. í s. 898 8738 eða apr@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

Atvinnuhúsnæði - Kópavogur 90-150 fm til leigu. Laust strax. Góð aðkoma. S. 845 7774.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sjávarkjallarinn**
**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Kvöld og helgarvinna**
**Leitum eftir góðum barþjóni og dyraverði. Íslensku kunnátta skilyrði. Lágmarksaldur 20 ár. Uppl. í s. 893 2323 og umsóknir á staðnum Kringlukráin eða á www.kringlukrain.is**

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

SÍMSTÖÐIN
Láttu okkur sjá um símann

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi. Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð Íslensku kunnátta.**

Vantar nokkra 11-18 ára unglinga til að grúska í tónlistarmyndböndum á netinu. Ágæt laun. Nánari upplýsingar: www.woodyallen.com/auglysing

**Sölustarf í verslun**
Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og tilfallandi störf. Farið er fram á lágmarks kunnáttu á tölvur, jákvæðni og góða þjónustulund. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Umsókn sendist á rumgott@rumgott.is Uppl. í s. 544 2121.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Thorvaldsen Bar er að leita eftir starfsfólki í auka vinnu. Uppl. veitir Kristín í s: 616 3001 eða Rósa Amelía í s: 844 7978 eða sendið email á thorvaldsen@thorvaldsen.is

Óskum eftir að ráða vana flísara til starfa. Þurfa getað unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 690 8090.

**Gröfumaður**
Óska eftir gröfumanni á vel útbúna hjólavél á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 869 4787.

**Dyraverðir**
Bar 11 óskar eftir dyravörðum Uppl. í s. 821 6921.

Vantar þig aukatekjur? Sjalfst.dr.Herbalife s:8960936 www.heilsufrettir.is/sigmar

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Laghender mann vantar vinnu, góður flísaleggjari, málari, setja upp eldhúsinnréttingar, baðherbergisinnréttingar og fleira. Uppl. í S. 899 4785.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Fullorðinshjól fannst í smáíbúðarhverfi í hverfi 108. Uppl. í s 892 4834,

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 opið allan sólarhringinn.**




# ATVINNA

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**Smiðir**
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

**Múrarar**
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

BETRI HÍBÝLI

**Óskum eftir lærðum smiðum**
í uppsettningu á innréttingum og milliveggjum, parketlögn og ýmsa aðra innivinnu. Einnig lærðum flísurum, (eða vönum flísavinnu). Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 824 0232

W zwiazku z nawalem zadan poszukujemy wyczonych stolarzy do montowania mebli, ukladania parkietów, stawiania scianek dzialowych i do podobnych prac. Poszukujemy równiez wyuczonych kaflarzy (lub kaflarzy z doswiadczeniem) Dokladniejsze informacje pod telefonem 8240232

**BETRI HÍBÝLI Hyrjarhöfða 8 Reykjavík.**
**S. 824 0232**

# TIL LEIGU

**Til leigu**
glæsilegt parhús á einum besta og skjólsætasta stað á Egilsstöðum. Íbúðin er 5 herb. á 2 hæðum og er ca 175 fm. Bílskúr er 35 fm með góðu hilliuplássi og stórum innkeyrsludyrum. Hátt er til lofts á neðri hæð íbúðar sem er steypt en efri hæð er með kvistum og birkipanel. Húsið er nýmálað að utan og vel við haldið jafnt að innan sem utan. Gatan er gróin, garðurinn fallegur og hannaðar af garðyrkjumeistara með lítilli tjörn fyrir framan húsið. Stutt er í skóla, íþróttahús og sundlaug og ekki yfir neina umferðargötu að fara. Leiguverð kr. 180 þús. á mán. og leigist til eins árs í einu. Laust fljótlega. **Uppl. í s. 862 2282.**

# TIL SÖLU



**Heilsárs sumarhús í Grímsnesi**
Til sölu í landi Vaðness ca 65 km frá höfuðborginni.

Stutt í alla þjónustu, golf, sund, verslanir.
Húsið er einstaklega vandað að allri gerð, klætt með bjálkaklæðningu að utan sem innan.
Stærð 65 fm + geymslurými ca 10 fm. Góð og stór verönd.
Heitur pottur, heitt og kalt vatn, rafmagn. Innbú fylgir. Stærð lands er 10.000 fm eignarland.
Óvenjufallegt gróðri- og kjarrivaxið land með bláberjalautum.
Hér er um að ræða einstaklega áhugaverða eign fyrir vandláta og fjársterka aðila.
Verð: Tilboð

**Uppl. Eftir kl. 17:00 í sima 663 2568**




Öll mörkin í Landsbankadeildinni

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is



# Björgunarsveitir á hálendinu

**UMRÆÐAN**
Sæunn Kjartansdóttir skrifar um slysavarnir


SÆUNN KJARTANSDÓTTIR

Núna þriðja sumarið í röð flykkjast björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar upp á hálendi Íslands til að vera samlöndum sínum og gestum okkar innan handar ef og þegar eitthvað kemur upp á. Frá 27. júní fram til 10. ágúst verða björgunarsveitir á ferð um Kjalveg, Fjallabak, Sprengisand og norðan Vatnajökuls. Fjórar sveitir eru á vaktinni í viku hverri og eru þær með aðstöðu í Landmannalaugum, Hveravöllum, Nýjadal og Drekagili þar sem ávallt er hægt að ná í þær. Út frá þessum stöðum keyra björgunarsveitirnar, heimsækja alla skála á hálendinu, kanna aðstæður, leiðbeina og aðstoða ferðalanga. Komi eitthvað fyrir á hálendinu styttir vera björgunarsveitanna mjög svo viðbragðstímann en hóparnir eru beintengdir útkallskerfi félagsins.

Meginmarkmið verkefnisins er fyrst og fremst slysavarnir, það er að koma í veg fyrir þann fjölda slysa og óhappa sem verða á hálendinu á sumri hverju, með fræðslu og aðstoð við ferðamenn. Alltof margir sem um hálendið fara eru vanbúnir, þekkja aðstæður og ferðamáta þar lítið og treysta of mikið á eigin getu og tæki.

Á síðasta ári tóku 24 björgunarsveitir þátt í verkefninu eða samtals 120 sjálfboðaliðar. Í verkefninu voru notaðir 35 björgunarsveitabílar og 54.035 kílómetrar eknir. Fjöldi skráðra verkefna voru um 250 á þessu sjö vikna tímabili sem sveitirnar voru til staðar. Ferðamenn voru misvel búnir til hálendisferða og margir gerðu sér ekki grein fyrir að símasamband væri stopult á þessum slóðum. Hálendisvegirnir okkar eru oft grýttir og erfiðir yfirferðar og töluverða reynslu og kunnáttu þarf til að aka þá. Mjög mikilvægt er að vera vel útbúinn og hafa þekkingu og reynslu áður en ekið er yfir ár og vöð. Mörg verkefni hópanna voru m.a. að draga bíla upp úr ám og laga dekk og hjálpa ferðamönnum þannig að komast aftur til byggða. Oft heyrðist setningin „this is four wheel drive“ þegar björgunarsveitafólk leiðbeindi ferðamönnum og upplýsti þá um ástand vega eða aðstoðuðu og gerðu ferðalangar þá ráð fyrir að hægt væri að komast allt með fjórhjóladrifinu einu saman.

Á þessu sést að mikil þörf er fyrir verkefni sem þetta. Það er okkar allra hagur að þeir sem ferðast um landið eigi góðar stundir og komi heilir heim. Landið er fagurt en óútreiknanlegt og um það þarf að upplýsa ferðamenn. Íslenska veðráttan er óútreiknanleg eins og við flest þekkjum og fjöldi útkalla varðandi veður og færð hafa sjaldan verið jafnmörg á stuttum tíma eins og síðustu mánuði. Björgunarsveitafólk hefur mikla menntun og reynslu á bakinu og er að sjálfsögðu ávallt tilbúið til að bjarga og leysa þau verkefni sem upp á koma. Einnig er það mikil og góð reynsla fyrir okkar björgunarsveitafólk að ferðast um hálendið og takast á við verkefnin, veðráttuna og vegina.

Aðalstyrktaraðili verkefnisins er N1 en jafnframt koma Íslenska gámafélagið og Vodafone að því.

*Höfundur er verkefnastjóri á slysavarnasviði Slysavarnafélagsins Landsbjargar..*

# Að vera tekinn alvarlega

**UMRÆÐAN**
Ögmundur Jónasson svarar leiðara Fréttablaðsins


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Já, hvað skyldi þurfa til svo taka megi einn þingmann alvarlega? Sú spurning vaknaði hjá leiðarahöfundi Fréttablaðsins þegar undirritaður skrifaði blaðagreinar þar sem velt var vöngum yfir því hvort EES-samningurinn væri farinn að ganga svo gegn lýðræðinu að íhuga bæri hvort við ættum að segja okkur frá honum. Hvatti ég til að ræða Evrópuumræðuna í allri sinni dýpt.

Máli mínu til stuðnings nefndi ég kröfu frá Brussel um að Íslendingar hætta að reka Íbúðalánasjóð í núverandi mynd því hann skekkti samkeppnisstöðu bankanna! Ekki var spurt um hagsmuni almennings, aðeins hitt að tilvist Íbúðalánasjóðs gengi í berhögg við reglur „hins innri markaðar“.

Nú gerðust undur og stórmerki. Þeir sem áður höfðu látið í veðri vaka að þeir vildu umræðu um Evrópumál virtust vilja kveða tal mitt niður umræðulaust! Varaformaður Samfylkingar talaði um „heimsku“ að ég skyldi voga mér að hreyfa þessum málum! Leiðarahöfundur Fréttablaðsins sagði að ég yrði að skýra mál mitt betur ef taka ætti „þingmanninn alvarlega“. Hvað skyldi yfirleitt þurfa til svo Fréttablaðið taki alvarlega umræðu sem ekki fer fram einhliða um kosti þess að ganga inn í ESB? Blaðið virðist ekki eiga í vandræðum með að taka gagnrýnislaust já-fólk „alvarlega“.

Hvernig skyldi annars standa á því að alltaf þegar efnt er til almennrar atkvæðagreiðslu um Evrópusamrunann í einstökum þjóðlöndum Evrópusambandsins þá verða miðstýringaráformin undir? Væntanlega er það vegna þess að fólki finnst stigið á lýðræðislegar væntingar sínar; að tilskipunum frá Brussel um að leggja niður Íbúðalánasjóðina og markaðsvæða póst- og heilbrigðisþjónustuna sé nokkuð sem því sé ekki gefið um. Jafnan þegar almenningur hefur gefið sinn úrskurð í þjóðaratkvæðagreiðslu, nú síðast á Írlandi, rís stofnanaveldið upp og sendir almenningi tóninn. Fólkið er sagt illa upplýst, skilji ekki hvað því sé fyrir bestu. Leiðarahöfundar dagblaða segja iðulega í hneykslan sinni að niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sé varla hægt að taka alvarlega, svo heimskuleg sé hún. Kannski er ég bara í ágætum félagsskap þótt mér takist ekki að þóknast hrokagikkjum í Samfylkingunni og leiðarahöfundum á Mogga og Fréttablaðinu.

*Höfundur er alþingismaður.*



365

TILBOÐ TIL HLUTHAFA 365 HF.

Vegna fyrirhugaðrar afskráningar 365 hf. af skipulegum verðbréfamarkaði hefur stjórn félagsins ákveðið, með samþykki hluthafafundar þann 1. júlí 2008, að kaupa hluti þeirra hluthafa sem þess óska.

Hluthöfum 365 hf. er gert tilboð um að selja hlutabréf sín í félaginu á genginu 1,20 kr. fyrir hvern hlut í 365 hf. Tilboðið gildir til kl. 16.00 þann 11. júlí 2008. Tilboðið er gert þeim hluthöfum sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins kl. 11.00 þann 1. júlí 2008.

Hluthöfum gefst þó kostur á að vera áfram hluthafar í óskráðu félagi 365. Kauptilboðið er sett fram í því skyni að koma til móts við hluthafa félagsins og er það hverjum og einum hluthafa í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir kauptilboðið. Ef hluthafi hefur ekki hug á að taka þátt í kauptilboðinu, þarf viðkomandi hluthafi ekki að aðhafast neitt, þar sem allir þeir sem taka ekki þátt í tilboðinu halda ósjálfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent hefur verið til allra hluthafa á skráð lögheimili þeirra. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Hluthafar sem hyggjast taka þátt í tilboðinu skulu lesa bréf sitt vandlega og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa þann 7. júlí 2008 skal hann hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem einnig eru veittar allar aðrar upplýsingar um tilboðið.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlíð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is

# Forðumst brotlendingu

**UMRÆÐAN**

Guðjón Arnar Kristjánsson skrifar um sjávarútvegsmál



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Í fyrstu viku júní kom enn ein svartnættisspáin frá Hafró um að lítið væri af þorski á Íslandsmiðum. Þessi framsetning eftir mikla þorskgengd á alla veiðislóð á sl. vertíð er í engu samræmi við það sem þeir, sem fiskveiðarnar stunda, segja af sinni reynslu á þessu ári. Margir skipstjórar við botnfiskveiðar hafa lýst því frá mismunandi veiðislóð allt í kringum land að mikið af þorski væri á miðum þeirra. Margir þeirra hafa einnig verið á flótta undan þorski vegna lítils kvóta.

Leyfður þorskafli stjórnvalda er nú 130 þúsund tonn. Þetta er minni ársafli en verið hefur sl. 98 ár ef undan eru skilin fyrri-heimsstyrjaldarárin. Þetta er nú sá „árangur“ sem kvótakerfi með frjálsu framsali og leigukvótaokri hefur fært okkur Íslendingum, eftir að við náðum þeim áfanga að sitja ein að veiðunum og reyna að stjórna sjálf með kvótakerfi í aldarfjórðung.

**Stöðvum vitleysuna**

Nú þarf að segja stopp. Setjum á jafnstöðuafla: - 220 þúsund tonna þorskveiði næstu þrjú árin. Metum síðan árangurinn. Ég spái því að hann verði betri en það sem við höfum gert frá 1984 með kvótabraskkerfinu. Undanfarna mánuði hef ég varað við hættunni af miklu atvinnuleysi. Mesta skaðvaldi launþega samfara hækkun vöruverðs og verðtryggingu lána. Nú þarf að bregðast hratt við. Auka atvinnu og tekjur þjóðfélagsins með þeim ráðum sem tiltæk eru, og þar með auka bjartsýni fólks. Ólíkt uppbyggingu í öðrum grundvallaratvinnugreinum þá er allt til staðar. Við eigum skipin, fiskvinnsluhúsin, sjómenn sem kunna að veiða og fiskvinnslufólk í landi. Öll atvinnutæki eru tilbúin. Ekki þarf nýja fjárfestingu. Markaðir eru góðir. Við verðum að stefna burt úr brotlendingu efnahags og hrunadansi verðbólgunnar. Verðtrygging og okurvextir eru afleiðing núverandi stjórnarstefnu.

**Raunhæfar tillögur**

Tillögur mínar eru að eftirfarandi verði nú gert næstu þrjú fiskveiðiár:

- Þorskaflinn verði föst stærð, 220 þúsund tonn hvert ár. Undirmálsþorskur verði að 2/3 utan kvóta til þess að stöðva brottkast smáþorsks úr afla og fá á land rétta árgangastærð, fjölda og þyngd ungfisks í veiddum þorskafla.
- Öll leiga og sala kvóta milli útgerða verði stöðvuð frá og með næstu áramótum. Sett verði lög um það að aðeins ríki og sveitarfélög megi leigja kvóta til útgerðar. Þær tekjur sem ríkið fær af leigu kvóta verði að mestu notaðar til að efla atvinnuskapandi verkefni, m. a. verklegar framkvæmdir. Tekjurnar verði einnig notaðar í auknar hafrannsóknir. Nefna má áhrif hlýsjávar á lífríki Norðurhafsins þangað sem þorskurinn leitar nú í auknum mæli, út úr okkar lögsögu í ætisleit.
- Loðnuveiðar verði ekki leyfðar næstu tvö ár, nema því aðeins að veiðistofn loðnu mælist yfir 800 þúund tonn. Þetta til að auka framboð á æti fyrir botnfiska á grunnslóð. Útgerðum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og vinnsluaðilum loðnu verði bættur tekjumissir vegna minni loðnuveiðiheimilda næstu tvö árin. Útgerð megi færa óveiddan kvóta milli fiskveiðiára eftir nánari reglum.
- Á hverju þessara þriggja ára verði 150 þúsund tonn í aflahlutdeildarkerfinu hvert ár. 25 þúsund tonn verði í byggðapotti næstu tvö ár og síðan 10 þúsund tonn, þriðja árið.
- Línuívilnun verði 5.000 tonn öll þrjú árin. 40 þúsund tonn verði boðin upp af ríkissjóði og sveitarfélögum skipt þannig:
- 5.000 tonn á togara litla og stóra.
- 5.000 tonn á snurvoða- og netabáta.
- 5.000 tonn á línubáta. Til helminga á véla- og landbeitta línu.
- 5.000 tonn á handfærabáta undir 30 brúttótonnum að stærð
- 20.000 tonn til byggðarlaga. Boðið fram sem leigukvóti með forgang til þeirra sem mest hafa leigt hlutfallslega annars vegar og þeirra sem hæst verð greiddu. Þessar leigutekjur af óveiddum þorski renni til viðkomandi sveitarsjóða. Eftir tvö ár stækkar þessi pottur um 15 þúsund tonn, í 35 þúsund tonn.

**Verðum að endurskoða allt**

Að tveimur árum liðnum fari fram endurskoðun á þessari framkvæmd og mótuð frekari stefna út úr núverandi kvótakerfi. Einkum verði unnið skipulega að því að fækka kvótabundnum botnfisktegundum, sem oftast eru meðafli við flestar botnfiskveiðar.

Árangursleysi núverandi kvótakerfis í tæplega fjórðung úr öld er algert. Lögbundin markmið um trausta atvinnu og byggð í landinu samfara uppbyggingu fiskistofna hafa alls ekki náðst. Nú er nóg komið af pólitískri fiskifræði og stjórnarstefnu um samþjöppun veiðiheimilda á fáar hendur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið ráðið í 17 ár samfellt. Þessu verður að linna. Þjóðin á auðlindina en hvorki Hafró né heillum horfinn Sjálfstæðisflokkur við völd í skjóli Samfylkingar.

Barentshafið gefur nú þorskveiði upp á 500 þúsund tonn árlega. Hafrófiskifræðin taldi þar vera verstu veiðistjórnun í Norður-Atlantshafi. Eru það trúarbrögð okkar fiskifræðinga ennþá að svo sé? Getum við lært af þeirri merkilegu „ofveiðireynslu“? Eða fellur sú reynsla og þekking ekki að Hafrófiskifræðinni? Erum við, það er íslenskir fiskifræðingar, einir „handhafar sannleikans“, ávallt með réttu leiðina? Má aldrei tala við aðra sem eitthvað vita?

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins.*

# Einkavinavæðing búsetuúrræðis

**UMRÆÐAN**

Þorleifur Gunnlaugsson skrifar um búsetuúrræði fyrir SÁÁ



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Formaður Velferðarráðs Reykjavíkur, Jórunn Frímannsdóttir, á í miklum erfiðleikum með að rökstyðja þá ákvörðun að ganga til samninga við Heilsuverndarstöðina/Alhjúkrun um búsetuúrræði þrátt fyrir að SÁÁ væri með fjórðungi lægra tilboð í þjónustuna.

Þeir sem koma til með að nýta sér umrætt úrræði eru að uppistöðu fyrrverandi vistmenn Byrgisins og fjármagnið sem fer frá félags- og tryggingamálaráðuneyti í verkefnið er eyrnamerkt því fólki. Það er sorglegt til þess að hugsa að ekkert nothæft úrræði hafi verið til staðar fyrir þessa veiku einstaklinga í meira en eitt og hálft ár þrátt fyrir þá smánarlegu meðferð sem þeir máttu þola í Byrginu en þar bera bæði ríki og borg ábyrgð.

Ef bera á saman SÁÁ og Heilsuverndarstöðina/Alhjúkrun með tilliti til uppbyggingar viðkomandi einstaklinga, sem eiga að baki erfiða félagslega sögu og þurfa að takast á við afleiðingar áfengis- og/eða vímuefnamisnotkunar, er samanburðurinn án nokkurs vafa SÁÁ í vil.

Heilsuverndarstöðin/Alhjúkrun er nýtt fyrirtæki og mér vitandi án reynslu af þessu sviði. SÁÁ hefur aftur á móti unnið í 30 ár að áfengis- og vímuefnalækningum, þar á meðal að rekstri búsetuúrræða fyrir alkóhólista. Samkvæmt tilboði SÁÁ eru þar yfir 60 sérhæfðir heilbrigðisstarfsmenn sem eingöngu sinna því starfi að byggja upp áfengissjúka einstaklinga og eiturlyfjafíkla. Má þar nefna sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, áfengis- og vímuefnaráðgjafa og félagsráðgjafa.

Formaður Velferðarráðs og sviðsstjóri Velferðarsviðs segja í grein í Morgunblaðinu 22. júní sl.: „Auk þess þótti skipta máli að Heilsuverndarstöðin/Alhjúkrun hafði til taks afar hentugt húsnæði fyrir umrædda starfsemi.“ Og sviðsstjórinn lætur hafa eftir sér í DV 28. maí: „Það vegur þungt að Heilsuverndarstöðin hefur húsnæði á takteinum sem hentar mjög vel undir starfsemina.“

Og hvaða draumahúsnæði er það sem skiptir svona sköpum? Um er að ræða raðhúsalengju í austurbænum sem er um það bil fokheld og staðsett í nýju íbúðahverfi. Það sést ekkert sérstakt við þetta húsnæði og án nokkurs vafa hægt að finna sambærilega raðhúsalengju víða í nýbyggingahverfum borgarinnar. Í gögnum sem afhent voru borgarráði fimmtudaginn 26. júní kemur fram að Heilsuverndarstöðin/Alhjúkrun hefur hvorki keypt né leigt umrætt húnæði en stendur það til boða „að því gefnu að samningar á milli Heilsuverndarstöðvarinnar/Alhjúkrunar og Velferðarsviðs verði undirritaðir“ eins og segir í yfirlýsingu frá núverandi eiganda. Húsnæðið verður semsagt ekki afhent nema samningar náist og að sjálfsögðu verður það ella selt öðrum. Þessu til viðbótar hafa fjölmiðlar fjallað um það að hugsanlega séu eigendur umræddra fasteigna á gjaldrotastigi og þá verði húsnæðið ekki til reiðu í nánustu framtíð.

Nú þegar formaður Velferðarráðs er að komast út í horn segir hún í fréttum RÚV 29. júní að „þegar að þetta er lagt upp fyrir ráðinu í apríl að þá er einmitt talað um að það geti jafnvel verið fleiri, semsagt að þessi aðili, hann geti boðið upp á fleiri en einn húsakost“. Undirritaður var ekki á umræddum fundi en þeir sem ég hef talað við og sátu fundinn kannast alls ekki við umræður af þessu tagi. Það hefur allan tímann verið mjög skýrt í málflutningi formanns Velferðarráðs og sviðsstjóra Velferðarsviðs að einmitt umrætt húsnæði hafi vegið þungt þegar ákvörðun var tekin um að taka tilboði Heilsuverndarstöðvarinnar/Alhjúkrunar þó svo það væri umtalsvert hærra en tilboð SÁÁ.

Það er í sjálfu sér alvarlegt ef formaður Velferðarráðs segir ósatt til um umræður á fundi ráðsins og kannski ástæða til að kanna það betur. Hitt er svo annað mál að öngstrætið sem Jórunn Frímannsdóttir er komin í hvað þetta mál varðar virðist vera að lokast og röksemdirnar fyrir því að hafna tilboði SÁÁ falla hver af annarri.

*Höfundur er borgarfulltrúi VG.*

# Trúlausi guðfræðingurinn og guðfræðideild Háskóla Íslands

**UMRÆÐAN**
Sigurvin Jónsson og Sunna Dóra Möller svara grein Teits Atlasonar


SIGURVIN JÓNSSON


SUNNA DÓRA MÖLLER

Hinn 16. júní síðastliðinn birtist opnulöng grein í Fréttablaðinu eftir Teit Atlason er ber yfirskriftina „Trúlausi guðfræðingurinn“. Í greininni gagnrýnir höfundur guðfræðideildina, sem hann segir gallaða stofnun, og tiltekur m.a. eftirfarandi rök fyrir því: „Í mínum huga eiga að vera skýr skil á milli hinnar trúarlegu innrætingar og hinnar fræðilegu kennslu. Það vantar einnig ýtarlegri biblíugagnrýni, kenningar um hinn sögulega Jesú, kynningu á trúarlegu umhverfi þegar Biblían er rituð, trú Egypta, kynningu á [sic] betri kynningu á gnóstískum ritum. Svo ekki sé talað um Júdasarguðspjall sem er merkilegasti fornleifafundur síðustu árhundruða.“

*Í greininni „Trúlausi guðfræðingurinn“ er vegið að kennslu á sviði biblíufræða við Háskóla Íslands af nemanda sem ekki hefur setið framhaldsnámskeið á sviði nýjatestamentisfræða.*

Gagnrýni höfundar á guðfræðideildina snýr m.a. að kennslu á sviði biblíufræða og þá sérstaklega nýjatestamentisfræði sem undirrituð hafa valið að sérsviði. Prófessor í nýjatestamentisfræði er dr. Jón Ma. Ásgeirsson en hann er menntaður frá Claremont háskóla í BNA og er þekktur á alþjóðavísu sem fræðimaður á þessu fræðasviði. Til að sækja framhaldsnámskeið í nýjatestamentisfræðum þurfa nemendur að hafa lokið grunnnámskeiðum í samtíðarsögu, inngangsfræði og guðfræði Nýja testamentisins auk 10 eininga í forn-grísku. Venja er að nemendur sæki framhaldsnámskeið í nýjatestamentisfræðum á þriðja til fimmta ári náms en ekki á BA stigi. Fjallað verður nú sérstaklega um þau sex atriði sem að Teitur nefnir í þessu samhengi.

**Ítarleg biblíurýni**

Ítarleg biblíurýni á sér stað í framhaldsnámskeiðum sem kallast ritskýring, en þar eru tekin fyrir einstaka rit Gamla og Nýja testamentisins. Í inngangsnámskeiðum nýjatestamentisfræða er eðli málsins samkvæmt farið nokkuð hratt yfir sögu en í ritskýringarnámskeiðum gefst rými til ítarlegri umfjöllunar. Biblíutextarnir eru settir í samhengi við rannsóknir á sviði biblíuvísinda og er reynt að gefa fjölbreyttum sjónarmiðum gaum. Nýjatestamentisfræðin er þverfagleg fræðigrein sem notfærir sér þekkingu og rannsóknir á sviði fjölmargra fræðigreina til að varpa ljósi á texta Nýja testamentisins.

Kenningar um hinn sögulega Jesú eiga langa hefð í umfjöllun um Nýja testamentið og persóna Jesú hefur heillað trúaða jafnt sem efasemdamenn öldum saman. Nútíma rannsóknir byggja á grunni nákvæmra textarannsókna og heimildarýni. Í guðfræðideild Háskóla Íslands eru kenningar um hinn sögulega Jesú kynntar í inngangsnámskeiðum og í framhaldsnámskeiðum takast nemendur á við slíkar kenningar með því að rannsaka þær frumheimildir sem fyrir hendi eru.

Trúarlegt umhverfi á ritunartíma biblíunnar er viðfangsefni inngangsnámskeiða og liggur til grundvallar allri ritskýringu. Þar fá nemendur innsýn í fjölbreytilegt efni sem tekur til jafnt stjórnmálasögu, hugmyndafræði og trúarbragða í umhverfi Nýja testamentisins. Í inngangsfræði Nýja testamentisins er farið yfir bókmenntasögu alls Nýja testamentisins ásamt kynningu á ýmsum skyldum ritum.

Þekking á trú Egypta er mikilvæg í samhengi Nýja testamentisins vegna þess samruna grískrar og austrænnar menningar sem átti sér stað eftir tíma Alexanders mikla á þessu landsvæði og lögð er mikil áhersla á að textarnir séu lesnir í því samhengi.

Hvað snertir gnóstísk rit hefur prófessor Jón Ma. komið að rannsóknum og þýðingum rita af þeim flokki. Leggur hann áherslu á í kennslu sinni að nemendur kynnist m.a. ritum Nag Hammadi safnsins, flokki gnóstískra rita sem fundust í Egyptalandi 1945.

Júdasarguðspjall hefur vakið mikla athygli vegna þess að eintak þess komst nýlega í hendur fræðimanna, illa farið eftir langa og sorglega meðferð forngripabraskara. Jón Ma. greindi frá þessari atburðarás ítarlega í erindi á Hugvísindaþingi haustið 2006 og fór þar yfir rannsóknarsögu Júdasarguðspjalls. Þess má geta að í haust er í boði námskeið í guðfræðideild um apókrýf guðspjöll, m.a. Júdasarguðspjall.

**Veist að guðfræðideild**

Í greininni „Trúlausi guðfræðingurinn“ er vegið að kennslu á sviði biblíufræða við Háskóla Íslands af nemanda sem ekki hefur setið framhaldsnámskeið á sviði nýjatestamentisfræða. Við sem þessa grein ritum stundum bæði rannsóknir á sviði nýjatestamentisfræða við Háskóla Íslands undir handleiðslu Jóns Ma. Ásgeirssonar. Við finnum okkur því knúin til að leiðrétta þá aðför sem í orðum hans felst. Þeim atriðum kennslu og rannsókna sem Teitur Atlason kallar eftir eru gerð vegleg skil í starfi deildarinnar og sitja þar allir nemendur við sama borð.

*Sigurvin Jónsson er guðfræðingur og Sunna Dóra Möller guðfræðinemi. Lengri útgáfa greinarinnar birtist á sigurvin.annall.is og sunnadora.blog.is.*

# *Drepið á dyr borgarinnar*

**UMRÆÐAN**
Pétur Markan skrifar um kjör háskólastúdenta


PÉTUR MARKAN

Ágætur borgarstjóri Reykvíkinga sér ekki ástæðu til að sinna stúdentum þessa dagana. Sjálfsagt liggja gildar ástæður þar á baki. Ekki svarar hann tölvupóstum né upphringingum en fulltrúar Stúdentaráðs Háskóla Íslands hafa ítrekað reynt að ná í hann eftir að ljóst var að Félagsstofnun stúdenta þyrfti að taka þá nauðákvörðun að hækka leigu á stúdentaíbúðum, nákvæmlega því sem nemur þverrandi stuðningi borgaryfirvalda við FS á síðustu fjórum árum. FS hefur á sínum snærum 711 íbúðir sem í búa 1.030 manns og verður hækkunin frá 1.309 krónum mánaðarlega í minnstu einingum til 4.548 króna í þeim stærri, fyrir utan vísitöluhækkun.

*Það er með ólíkindum að í jafnhörðu árferði og nú er taki borgaryfirvöld ákvörðun um að skera á styrki til Félagsstofnunar stúdenta sem hefur þau keðjuverkandi áhrif að leiguverð á stúdentaíbúðum hækki.*

Af þessu má dæma að búið sé að læsa stúdenta úti, lyklalausa að Ráðhúsi Reykjavíkur. Á þá er vart fleiri klyfjum kreppunnar bætandi ef bakið á ekki að brotna. Þeir sem inni sitja virða dyrabjölluhringingar að vettugi og láta sem vindurinn sé að verki þegar kallað er hástöfum inn um bréfalúguna. Eina merkið um líf innandyra er blað sem smokrað er undir hallardyrnar þar sem á stendur: „Hundrað daga meirihlutinn ákvað að styrkurinn yrði föst upphæð á hverja íbúð, 500 krónur á mánuði. Við ákváðum að breyta því ekki. “ Það er í sjálfu sér jákvætt að borgarfulltrúar Reykjavíkur skuli vera sammála um eitthvað en það er ömurlegt til þess að vita að sú þverpólitíska sátt skuli ríkja um hagræðingu og niðurskurð á kostnað og brúsa stúdenta. Þar er lágt reitt til höggs og ódrengilega.

Það er með ólíkindum að í jafnhörðu árferði og nú er taki borgaryfirvöld ákvörðun um að skera á styrki til Félagsstofnunar stúdenta sem hefur þau keðjuverkandi áhrif að leiguverð á stúdentaíbúðum hækki. Það er segin saga að á félagslegri styrkingu er mest þörf þegar harðnar á dalnum og minni möguleikar eru fyrir stúdenta að komast af upp á sínar eigin spýtur. En ljósi punkturinn er sá að afglöp og vondar ákvarðanir þurfa ekki að standast tímans tönn því þær má leiðrétta og þær má færa til betri vegar. Svo herra Ólafur, það er einlæg ósk að þú kveikir á símanum, komir til dyra og ljáir stúdentum eyru þín um stund. Vormenn Ísland sjá fram á vosbúðarvetur ef ekkert verður aðhafst í málinu.

*Höfundur er framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

TIL LEIGU Í HOLTAGÖRÐUM




HOLTAGARÐAR
Höfum til leigu 640 m² verslunarhúsnæði í Holtagörðum. Í Holtagörðum finnur þú glæsilega verslunarmiðstöð í alfaraleið, við eina af helstu stofnæðum borgarinnar, Sæbrautina. Í framtíðinni mun umferð við Holtagarða aukast til muna þegar Sundabrautin verður lögð.

Í og við Holtagarða eru fjöldi frábærra verslana, aðgengi er til fyrirmyndar og þar eru yfir 800 bílastæði.

Sjá nánar á landic.is

**Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Rut Jónsdóttur í síma 660 6828 eða á irj@landicproperty.is**

LANDIC PROPERTY er eitt stærsta fasteignafélag á Norðurlöndum og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til langs tíma. | Kringlunni 4–12 | 103 Reykjavík | www.landic.is

LANDIC PROPERTY

**JESSICA SIMPSON SÖNGKONA ER 28 ÁRA**

*„Ég er svo mikil ljóska. Það skiptir engu máli þótt ég sé dökkhærð.“*

***Jessica Simpson hefur gert það gott í tónlistinni síðustu ár. Jessica hefur einnig reynt fyrir sér í kvikmyndaleik með misgóðum árangri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 10. JÚLÍ 1938**

## *Hughes flýgur í kringum hnöttinn*



Auðkýfingurinn Howard Hughes setti hraðamet á þessum degi árið 1938 þegar hann flaug á Lockheed L-14 Super Electra flugvél hringinn í kringum hnöttinn.

Hughes hóf ferðina í New York borg og sneri þangað aftur 91 klukkustundum seinna. Ferðalagið stóð því yfir í þrjá daga og nítján klukkutíma. Hann bætti eldra met þar með um heila fjóra daga.

Afrekið vakti heimsathygli og varð Hughes enn þekktari fyrir vikið. Hann hlaut alls kyns viðurkenningar fyrir uppátækið, þar á meðal orðu frá bandaríska ríkinu en hafnaði henni.

Hughes lét þó ekki þar við sitja og sló fleiri hraðamet næstu árin.

Þetta og fleira kemur fram í kvikmynd sem bandarísk leikstjórinn Martin Scorsese gerði um ævi Hughes árið 2004. Þar fór leikarinn geðþekki Leonardo DiCaprio með hlutverk Hughes, en kvikmyndin var tilnefnd til hvorki meira né minna en ellefu Óskarsverðlauna og vann til fimm verðlauna.

**MERKISATBURÐIR**

**1815** Hið íslenska Biblíufélag stofnað.
**1875** Haglél gerir í Biskupstungum með þrumum og eldingum.
**1937** Dani fellur um 70 metra niður í gljúfrið við Dettifoss. Hann lifir af.
**1942** Stærsti lax, sem veiðist á flugu, veiðist í Laxá í Aðaldal. Laxinn vegur 36 pund.
**1948** Hengibrú yfir Jökulsá á Fjöllum vígð. Leiðin milli Norður- og Austurlands styttist um 70 kílómetra.
**1980** Greiðslukortaviðskipti hefjast á Íslandi þegar Kreditkort hf. gefur út Euro-card greiðslukortin. Visa-kortin koma út ári síðar.

AFMÆLISBÖRN



**STEFÁN KARL STEFÁNSSON LEIKARI** er 33 ára.



**HELGI BJÖRNSSON TÓNLISTARMAÐUR** er 50 ára.



**ALMENN ÞEKKING ORÐIN MEIRI** Þórhallur K. Jónsson, framkvæmdastjóri Hreysti, segir fleiri stunda hreyfingu sér til heilsubótar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

HREYSTI: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI

# Leiðandi í fæðubótargeiranum

Hreysti var stofnað árið 1988 og fagnar því tuttugu ára afmæli um þessar mundir. Fyrirtækið hefur frá upphafi verið leiðandi í sölu æfingatækja og fæðubótarefna á Íslandi.

„Ég er einn af stofnendum og eigendum Hreysti og hef verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá upphafi,“ útskýrir Þórhallur K. Jónsson en hann hafði áður starfað í nokkur ár hjá fyrirtæki á sama sviði. Árið 1988 keypti Þórhallur ásamt þremur öðrum það fyrirtæki og heiti þess var breytt í Hreysti.

„Ásamt æfingatækjum og fæðubótarefnum höfum við um árabil einnig selt mikið af æfingafatnaði, meðal annars Russell Athletic-fatnað, sem naut mikilla vinsælda,“ segir Þórhallur um starfsemi fyrirtækisins. „Við settum heimsmet á sínum tíma í sölu á Russell-fatnaði en á nokkurra ára tímabili seldist sem svarar einni flík á hvert mannsbarn á Íslandi.“

Þórhallur segir þetta um breytingarnar á síðustu tuttugu árum: „Gæði æfingatækja hafa breyst mikið og eins hefur fæðubótarmarkaðurinn tekið stórstígum framförum. Almenn þekking hefur aukist verulega með nýjum kynslóðum sem hafa gert fæðubótarefni að hluta af sínum lífsstíl.“ Í dag eru fæðubótargeirinn og heilsugeirinn að hluta til að renna saman. Stóru matvæla- og lyfjafyrirtækin sækja inn á þennan markað enda sá markaður sem stækkar hvað mest í heiminum í dag.

Hreysti dró sig út úr því að selja fatnað upp úr aldamótunum og fór aftur í að selja fyrst og fremst æfingatæki og fæðubótarefni. Fyrirtækið leggur meðal annars áherslu á æfingatæki fyrir heimahús og fer til dæmis með umboðið fyrir heimalínu Life Fitness.

„Við höfum náð mjög góðum árangri með Slendertone-beltin. Þau hafa verið mjög vinsæl hér á landi og viðskiptavinir okkar eru almennt mjög ánægðir með árangurinn af notkun þeirra. Eins og með Russell-fatnað áður, hefur ekkert land selt eins mikið af Slendertone-beltum eins og við hérna á Íslandi,“ segir Þórhallur.

Aðspurður segir Þórhallur að það sem standi upp úr eftir tuttugu ára starfsemi sé hversu miklar breytingar hafi orðið á markaðsaðstöðu, almenn þekking sé orðin meiri og fleiri stundi hreyfingu sér til heilsubótar en áður.

„Við leggjum áherslu á aukið upplýsingaflæði til fólks og vinnum að sterkari ímynd okkar út á við. Það er staðreynd að reglulegar æfingar og vandað mataræði, þar sem fæðubótarefni eiga virka hlutdeild, er lykillinn að góðum árangri,“ segir Þórhallur „Það er metnaður okkar að bjóða góða vöru og þjónustu og miðla þekkingu okkar til viðskiptavinanna.“

**mikael@frettabladid.is**



†

*Útför okkar ástkæru,*

**Katrínar Elsu Jónsdóttur**

Espigerði 8, Reykjavík,

sem andaðist að heimili sínu 4. júlí síðastliðinn, fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju – félag langveikra barna.

**Bjarni Ragnarsson** **Kristbjörg Gísladóttir**
**Melíssa Katrín, Gísli Ragnar og Sverrir Tómas**
**Alma Eydís Ragnarsdóttir**
**Brynja Björk Baldursdóttir**
**Anna María Sverrisdóttir**
**Guðfinna Inga Sverrisdóttir**
**Sigurður Sverrir Sigurðsson.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Ágústa Þorsteinsdóttir**

Vestri-Reyni, til heimilis að Tindaflöt 5, Akranesi,

er lést 4. júlí sl. verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 11. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í Innra -Hólmskirkjugarði.

**Þórunn Valdís Eggertsdóttir**
**Elísabet Unnur Benediktsdóttir** **Benóný K. Halldórsson**
**Fríða Benediktsdóttir** **Eymar Einarsson**
**Valný Benediktsdóttir** **Ingibergur H. Jónsson**
**Haraldur Benediktsson** **Lilja Guðrún Eyþórsdóttir**
**Steinunn Fjóla Benediktsdóttir** **Jón E. Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAIK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

**Legsteinar**

í miklu úrvali



REIN

**Steinsmiðja**
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




†

*Föðursystir okkar,*

**Unnur Magnúsdóttir**

Hrauntungu 50, Kópavogi,

áður til heimilis í Stóragerði 18, Reykjavík, andaðist 3. júlí í Skógarbæ. Útförin fer fram frá Garðakirkju 14. júlí kl. 11.00. Jarðsett verður á Stóra-Núpi, Hreppum kl. 15.00 sama dag. Rútuferð austur í Hreppa verður frá félagsheimilinu Garðaholti kl. 13.00.

**Bernharður Guðmundsson** **Rannveig Sigurbjörnsdóttir**
**Margrét P. Guðmundsdóttir**
**Kristján Guðmundsson** **Margrét Hjaltadóttir**
**Þórhallur Guðmundsson** **Herdís Pálsdóttir**



†

*Elskulegur sonur minn, bróðir, faðir, afi og hjartkær vinur,*

**Björn Jónsson**

(fd. 23. 08. 1958 í Reykjavík)

lést 26. júní síðastliðinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk aðstandenda. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Katrín S. Karlsdóttir.**

# Á FERÐALAGI

| | | |
|---|---|---|
| **11.-12. júlí** | **Vestmannaeyjar** | **Bylgjan á ferðalagi** |
| 18.-19. júlí | Hemmi Gunn og Svansí í útilegu | |
| 25.-26. júlí | Fáskrúðsfjörður | Franskir dagar |
| 1.-2. ágúst | Verslunarmannahelgar-útvarp | |
| 8.-9. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli |
| 15.-16. ágúst | Bolungarvík/Ísafjörður | Ástarvika |
| 22.-23. ágúst | Hella | Landbúnaðarsýning |
| 29.-30. ágúst | Sandgerði | Sandgerðisdagar |

# BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

**Bylgjan og Olís eru í sumarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar! Við höldum ótrauð áfram ferðalagi okkar og byrjum sem fyrr á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu. Ívar Guðmunds tekur við kl. 9, Siggi Ragg heldur áfram strax eftir hádegi og við endum daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.**

**Á mogun verðum við í Höllinni, Vestmannaeyjum.**

**Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar
– á ferðalagi!**

**FÖSTUDAGUR:**
Í bítið
Ívar Guðmunds
SIggi Ragg
Reykjavík síðdegis

**LAUGARDAGUR:**
Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ævintýra-eyjan
olís



**Sandalar**
Þessir eru til í bláu eða brúnu og kosta 800 krónur parið.



**Strandsett**
Fata full af sandleikföngum, frábært í Nauthólsvíkina. 400 krónur settið.



**Sundgleraugu**
Við eigum þau bæði á börn og fullorðna. 400 krónur.



**Krít í fötu**
Stór götukrít til að fara í París og hvaða leiki sem er 15 stk. fyrir 200 krónur.



**Í flugið eða bílinn**
Hnakkapúði, augngríma og eyrnatappar. Allt þetta fyrir 400 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

# STUÐ MILLI STRÍÐA Sumir foreldrar

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** FINNUR TIL MEÐ SUMUM FORELDRUM



Íslenskir foreldrar eru margir hverjir hið furðulegasta fólk. Þá er ég helst að tala um þá foreldra sem mæta og horfa á börnin sín spila knattspyrnu. Sjálfur er ég ekki foreldri en á lítinn tíu ára bróður sem æfir knattspyrnu að krafti og ég reyni sem oftast að mæta og sjá hann spila. En í öll þau skipti sem ég hef mætt eru foreldrar á hliðarlínunni sem hrópa og æpa inn á völlinn og biðja hina leikmennina í liðinu að gefa á barnið sitt.

Svo er ekki óalgengt að dómarinn fái að heyra nokkur vel valin orð sem ættu ekki að heyrast frá áhorfendum og hvað þá á knattspyrnuleik tíu ára gamalla barna. Ég hreinlega skil ekki hvað þessum foreldrum gengur til sem láta svona því þetta er eitthvað sem er kjánalegra en að mæta allsber á árshátíð.

Á knattspyrnuferli mínum, sem lauk fyrir nokkrum árum, hef ég látið dómarann heyra það og fengið að líta mislituð spjöld fyrir. En sem áhorfandi á leik hjá börnum dettur mér ekki í hug að gagnrýna dómgæsluna og leikmenn enda er það algjör óþarfi. Þessir foreldrar sem láta svona vita vel hvað ég er að tala um og ef þeir hafa ekki gert sér grein fyrir því núna þá segi ég einfaldlega „skammist ykkar“.

Í gegnum alla mína yngri flokka var faðir minn þögull sem gröfin en hvatti mig áfram eða hrósaði mér fyrir góða hluti. Hann notaði öskrin í allt annað eins og þegar ég tók mig til og fór að spila handbolta í stofunni heima með fyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hafa skal í huga að fáir foreldrar haga sér svona illa en þessir fáu foreldrar geta skemmt fyrir öllum og þá sérstaklega börnunum sem eru að reyna að hafa gaman af þessu. Ég hreinlega finn til með þessum umræddu foreldrum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Kleopatra Kristbjörg.
Myndin er tekin í júlí 2007.

# Daggardropar

## komin í pappírskilju!

## Væntanleg í helstu verslanir.

## Góð í sumarleyfið!
## Gríptu hana með í bústaðinn!

Hún er stórglæsileg, forkunnarfögur kona
sem vekur alls staðar óskipta athygli karla og kvenna.
Hlý, góð og kærleiksrík kona.
Áhrifin sem Kleopatra hefur á alla eru stórfengleg!
Fólki finnst að hún sé ekki raunveruleg, heldur draumsýn.
Hún er meira en gáfuð, hún er djúpvitur.
Hún er lifandi, hún er vakandi.
Henni er ekki sama um fólk eða heiminn.
Stór, falleg, greindarleg augun sýna djúpa og mikla visku.
Ekkert fer framhjá henni, hún veit allt, tekur eftir öllu.

### Umsagnir vina í Reykjavík um höfundinn Kleopötru Kristbjörgu.

Það er erfitt að trúa því að Kleo sé orðin fimmtug, reyndar verður hún 51 árs nú í haust. Hún er alltaf eins og kornung stelpa, svo grönn, fíngerð og stelpuleg. Hún er svo kvenleg í útliti, innræti og öllu athæfi að fólk segir að kvenlegri kona sé ekki til.Hún er ímynd kvenleikans og kvenlegrar fegurðar. Hún hefur mikla sjálfsstjórn, er svo öguð og svo ofboðslega ilmandi, hrein og tær enda er lífernið heilbrigt. Hún veit ekki að vinir hennar eru að safna umsögnum um hana til að setja í bækurnar hennar enda þá væri það þá ekki hægt því að Kleo vill alls ekki athygli, er hreinlega athyglisfælin. Hún er bara svo stórkostleg að það er ekki hægt að lýsa henni í stuttu máli. Það væri hægt að skrifa um hana heila bók. Við segjum þá bara, hún er fegurst, gáfuðust, hreinust, heilbrigðust og skemmtilegust, alveg ofsalega fyndin, með æðislega kímnigáfu. Hún er svo tignarleg en samt svo mikið krútt. Hún er best.
*Birgir og Hrefna Johnsson*

Hún Kleopatra er engill í mannsmynd sem mér finnst ávallt upplífgandi og gefandi og er mjög svo gaman að vera í samvistum við. Hún lýsir upp í kringum sig með glaðværð sinni og uppátektarsemi ásamt geislandi brosi sem hrífur og heillar alla sem á vegi hennar verða. Hún gerir mig að betri manni og hefur leitt mig til umhugsunar um lífið og tilveruna á jákvæðum og skemmtilegum nótum. Dýptin og einlægnin í fari hennar sem og kærleikurinn eru til marks um hve þroskuð og gefandi sál hún er. Það er mér heiður að geta kallað hana systur mína. Af einlægni.
*Jón Ingi Gunnsteinsson (Budapest bróðir)*

Frábær manneskja, býður af sér á allan hátt góðan þokka. Hún er stærsta ljósið! Kleopatra er greinilega í framvarðasveit íslenskra rithöfunda og ég er sannfærður um að hinir gullnu dagar eru framundan en ekki að baki. Ég álít að það sé að hefjast nýtt og glæsilegt tímabil í íslenskum bókmenntum.
*Gunnar Dal*

Alltaf er verið að spyrja mig þegar við erum saman komnar: Hver er hún eiginlega, þessi kona, og hvaðan kemur hún? Það er vegna þess að hún hefur svo ofboðsleg áhrif á fólk með útliti sínu og dásamlegri nærveru. Oft koma konur til Kleopötru og segja við hana:
„Mikið ofboðslega ertu falleg."
og hef ég oft orðið vitni að þessu og þetta er ekki algengt með konur. Kleo á stóran og breiðan vinahóp í öllum þjóðfélagshópum á aldrinum 16-100 ára.Henni er flest allt til lysta lagt, og til dæmis er hún með dásamlega fallega söngrödd. Kleopatra er mjög fórnfús, alltaf tilbúin að hlusta og hjálpa.Kleopatra er mest gefandi manneskja sem ég hef kynnst.Hún gefur og gefur en þiggur helst ekkert.Kleopatra er mest og best, hún bjargaði lífi mínu.
*Nancy Gunnarsdóttir (Irma systir)*

Kleopatra er það besta sem til er. Hún er það besta sem hefur komið fyrir mig.
Ægilega skemmtileg og fyndin, talar sitt sérstaka tungumál sem hún bjó til og skírir alla vini sína upp á nýtt ( gefur vinum sínum ný nöfn). Enginn er rómantískari en Kleopatra, hún elskar haust og vetur, tungl og stjörnur. Það er ekki annað hægt en að þykja vænt um hana og elska. Love you.
*Helen Gunnarsdóttir (Agnes systir)*

Ef mér líður illa hringi ég í Kleo og það gerast kraftaverk. Öll mín mein hverfa, hvort sem þau eru andleg eða líkamleg. Hún læknar mig og þetta segja allir um hana sem kynnast henni. Hún er of stórkostleg til að hægt sé að lýsa henni í fáum orðum. Fyrir mér er hún allt það besta, mesta ljós og skærasta. Fólk hefur oft spurt mig: Hver er hún eiginlega, ofboðslega er hún öðruvísi en allir, hvílík fegurð, hvílíkar gáfur og hlýja. Ég segir bara eins og fleiri: Hún breytir myrkri í ljós.
*Guðrún Gunnarsdóttir*

Kleopatra er kona sem ætti að komast í heimsmetabókina fyrir svo margt. Hún er kona sem þorir og gerir aldrei eins og allir hinir og þveröfugt við alla. Hún veit hvað það er sem skiptir máli í lífinu og hvað það er sem eyðir upp lífinu og hún skrifaði um það heila bók sem heitir Hermikrákuheimur. Maður einn sagði um hana: Hún er í beinu vitundarsambandi við Guð, og annar sagði: Hún er getin af heilögum anda. Ungur maður sagði í fyrsta skipti sem hann hitti hana: Svo koma konur sem þykjast vera svo flottar og þykjast vera allt en þær eru ekkert. En svo kemur þú og finnst þú vera ekkert en þú ert allt.Vinur minn sagði við mig: Þessi kona er allt og allar hinar ekki neitt miðað við hana. Þær fölna allar við hliðina á henni. Það er stórmerkilegt að Kleopatra hefur aldrei notað farða (meik, púður, augnskugga) og aldrei gert neitt við hárið á sér, ekki einu sinni eina strípu, aldrei á ævinni gert neitt þannig. Aldrei farið í megrun á einn eða neinn hátt. Fer aldrei í sund, leikfimi eða líkamsrækt eða nokkurn skapaðan hlut. Hún er bara eins og hún er sköpuð. Beint af kúnni.
*Unnur Inga Jóns*

Hver er hún, þessi fagra kona, og hvaðan kemur hún!? Þetta var það sem ég hugsaði fyrst þegar ég sá hana og spurði svo vinkonu hennar sem með henni var. Fyrst er það útlitið sem gagntekur mann, hún er með fegurstu fótleggi heims, en svo þegar maður kynnist henni, þá á maður ekki til orð! Allir verða ástfangnir af Kleopötru, missa málið, missa andlitið, verða stjarfir og stara á hana sveittir. Þeir verða heillaðir, töfraðir, yfir sig hrifnir og ástfangnir, allir falla að fótum hennar og tilbiðja hana, háir jafnt sem lágir, og vilja allt fyrir hana gera. Hún er undur veraldar, sagði einn vinur minn. Hún heillar alla og töfrar, sagði háttvirtur maður. Hún mátar alla, segja margir. Hún er djúpvitur, sagði skurðlæknir sem var kærasti hennar. Annar kærasti, sem er líka læknir, sagði. Hún er einstök og sérstök, hún er ekki til. Hún er svo góð, hlý, hjálpsöm og gefandi. Allir falla fyrir henni og sýna henni heiður og virðingu, bukta sig og beygja fyrir henni og margir í djúpri lotningu og auðmýkt, háttvirtir menn. Hún bræðir alla, líka köldustu ísklumpa, og mjög margir bera óttablandna virðingu fyrir henni, eins og hún sé konungborin. Hún er mikilfengleg og tignarleg. Hún er mjög trúuð og henni er ekki sama um fólk, hún biður fyrir fólki og vill öllum hjálpa. Hún er mikill byltingarsinni og býr yfir einhverjum mjög miklum mætti eða krafti.

Hún er traustur vinur, sá allra besti.
*Einar Guðmundsson*

Kleopatra Kristbjörg er engin venjuleg kona, hún er kona sem þú getur ekki gleymt, kona sem hefur mikil áhrif á þig til frambúðar og síðast en ekki síst, kona sem lífsgleðin geislar af.
*Klara Geirsdóttir*

Hún Kleo er sko engin hermikráka. Hún er klár og skemmtileg kona sem fer sínar eigin leiðir, fetar ótroðnar slóðir og velur sko aldeilis ekki auðveldustu leiðina. Sterk kona í fullkomnu jafnvægi, alltaf svo mikil ró yfir henni sem hefur svo góð áhrif á mann. Kona með fallegustu útgeislun sem ég hef séð.
*Jóhanna Ólafsdóttir*

Kleopötru megna engin orða að lýsa og segi ég því bara - hún er eins og sólin sem vermir mig. *Þórður Þórðarson*

„Hún er björt, brosandi og öll heimsins ónot útlosandi."
„Með brosinu einu hún getur þítt hvern frostavetur svo að það verði hlýtt."
„Sé skemmtilegt betra en gaman, þá er gerir hún lífið alltaf skemmtilegt." „Kleo? Um hana þarf ekki að fjölyrða. Hún er fædd til að gefa og það er okkar að kunna að þiggja."
*Bjarni Elíasson (Markús bróðir)*

Kleo er rosalega hrein og tær, hefur aldrei stundað neinn ólifnað, elskar hreinleika og fegurð. Alls staðar er hreint og tært þar sem hún er eins og heimilið hennar. Fyrir henni er ástin alvörumál og kynlíf heilagt. Enda stundar hún heilbrigt líferni. Hún er eins og þúsund ára gömul sál en líka eins og lítið stelpuskott. Hún hefur alltaf haldið í barnið í sjálfri sér og það sem hún elskar er að vera upp í sveit í kyrrð og þögn.
Kleopatra er saklaus, hógvær og lítillát og hún veit ekki af sér. Það er þetta sakleysi sem gerir hana enn fegurri.
*Ragnheiður Jónsdóttir*

Kleopatra er stórkostleg manneskja, hjálpsöm, hlý, góð og guðdómleg.
*Guðbjörg Guðmannsdóttir*

Elsku Kleo mín, þú ert algjör engill.
Þín vinkona og systir.
*Hildur Pálsdóttir (Branda systir)*

Þegar þú kynnist Kleopötru þá er alltaf glæta í öllum gjöfum.
*Inga Odds*

Hún er ljós heimsins og brosið hennar sýnir eilíft líf í dagsins lífi. Ofboðslegur gleðigjafi og gefur mikið af sér, þessi kona. Heil sé hún í lífi í anda, hún á ást í huga hjá öllum. Hún er svo blíð og gefandi, jákvæð kona, og annarri eins konu hef ég ekki kynnst.
*Gunnar Kjartansson (Kobbi bróðir)*

Dásamleg kona með gríðarlega réttlætiskennd og ást og umhyggju fyrir öllu sem lifir.
Þetta er allt satt.
*Óli Th.*

Kleopatra er heil og falleg í því sem hún gerir, staðföst í skoðunum sínum.
*Bergþór Ingi Leifsson*

Heillandi kona, brosmild og jákvæð og alltaf þegar maður hittir hana þá bræðir hún mann!
*Gunnar Sigurðsson*

Heillandi persónuleiki sem gefur mér margar góðar hugmyndir. Ógleymanleg stund þegar ég hitti Kleopötru klædda jólasveinabúningi ásamt tveimur góðum vinkonum sínum. Kleopatra mætti í desember í jólasveinabúningi í hundleiðinlegt partí og breytti því í stórkostlega skemmtilegt partí, þannig er hún.
*Jónas Freydal*

Kleopatra er mjög hreinskiptin manneskja, hún er ekki með neitt fals. Hún kemur til dyranna eins og hún er klædd. Hún er ekki með grímu, það er málið.
*Guðmundur K. Sigurgeirsson (Bragi bróðir)*

Kleopatra er stórglæsileg og heillandi fögur, gáfuð, góð og hjálpsöm, full af kærleik og er alltaf tilbúin að hlusta á mann og hjálpa. Hún er mjög trúuð og heilbrigð, hógvær og lítillát, ofboðslega þakklát sem gefur alltaf þúsundfalt til baka. Saklaus og ómeðvituð um sjálfa sig, þetta barnslega sakleysi gerir hana enn fallegri. Hún er ofboðslega trúuð, guðstrú, hreinlæti, hreint líferni og heilbrigði eru hennar merki. Hún er mjög góður hlustandi, heyrir allt sem maður segir. Það er sjaldgæft því að allir eru uppteknir af sjálfum sér. Ljóð hennar eru svo falleg og áhrifarík að frægt er orðið, þau græta mann og sitja í manni, maður skelfur og nötrar, sýpur hveljur og grætur, grípur andann á lofti og mann setur hljóðan. Kleo er hreinskilin og beinskeytt, falslaus og einlæg. Fagra, heillandi brosið og stóru, bláu, greindarleg augun heilla alla og bræða. Fólk talar um fegurð hennar og yndisþokka. Betri og traustari vinur er ekki til. Hún er svo einlæg, svo saklaus og ómeðvituð um sjálfa sig þrátt fyrir ómælda virðingu, heiður og hrós frá öllum. Fólk talar um þessa konu eins og eitthvað sem er ekki til í heiminum og kemur líka þannig fram við hana. Hún er öllum góð og vill öllum hjálpa. Ég hef þekkt hana bráðum í 10 ár og virði hana æ meira. Hún bjargaði lífi mínu. Guð blessi þig, elsku Kleo mín.
*Gísli G. Ámundason*

Kleopatra, þú heil og göfug í gegn. Heimurinn skini skærar ef fleiri væru eins og þú.
*Lína Jóhannsdóttir (Rebekka systir)*

**Um það bil 40 vinir í viðbót skrifuðu stórkostlegar umsagnir um Kleopötru, líkar þeim sem birtar eru hér að framan, sem voru valdar úr. Allt vinir í Reykjavík. Tekið skal fram að þetta eru eingöngu vinir, ekki ættingjar né kærastar. Kleopatra á stóran hóp vina sem hún kallar bræður og systur og gefur þeim ný nöfn.**

Skjaldborg

**!** **Kl. 17**
*Breski myndlistarmaðurinn Hamish Fulton opnar sýningu sína í Gallerí i8, Klapparstíg 33, í dag kl. 17. Á sýningunni má sjá verk sem Fulton hefur unnið í tengslum við gönguferð sína um Ísland nú í lok júní og byrjun júlí, en Fulton hefur áður gengið um fjölmörg lönd og unnið texta og myndir út frá gönguferðum sínum.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Skjöl Kafka koma í ljós*

Kafka-fræðimenn víða um heim hugsa sér gott til glóðarinnar um þessar mundir þar sem allt bendir til þess að senn muni líta dagsins ljós skjöl sem rithöfundurinn lét eftir sig þegar hann lést úr berklum árið 1924 og hafa ekki verið aðgengileg síðan. Kafka var aðeins 41 árs þegar hann lést, en hann lét vini sínum, Max Brod, eftir allar eigur sínar. Þrátt fyrir að Kafka hafi skilið eftir mjög skýr fyrirmæli um að handrit sín skyldu brennd að sér látnum gerði Brod sér grein fyrir verðmæti þeirra og gekk því gegn þessum óskum vinar síns. Brod bjó í Prag framan af, en á árum síðari heimsstyrjaldarinnar flúði hann til Palestínu, síðar Ísrael, og bjó þar það sem eftir lifði ævinnar. Brod lést árið 1968, en hann ánafnaði einkaritara sínum og ástkonu, Esther Hoffe, Kafka-skjölin sem hann geymdi í lúinni ferðatösku.

Hoffe hefur alla tíð síðan neitað að láta skjölin af hendi og látið öll rök um menningarlegt gildi þeirra sér sem vind um eyru þjóta. Hún lést á dögunum, 101 árs að aldri, og eru örlög Kafka-skjalanna því nú í höndum dætra hennar, en yfirvöld í Tel Avív hafa gefið fjölmiðlum til kynna að dæturnar séu samningsfúsari en móðirin.

Margir fræðimenn óttast að ástand skjalanna sé afar bágborið þar sem þau hafa verið geymd á heimili Hoffe í Tel Avív í fjörutíu ár, en í borginni er raka- og hitastig almennt mjög hátt og umhverfið því óvinveitt gömlum og viðkvæmum pappírum. Að auki hélt Hoffe fjöldann allan af hundum og köttum sem gætu vel hafa gert ástand pappíranna enn verra. Því bíða Kafka-aðdáendur um allan heim nú spenntir fregna af frelsun skjalanna og ástandi þeirra, enda er aldrei að vita hvaða gullmolar gætu leynst í bunkanum.

**- vþ**



**FRANZ KAFKA** Fræðimenn mega vart vart vatni halda yfir tilhugsuninni um að komast í skjöl hans og handrit.

# Gönguferðir á ensku

Borgarbókasafnið í Reykjavík hefur um nokkurra ára bil boðið borgarbúum og nærsveitamönnum upp á kvöldgöngur með bókmenntalegu ívafi. Þá hefur safnið bætt við og leggur í gönguferðir fyrir enskumælandi og enskuskiljandi gesti síðan 2003 í júlí og ágústmánuði. Eru göngurnar vikulega á fimmtudagskvöldum og lagt upp frá aðalsafninu í Grófinni. Markmiðið er að kynna íslenskar bókmenntir fyrir erlendum göngugestum, hvort sem þeir eru ferðamenn eða búsettir hér á landi. Göngurnar eru framlag Borgarbókasafnins til menningarlegrar ferðaþjónustu, með sérstakri áherslu á að kynna borgina í ljósi bókmennta og sögu.



Alltaf er um sömu göngu að ræða, þ.e. hvert sumar er dagskrá göngunnar eins frá viku til viku. Tekur gangan um eina og hálfa klukkustund. Leiðsögumaður er Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og með henni er bandarískur leikari sem búsettur er á Íslandi, Darren Foreman, en hann fer með textana sem kynntir eru í göngunni. Gestgjafar hér á landi ættu að benda gestum sínum á þessa vikulegu dægrastyttingu sem opnar gestkomandi nýjan glugga og sýn í samfélagið hér við Víkina.

**- pbb**

**MENNING** Úlfhildur Dagsdóttir leiðir erlenda gesti um Kvosina í Reykjavík og kynnir þeim bókmenntaarfinn á ensku.



**ARNHILDUR VALGARÐSDÓTTIR OG ÁSTRÍÐUR HARALDSDÓTTIR** Þær leika fjórhent á píanó, geri aðrir betur.

# Fjórhent á Gljúfrasteini

Píanóleikaranir knáu Arnhildur Valgarðsdóttir og Ástríður Haraldsdóttir munu leika fjórhent á píanó á Gljúfrasteini næstkomandi sunnudag kl. 16. Á efnisskránni eru verk eftir Grieg, Brahms, Rubinstein og íslenska tónskáldið Hildigunni Rúnarsdóttur, en hún samdi verk sitt, Sjóræningjapolka, sérstaklega fyrir þær Arnhildi og Ástríði.

Arnhildur og Ástríður hófu að spila saman er þær spiluðu undir fjórhent á píanó hjá kvennakórnum Vox feminae þegar kórinn flutti Liebesliederwalzer árið 2002. Síðan hafa þær leikið saman fjórhent við ýmis tækifæri; þær hafa meðal annars tvisvar komið fram á kennaratónleikum Suzukitónlistarskólans í Reykjavík og haldið tónleika fyrir nemendur í Norræna húsinu. Rétt er að vekja athygli á því að á sunnudag er hinn íslenski safnadagur og af þeim sökum er ókeypis á tónleikana og safnið allan daginn.

**- vþ**







# Vorganga um hásumar

Myndlistarkonurnar Anna Sigríður Sigurjónsdóttir og Álfheiður Ólafsdóttir opna sýninguna Vorgöngu í Saltfisksetrinu í Grindavík á laugardag kl. 14. Sýningin stendur til 11. ágúst og er opin daglega á milli kl. 11 og 18. Heimilislegur tónn verður sleginn á sjálfri opnuninni þar sem Álfheiður og Anna Sigríður munu bjóða sýningargestum upp á heimabakaðar hveitikökur með hangikjöti og osti.

Anna Sigríður er myndhöggvari og hefur unnið við myndlist síðastliðin tuttugu ár eftir að námi lauk. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og AKI, Akademie voor beeldende kunst, í Hollandi.



**ÍSLENSK NÁTTÚRA** Verk eftir Álfheiði Ólafsdóttur.

Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hérlendis og erlendis.

Álfheiður er starfandi myndlistamaður og rekur galleríið Art-Iceland. Hún lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1990 og hefur unnið við myndlistartengd störf síðan. Hún hefur haldið fjölda sýninga og gaf út barnabókina Grímur og sækýrnar árið 2000, þar sem hún er höfundur mynda og texta. Sýningin Vorganga er unnin eftir samnefndu ljóði eftir bróður hennar Jón Ólafsson. Sýningin er til minningar um hennar trygga bróður, en hann lést 24. júní síðastliðinn.

- vþ

# Myndlist í fiskigeymslu

**Fjórir listamenn starfrækja saman vinnustofur vestur í bæ í gömlu fiskigeymsluhúsi. Í síðustu viku opnuðu þau sýningu á verkum sínum í húsinu í sýningarsal sem þau kalla Él.**



**UNNIÐ Í FISKIGEYMSLU** Sýningin Aliance stendur yfir til loka mánaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sýningin hlaut aftur á móti nafnið Aliance og má á henni sjá verk eftir þau Þórunni Björnsdóttur, Þórönnu Dögg Björnsdóttur, Viðar Þór Guðmundsson og Friðrik Örn Hjaltested. Þó svo að þau eigi öll vinnustofur í sama húsinu er nálgun þeirra á listina afar ólík; Viðar sýnir málverk og Friðrik ljósmyndir, en Þórunn og Þóranna sýna báðar verk sem blanda saman tónlist og myndlist.

„Húsnæðið er í raun ástæðan fyrir þessari sýningu," segir Þóranna. „Það hefur farið talsverð vinna í að gera það upp og okkur langaði til þess að nýta þessa aðstöðu sem við höfum hér til þess að sýna afrakstur vinnu okkar."

Sýningin er sett upp á heldur óhefðbundinn hátt þar sem hún einskorðast ekki við tiltekinn sýningarsal heldur dreifir úr sér. Þannig sýna þau Þóranna, Viðar og Friðrik verk sín í salnum Él, en verk Þórunnar er sett upp í húsgagnaverslunninni Saltfélaginu sem er í sama húsi. Jafnframt er opið upp á aðra hæð hússins þar sem listamennirnir eru með vinnustofur sínar, en þar geta gestir kynnt sér það sköpunarferli sem liggur að baki myndlist fjórmenninganna.

Húsnæðið sjálft er friðað og segir Þóranna anda liðinna tíma svífa þar yfir vötnum. „Hér var fyrst fiskigeymsla og svo var húsið notað undir ýmsa iðnaðarstarfsemi og það ber þess líka augljós merki; langir kæligangar og teinar í gólfum. En það hentar okkur engu að síður afar vel sem bæði vinnu- og sýningarrými, enda er hér nóg pláss."

Sýningin Aliance stendur til 31. júlí og segir Þóranna að möguleiki sé á því að fleiri sýningar verði settar upp í Él þegar fram líða stundir. Áhugafólk um myndlist getur heimsótt sýningarsalinn Él að Grandagarði 2, en hægt er að ganga inn í hann í gegn um verslunina Saltfélagið.

vigdis@frettabladid.is

# Náttsöngvar í Skálholti

Tónlistarhátíðin í Skálholti heldur áfram með glæsilegu tónleikahaldi. Sönghópurinn Hljómeyki treður upp í kirkjunni í kvöld kl. 20 og verður þá mikið um dýrðir. Hópurinn flytur Náttsöngva Rachmaninovs, en um er að ræða eitt af sannkölluðum stórvirkjum tónbókmenntanna. Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson, en eins og lesendur Fréttablaðsins muna væntanlega stýrði hann söngvurunum til sigurs í kórakeppni í Frakklandi nú í vor.



**SKÁLHOLTSKIRKJA** Hýsir áhugaverða tónleika í kvöld og um helgina.

Tónleikarnir eru tvískiptir og eftir hlé mun þýski Ishum-kvartettinn flytja strengjakvartett eftir Giuseppe Verdi. Ishum-kvartettinn skipa Lisa Immer og Elfa Rún Kristinsdóttir á fiðlur, Adam Römer á víólu og Michael Römer á selló.

Staðartónskáld Sumartónleika í Skálholti að þessu sinni er Sveinn Lúðvík Björnsson, en á laugardag kl. 14 flytja Ishum-kvartettinn, Hljómeyki, Þóra Margrét Sveinsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari nokkur verk eftir Svein, en jafnframt verður frumflutt nýtt verk sem nefnist Missa brevis. Seinna sama dag, kl. 17, leikur Ishum-kvartettinn verk eftir Luigi Boccherini, Giovanni Sollima og W.A. Mozart.

Á sunnudag kl. 15 kemur Ishum-kvartettinni enn einu sinni fram og leikur þá tónlist eftir W.A. Mozart, Heinz Holliger og Ludwig van Beethoven. Missa brevis verður svo endurflutt í guðsþjónustu í kirkjunni kl. 17 á sunnudag.

- vþ










## > ENGAN ROBIN, TAKK!

Allt útlit er fyrir að nýja Batman-myndin, The Dark Knight, verði ein af aðalmyndum sumarsins. Þetta er önnur myndin þar sem Christian Bale leikur Leðurblökumanninn og hann er alveg til í fleiri. Með einum fyrirvara samt: Hann mun neita að mæta í vinnuna ef stráklingurinn Robin verður skrifaður inn í handritið.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Leynd yfir Tinna-myndum

Mikil leynd hvílir yfir Tinna-trílógíu Stevens Spielberg. Hann keypti kvikmyndaréttinn árið 2002 og hefur verið að velta þessu fyrir sér síðan. Þó er á hreinu að Peter Jackson mun leikstýra myndunum á móti Spielberg og Steve Moffat skrifa handritið upp úr sögum Hergés. Sá hefur aðallega fengist við sjónvarpsþáttagerð til þessa, skrifaði meðal annars fyrir þættina Jackyll og Doctor Who. Tölvutæknin verður notuð til hins ítrasta við gerð myndanna enda hefur Spielberg látið hafa eftir sér að hinar snjöllu teiknimyndabækur Hergés muni aldrei njóta sín til fulls sem leiknar bíómyndir.

Þótt stefnt sé að sýningu fyrstu Tinna-myndarinnar á næsta ári – og svo á að sýna eina á ári 2010 og 2011 – hefur ekki verið uppgefið hvaða þrjár sögur verða teknar fyrir.





**ERU ÞETTA TINNI OG KOLBEINN KAFTEINN?** Thomas Sangster og Andy Serkis leika kannski í Tinnamyndunum.

Ekki hefur heldur verið staðfest hvaða leikarar leika í myndunum en margir hafa verið nefndir. Nú eru þeir Andy Serkis og Thomas Sangster helst orðaðir við hlutverk kafteinsins og Tinna. Andy lék Gollum í Hringadróttinssögum Peters Jacksons en Thomas, sem varð átján ára í maí, hefur verið lengi að og meðal annars leikið í myndunum Nanny McPhee og Love Actually.

# Stríðsmynd Tarantinos

Íslandsvinurinn og svallarinn Quentin Tarantino er eins og vanalega með mörg járn í eldinum. Hann hefur áhuga á að endurgera költmyndina Faster, Pussycat! Kill! Kill! sem brjóstaáhugamaðurinn Russ Meyer gerði fyrir alllöngu. Myndin fjallar um kvennagengi sem lúskrar á karlgörmum í eyðimörk. Slúðurblöðin segja að Quentin hafi boðið klámleikkonunni Teru Patrick að leika aðalhlutverkið sem hin bústna Tura Satana lék upphaflega.

Fyrst á dagskrá Quentins er þó myndin Inglorious Bastards. Tökur hefjast í Evrópu í október og stefnt er að því að koma myndinni á Cannes-hátíðina í maí á næsta ári. Myndin gerist í seinni heimsstyrjöldinni og Quentin mun hafa haft myndina „Dirty Dozen“ í huga þegar hann skrifaði handritið. Nafn Brads Pitt hefur heyrst í tengslum við Inglorious Bastards, en fastamenn í liði Quentins, þeir Tim Roth og Michael Madsen, eru báðir fastir í hendi.



**SMÁNARLEGIR DRULLUSOKKAR** Næstir á teikniborði Tarantinos.








**JÁ EN MAMMA, HVER ER PABBI MINN?** Meryl Streep og Amanda Seyfried í hlutverkum sínum í Mamma Mia.

# Geimskipið Eddie og Abba á grískri eyju

**Tvær nýjar myndir koma í bíó í þessari viku, grínmynd með Eddie Murphy og rómantísk gamanmynd með Abba-lögum byggð á söngleiknum Mamma Mia. Eins og vaninn er með bíómyndir nú til dags er Ísland meðal fyrstu landa til að sýna myndirnar. Meet Dave verður frumsýnd í Bandaríkjunum á morgun en Mamma Mia ekki fyrr en á miðvikudaginn.**

### Eddie innan í Eddie

Eddie Murphy-myndin heitir Meet Dave og er leikstýrð af Brian Robbins. Hann leikstýrði einmitt Eddie í Norbit í fyrra. Meet Dave er grínvísindaskáldsaga og fjallar um örvæntingarfullt flóttafólk utan úr geimnum sem þvælist til jarðarinnar í leit að framtíðarlausn á sínum málum. Geimverurnar, sem eru mennskar í útliti en á stærð við kakkalakka, lenda geimfarinu sínu í New York. Til að passa sem best í mannhafið hafast geimverurnar við innan í geimfari sem lítur út eins og Eddie Murphy í hvítum jakkafötum. Eddie leikur því bæði „geimfarið“ og geimveruforingjann, innan í „sjálfum sér“. Geimbúarnir lenda í allskonar ævintýrum áður en geimveruforinginn verður ástfanginn af jarðneskri konu. Þá flækjast fyrst málin með afdrifaríkum afleiðingum.

### Feðrun á eyju

Söngleikurinn Mamma Mia, sem byggður er á Abba-lögum, er með vinsælustu söngleikjum sögunnar. Hann var frumsýndur í London árið 1999, en hefur síðan verið settur upp í 170 borgum og á átta tungumálum. Söngleikinn hafa nú séð um þrjátíu milljónir manna. Konurnar þrjár sem gerðu söngleikinn endurtaka nú hlutverk sín í myndinni, Catherine Johnson skrifar handritið, Phyllida Lloyd leikstýrir og Judy Craymer framleiðir.

Þessi rómantíska gamanmynd er hlaðin stjörnum og rúmlega það. Brúðkaup hinnar tuttugu ára Sophie stendur fyrir dyrum á grískri eyju. Hún veit ekki hver pabbi hennar er en vill ólm komast að því og helst ljóstra upp leyndarmálinu við altarið. Hún hnýsist því í gamlar dagbækur móður sinnar og kemst að því að þrír karlar koma til greina sem pabbi sinn. Stelpan er ekkert að tvínóna við þetta og lokkar karlana þrjá á eyjuna til að komast að leyndarmálinu.

Amanda Seyfried leikur Sophie, en móður hennar leikur sjálf Meryl Streep. Karlarnir þrír eru leiknir af velsnyrtum náungum sem áður hafa sést í svipuðum myndum. Fyrrverandi Bondinn Pierce Brosnan leikur bandarískan arkitekt, Colin Firth leikur breskan bankamann og Stellan Skarsgård leikur sænskan rithöfund. Svo er bara að hlusta á Abba-lögin og bíða í ofvæni eftir því að fá að vita hver pabbinn er.



**GEIMVERAN DAVE Á GEIMSKIPINU DAVE** Eddie lendir í New York og verður ástfanginn.

# Alveg til í Alien 5

Í OK-tímaritinu breska segist leikkonan Sigourney Weaver alveg vera til í að leika kvenhetjuna Ellen Ripley í enn einni Alien-myndinni. „Ég myndi alveg pottþétt gera það ef Ridley Scott, eða einhver álíka fær leikstjóri, myndi gera myndina og ef hugmyndin væri góð,“ sagði hún og bætti við að Ridley væri líka alveg til í slaginn. Sigourney var þrítug þegar fyrsta Alien-myndin var gerð árið 1979. Svo kom Aliens árið 1986, Alien 3 árið 1992 og Alien: Resurrection árið 1997. Sigourney segir að hún geti léttilega tekið að sér svona hlutverk, rétt eins og Harrison Ford og Sylvester Stallone sem léku Indian Jones, Rocky og Rambo á sjötugsaldrinum. Sigourney verður 59 ára í október, Stallone er nýorðinn 62 ára og Harrison Ford verður 66 ára á sunnudaginn.



**HETJAN Í ALIENS-MYNDUNUM** Sigourney Weaver er alveg til í meira geimskrímslafjör.

# Fyll'ann takk!

**NÝTT!**
**Lögin beint inn í iTunes og á iPod**




## Vertu tilbúinn **í sumarfríið!**

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

**Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!**
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við **iTunes** eða **Windows Media Player**.
Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirkt yfir í spilarann þinn.



Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna

**Tónlist.is**

iPod og iTunes eru vörumerki í eigu Apple, Inc.

> VISSIR ÞÚ



að það er óþarfi að kaupa ferskar kryddjurtir dýrum dómi út í matvörubúð sem duga skammt? Það er hagkvæmara að endurnýta gamlar niðursuðudósir, setja í þær mold, kaupa nokkur fræ og stilla dósunum upp í eldhúsgluggann. Þannig er hægt að rækta til dæmis myntu, steinselju og basil á einfaldan hátt. Gætið þó að því að vökva reglulega.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SÖLVI FANNAR VIÐARSSON EINKAÞJÁLFARI

# Lifrarpylsa með rófustöppu í uppáhaldi



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég borða svo blandað fæði að það er erfitt að velja, en ég myndi ekki vilja sleppa brokkolíi, brúneggjum og brúnum hrísgrjónum.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Að öllu jöfnu er það soðin lifrarpylsa með rófustöppu, annars fékk ég frábæra máltíð á Rain Forrest Café í London með dætrum mínum í fyrra; svínarif borin fram með frönskum kartöflum, góðu salati og hálfgerðum krapadjús úr ekta ávaxtasafa. Í eftirrétt var svo stærsti og myndarlegasti ísréttur sem ég hef séð frá því að Hard Rock lagði upp laupana.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Súrsað hvalspik og álíka matur.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Nammi á nammidögum , en trefja-, sterkju- og kolvetnaríkt fæði annars.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ávexti, grænmeti, reyktan lax, brúnegg, léttmjólk, kotasælu, matreiðslurjóma, sultu og ost.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ef ég gæti veitt mér til matar á eyjunni myndi ég taka með mér matreiðsluáhöld, svo sem hnífa, potta og pönnur. Annars tæki ég með mér fullt af vatni, haframjöli og harðfiski.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það myndu vera djúpsteiktar engisprettur og svartar bjöllur steiktar á pönnu. Annars má ekki gleyma kindahöfðunum sem við borðum hérna heima og hljóta að flokkast sem skrítin fæða.

# Hunangsristaður rabarbari

Þeim sem treysta sér hvorki til að búa til sultu né baka úr rabarbarauppskeru sumarsins er bent hér á auðvelda leið til að njóta hans. Hér má sjá tillögu að einföldum eftirrétti þar sem hunang er notað í stað sykurs til að sæta rabarbarann.

**Hunangsristaður rabarbari með vanilluís (fyrir 4)**
500 g rabarbari, skolaður og skorinn í 5 cm bita
3 msk. þunnfljótandi hunang
Ofninn stilltur á 120°C
Rabarbarabitunum raðað í einfalt lag í eldfast mót og hunanginu dreift jafnt yfir bitana.
Ristað í ofni í um það bil hálftíma eða þar til rabarbarinn er orðinn mjúkur en bitarnir halda enn sínu formi.
Látið kólna um stund áður en rabarbarinn er borinn fram með vanilluís.

Athugið að einnig er hægt að rista rabarbarann á grilli á vægum hita.



**GÓMSÆTUR OG SUMARLEGUR EFTIRRÉTTUR** Hunangsristaður rabarbari er einfaldur eftirréttur og kjörin leið til að nýta uppskeru sumarsins.

# Ekta mexíkóskur matur

„Við erum eiginlega steinhissa yfir því hvað það gengur vel,“ segir María Hjálmtýsdóttir sem rekur veitingastaðinn Santa María á Laugaveginum ásamt eiginmanni sínum, Ernesto Ortiz Alvarez, en staðurinn hefur fengið mjög góðar viðtökur frá því að hann var opnaður 1. mars.

„Okkur fannst vanta veitingastað sem byði upp á ekta mexíkóskan mat, svo við enduðum á því að opna einn slíkan sjálf. Við rákum okkur fljótt á að okkur vantaði margs konar hráefni sem er ekki fáanlegt hér á landi, en margt af því höfum við getað pantað frá Spáni, svo sem maísmjöl og ýmiss konar sósur, en íslenskir garðyrkjubændur voru mjög liðlegir og rækta græna tómata sérstaklega fyrir okkur,“ útskýrir María.

„Ernesto er svo að fara til Mexíkó í hálfgerða „átferð“ til að smakka ýmsa rétti og fá hugmyndir að nýjum uppskriftum fyrir matseðilinn. Hann tekur svo mömmu sína með sér til landsins í bakaleiðinni, en hún ætlar að hjálpa okkur að útfæra réttina,“ bætir hún við.

„Við leggjum mikið upp úr heimilislegu og glaðlegu viðmóti eins og tíðkast í Mexíkó og okkur finnst mikilvægt að maturinn sé ódýr svo fólk geti leyft sér að fara oftar út að borða,“ útskýrir María en viðurkennir að það sé erfitt að halda verðinu í lágmarki á meðan verð á hráefni fer hækkandi. „Við munum samt sem áður halda verðinu svo lengi sem við komum út á núlli,“ segir María að lokum og gaf okkur smá forskot á sæluna með uppskrift að salati sem er væntanlegt á matseðil Santa María. - ag



**FERSKT OG SUMARLEGT** María segir salatið vera mjög vinsælt í Mexíkó, en þar sé gjarnan notaður geitaostur í stað fetaosts.

**FERSKT SUMARSALAT (fyrir tvo svanga eða fleiri)**
1 poki klettasalat eða blandað salat
1/3 haus af jöklasalati
½-1 box kirsuberjatómatar
½ vel þroskað mangó
½ poki hnetukjarnar
hnefafylli af döðlum
½ krukka fetaostur
sletta af extra virgin-ólífuolíu

**Aðferð**
Salatið er sett í stóra skál, döðlurnar og mangóið skorið í litla bita og öllu hrært saman. Smáolíu skvett yfir í lokin.




Ferskasta fiskmetið...
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað


# Kann að elda „úr engu“

**Alda B. Guðjónsdóttir, stílisti og fjögurra barna móðir, hefur í nógu að snúast. Hún rekur eigið fyrirtæki, Snyrtilegur klæðnaður sf., sem sér um allt sem snýr að stíliseringu fyrir auglýsingar, tískuljósmyndir og fleira. Það gefst því sjaldan mikill tími í eldhúsinu en Alda er snögg að töfra fram dýrindis máltíð úr því sem er til í ísskápnum.**

„Ég er eiginlega í tvöföldu starfi og vinn stundum fjórtán til fimmtán tíma á dag, en ég er svo heppin að foreldrar mínir búa í næsta húsi svo við mamma erum duglegar að hjálpast að með eldamennskuna þegar það er mikið að gera,“ segir Alda sem á börn á aldrinum fimm til átján ára. „Við erum svona eins og stór ítölsk fjölskylda og stundum erum við ellefu við matarborðið með foreldrum mínum og systkinum,“ segir hún og hlær við.

Alda hefur verið grænmetisæta í um það bil fimmtán ár, en setur það ekki fyrir sig að elda kjöt eða fisk fyrir börnin sín. „Ég var aldrei hrifin af kjöti svo ég ákvað bara að hætta að borða það. Ég er samt engin fanatísk grænmetisæta og finnst lítið mál að elda kjöt eða sjóða ýsu fyrir börnin mín. Sjálf held ég mikið upp á sushi og borða þá hráan fisk, en annars er ég mest fyrir grænmetisrétti með indversku ívafi,“ útskýrir Alda og segir grænmetislasagnað sem hún gaf okkur uppskrift af vera eitt af því sem allir á heimilinu kunna að meta.

„Það er miklu minna mál að vera grænmetisæta í dag en fyrir svona tíu árum. Þá var nánast bara í boði að fá einfalt salat á veitingastöðum, en núna eru mun fleiri staðir sem bjóða upp á fjölbreytta grænmetisrétti,“ segir Alda og kveðst oft grípa sér bita í miðbænum á milli verkefna í vinnunni.

„Mér finnst best að borða í hádeginu og fer þá oft á Sushitrain þar sem maður þarf aldrei að bíða. Mér finnst samt gaman að elda og er mjög góð í því að elda úr engu, en þá nota ég bara það sem er til í ísskápnum og skúffunum. Ég er miklu meira fyrir svoleiðis matargerð heldur en að fara eftir uppskriftum. Mér finnst líka gaman að halda matarboð þegar tími gefst til, en þá er ég heldur ekkert að eyða of löngum tíma í eldhúsinu, heldur skrepp bara út í búð klukkan sex og held matarboðið klukkan átta,“ segir Alda að lokum. alma@frettabladid.is



**NOTAR ÞAÐ SEM ER TIL Í ÍSSKÁPNUM** Alda Björg Guðjónsdóttir hefur verið grænmetisæta í fimmtán ár og er dugleg að elda úr því sem er til hverju sinni í eldhúsinu.

**GRÆNMETISLASAGNA**
2 laukar
4 gulrætur
6-8 sveppir
1 haus brokkolí
1 lítill haus blómkál
1 dós heilir tómatar
1 dós tómatpúrra
1 kotasæla
1-4 hvítlauksrif
4 tsk. oregano
3 tsk. basil
1 tsk. timían
salt og pipar e. smekk
2½ dl vatn
1 tsk. rauðvínsedik
1 grænmetisteningur
olía til steikingar

**Sósa:**
30 g smjör
3 msk. hveiti eða spelt
5-6 dl mjólk
20 g rjómaostur

**Aðferð:**
Grænmeti skorið niður og steikt á pönnu í olíu ásamt hvítlauksgeirum. Tómatpúrru, tómötum í dós og kotasælu blandað út í ásamt vatni og kryddi. Látið krauma á pönnu í 30 mínútur.
Búið til smjörbollu í potti úr hveiti og smjöri. Mjólk blandað við og bollan látin kokka upp, rjómaosti bætt út í síðast.
Þegar allt er tilbúið er þetta sett í eldfast mót. Fyrst ostur svo lasagne blöð og svo grænmetisblandan, síðan koll af kolli þar til fatið er fullt og ostur settur yfir. Bakað í ofni við 200°C í 30 mínútur.
Gott að bera fram með hvítlauksbrauði og salati.

**Salat:**
Klettasalat
Ólífuolía
Vinegar
Maldon-salt
Grófur pipar
Parmesan

Ólífuolíu, vinegar og salti og pipar blandað saman og hellt yfir salatið. Parmesan rifinn yfir eftir smekk.

# Meira úrval á betra verði!

OPIÐ til 20 alla daga




Ferskt lambalæri
- úr kjötborði
986 kr/kg
Verð áður 1.565.-




Ungnautafile
úr kjötborði
2.379 kr/kg
Verð áður 3.398.-




Lambainnralæri
úr kjötborði
2.400 kr/kg
Verð áður 3.428.-

Jói FEL

Betri salöt í Hagkaupum!





Grillbrauð
- frábær með grilluðum mat




Tópas
- 2 í pk.



Rí-mix
- sumardrykkur 0.5 l

Gildir til 13. júlí eða á meðan birgðir endast.

Nýtt kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > STRAX Í BLÖÐIN

Ekki eru nema nokkrar vikur liðnar síðan hin 17 ára Jamie Lynn Spears, systir Britney Spears, eignaðist fyrsta barn sitt. Þær mæðgur prýða forsíðu bandaríska tímaritsins OK! og í meðfylgjandi viðtali er farið ítarlega yfir fæðinguna og fyrstu daga litlu Spears sem móður. Sem betur fer er það upplýst að allt hefur gengið vel, barnið er heilbrigt og veldur móðurinni ekki miklum óþægindum.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Loksins nýtt frá Emilíönu

Tónlistarkonan Emilíana Torrini stimplaði sig endanlega inn með plötunni Fisherman's Woman, sem kom út í ársbyrjun 2005. Nú er loksins búið að tilkynna að næsta plata sé á leiðinni, hún mun heita Me and Armini og kemur út 8. september.

Enn á ný vinnur Emilíana með hljóðvirkjanum Dan Carey. Hann hljóðvann síðustu plötu Emilíönu, auk þess að semja með henni lög, bæði á síðustu plötu sem og lögin „Slow“, sem Kylie Minogue flutti á vinsældalistana, og „Gollum's Song“, sem var í einni Lord of the Rings-myndinni. Dan hefur komið víða við, var með puttana á síðustu Hot Chip-plötu og vinnur nú með hljómsveitinni Franz Ferdinand, sem er að gera nýja plötu.

Í fréttatilkynningu frá Rough Trade, útgáfufyrirtæki Emilíönu, segir að nýja platan sé metnaðarfull og fjölbreytt poppplata þar sem rödd Emilíönu sé í forsæti. Nú má heyra titillagið, „Me and Armini“, á Myspace-síðu Emilíönu. Lagið er fyrsta smáskífa plötunnar, létt poppreggí sem venst vel. Í kjölfar útgáfunnar mun Emilíana leggjast í tónleikaferðir. - glh



**NÝ PLATA EFTIR LANGA BIÐ** Emilíana Torrini syngur um einhvern Armini.

# Pete eignast nýja vinkonu

**Heyrst hefur að unglingsdóttir söngvarans Stings og dóphausinn Pete Doherty séu nú mestu mátar. Pete og Coco kynntust fyrir stuttu á djassbar og samkvæmt sjónarvottum voru þau óaðskiljanleg á nýyfirstaðinni Glastonbury-hátíð. Þeir sem til þekkja segja að Pete sé einnig að aðstoða Coco við tónsmíðar. Væri stúlkunni ekki nær að fá ráðleggingar hvað það varðar hjá föður sínum? Sting er að vonum mjög ósáttur við þennan nýja vin dóttur sinnar.**



# Söng í West End í London

Söngvarinn Þór Breiðfjörð Kristinsson mun á næstu dögum halda ferna tónleika hér á landi. Á tónleikunum mun Þór taka fræg söngleikjalög, en þetta er í fyrsta sinn sem hann heldur slíka tónleika hér á Íslandi. Þór flutti til London árið 1996 og nam þar söng og hefur verið búsettur í borginni þar til nýlega þegar hann flutti ásamt eiginkonu sinni og syni til Nova Scotia í Kanada. „Við fjölskyldan ákváðum að breyta svolítið til og skipta um umhverfi. Við keyptum nokkra hektara hér í Nova Scotia og þetta er sannkallað ævintýraland. Ég er að vinna hér að nýrri plötu sem verður popp/rokk plata og mun koma út fyrir jól,“ segir Þór.

Þór er gamalreyndur söngvari og hefur meðal annars sungið í fjölda söngleikja í West End í London en hér heima lék hann meðal annars í Hárinu og Jesús Kristi Súperstar. „Ég hef ekki haldið svona söngleikjatónleika hér áður og því finnst mér þessir tónleikar löngu orðnir tímabærir,“ segir Þór um fyrirhugaða tónleika en hann mun syngja lög úr söngleikjum á borð við Vesalingana, South Pacific og My Fair Lady. Þór söng nýverið á góðgerðartónleikum í Nova Scotia og rokseldist á tónleikana sem fóru fram fyrir fullu húsi. Þór mun halda eina tónleika hér í Reykjavík og verða þeir í Iðnó í kvöld og hefjast klukkan 21.00. Hinir tónleikarnir verða á Akureyri og Hvammstanga í næstu viku en hægt er að fá nánari upplýsingar um þá á heimasíðu söngvarans www.thorkristinsson.com. - sm



**SNÝR AFTUR HEIM** Þór Breiðfjörð Kristinsson nýtur náttúrunnar í Kanada.

# Sumarhátíð

**Vinnuskólinn heldur sumarhátíð sína á Miklatúni frá klukkan 11-14 í dag. Þar kennir ýmissa grasa, svo sem tískusýningar vinnuhóps sem hannar föt í samstarfi við Rauða krossinn, stuttmyndar og tónlistarmyndbands auk hinna hefðbundnu íþróttaviðburða. Þá prufa nemendur að tefla við leiðbeinendur sína sem taflmenn og þær þrjár hljómsveitir sem komust áfram í keppni Vinnuskólans munu spila. Öllu lýkur svo með því að Páll Óskar syngur fyrir hátíðargesti. Þemað í ár er „Gerðu það sjálfur“. „Það vitnar til þess að krakkar vilja vera sjálfstæðari í dag og að það búi miklu meira í þeim en fólk vill halda,“ segir Védís Hervör Árnadóttir umsjónarmaður. Skapandi vinnuhópum hefur fjölgað en auk ofantalinna hópa má nefna fjöllistahóp, leiklistarhóp og hóp sem lærir um rekstur fyrirtækja. Þessir hópar allir starfa innan Vinnuskólans í sumar.** - kbs









**RÆÐUR EKKI VIÐ SKAP SITT** Amy Winehouse kemst enn í fréttirnar fyrir ofbeldi.

## Amy lemur mann og annan

Amy Winehouse virðist eiga í einhverjum erfiðleikum með að hemja skap sitt. Samkvæmt breska dagblaðinu The Sun á Amy nú að hafa slegið mann í andlitið á bar.

„Mig sveið undan höggunum. Ég trúði varla að hún hefði gert þetta. Ég hafði hvorki komið við hana né sagt nokkuð við hana. Hún hafði verið að staupa sig á tequila og leit út fyrir að vera í annarlegu ástandi," var haft eftir fórnarlambinu.

Eftir árásina á Amy að hafa strunsað út af ölhúsinu með vinkonu sína í eftirdragi.

Þetta er í þriðja sinn á stuttum tíma sem Amy ræðst á fólk en hún sló til manns á Glastonbury-hátíðinni og stuttu síðar réðist hún á aðdáanda sem reyndi að taka af henni mynd.

# Fögnuðu nýrri plötu

**Hljómsveitin Atómstöðin fagnaði útgáfu nýrrar plötu sinnar með partíi á Bar 11.**

„Það var fullt hús af fólki og ofsalega góð stemning," segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, söngvari Atómstöðvarinnar, um útgáfupartí hljómsveitarinnar sem fram fór á Bar 11 síðastliðinn fimmtudag í tilefni af útgáfu plötunnar Exile Republic.

„Stefnir bakari, vinur okkar, bakaði köku og við buðum upp á söl, sem er þjóðarréttur bandsins. Svo seldum við öll eintökin af plötunni sem við vorum með á okkur, svo þetta hefði ekki getað verið betra" segir Guðmundur Ingi, ánægður með vel heppnað útgáfupartí. - ag



**ATÓMSTÖÐIN FAGNAÐI** Frá vinstri; Óli Rúnar Jónsson gítarleikari og upptökustjóri, Leifur Björnsson gítarleikari, Örn Ingi Ásgeirsson trommari, Guðmundur Ingi Þorvaldsson söngvari, Pétur Geir Óskarsson ljósmyndari og Hróbjartur Róbertsson bassaleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Geta ekki hætt að teikna

Um helgina verður slegið upp heljarinnar veislu í tilefni þriggja ára afmælis verslunarinnar Nakta apans í Bankastræti. Gamanið hefst í dag klukkan 14 og verða ýmsar uppákomur í boði. Sara María Eyþórsdóttir, hönnuður og eigandi verslunarinnar, segir að það verði stíf dagskrá í gangi alla helgina.

„Við verðum meðal annars með Bolaportið á laugardaginn í portinu hérna við hliðina á versluninni þar sem hægt er að kaupa gömul eintök af stuttermabolum frá Nakta apanum. Þar verður einnig hægt að kaupa handmálaðar nælur og svo verður hér myndlistarsýning sem ber yfirskriftina Með sinaskeiðabólgu en getum ekki hætt að teikna." Í versluninni sjálfri verður svo hægt að gera kostakaup þar sem allar vörur verða á afslætti. Hann er einnig langur listinn af hljómsveitum og plötusnúðum sem munu troða upp um helgina og má þar nefna hljómsveitir á borð við FM Belfast, Retro Stefson, Agent Fresco, Sykur og Miss Mount og plötusnúðana Alfons X, Danna Delux og hið sænska plötusnúðateymi B-Line Crew. „Á laugardagskvöldinu breytum við Prikinu í skemmtistað Nakta apans, staðurinn verður skreyttur í anda Nakta og boðið verður upp á litríka kokkteila," segir Sara María og lofar góðri stemningu um helgina. - sm



**SARA MARÍA** Hægt verður að gera góð kaup í Bolaportinu um helgina.

# Matthew eignast son

**Matthew McConaughey og kærasta hans, Camila Alves, eignuðust son í fyrradag. Matthew var viðstaddur fæðinguna og sagði hann í viðtali við OK Magazine að móður og barni heilsist vel.**

**„Við erum bæði mjög þreytt en mjög ánægð því það að eignast barn er eitt af kraftaverkum lífsins. Nú hefst annað ævintýri, að ala hann upp saman," sagði Matthew um föðurhlutverkið.**

**Sonurinn, sem hefur ekki verið nefndur að svo stöddu, fæddist aðeins nokkrum dögum á eftir dóttur Nicole Kidman og Keiths Urban. Ofurparið Angelina Jolie og Brad Pitt bíða einnig eftir komu tvíburanna sem Angelina ber undir belti þannig að þetta virðist vera sannkölluð gósentíð í Hollywood.**



**KYNTRÖLL VERÐUR PABBI** Matthew McConaughay og Camila eignuðust son í fyrradag. Þau segja að fæðingin hafi verið eitt af kraftaverkum lífsins.

ÚTSALA
ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
40-70%
afsláttur
TOPSHOP
SMÁRALIND I KRINGLAN

útsala
enn meiri verðlækkun
50-70%
afsláttur
oasis
KRINGLAN I SMÁRALIND I DEBENHAMS

## NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | |
| MEET DAVE | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45 - 5.50 | |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 6.10 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| HAPPENING | kl. 10.20 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.20 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.40 - 8 | 10 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8.30 - 11 | |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ENSKT TAL | kl. 6 - 8 | |
| BIG STAN | kl. 10 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| BIG STAN | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

## Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MIA - DIGITAL | kl. 4, 5.50, 8 og 10.10 | L |
| HANCOCK | kl. 6:10, 8 og 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA - ÍSI.TAL | kl. 4 | L |
| WANTED | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |

## SAMBÍÓIN

SAMbio.is




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANDCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| WANTED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| MEET DAVE | kl. 6 - 8 - 10 DIGITAL | L |
| WANTED | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6D DIGITAL | L |
| NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |

**SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 8 - 10:20 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 8 | L |
| HANCOCK | kl. 10:10 | 12 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |
| WANTED | kl. 8 | 12 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA MÍA | kl. 8 - 10:20 | L |
| MEET DAVE | kl. 8 | 7 |
| HANCOCK | kl. 10 | 12 |




# Sumargleði Kima



Það er engu logið um það að Kimi Records á Akureyri er hressasta plötuútgáfa landsins um þessar mundir. Á meðan varla heyrist múkk frá öðrum útgáfum dælir Baldvin Esra hjá Kima út nýjum plötum og dreifir öðru eins. Það er því við hæfi að fjögur Kima-bönd taki höndum saman og fari um landið undir yfirskriftinni Sumargleði Kima. Túrinn byrjar á mánudaginn í næstu viku og böndin sem spila eru Benni Hemm Hemm, Morðingjarnir, Borko og Reykjavík! Stíf spilamennska verður alla næstu viku á Stokkseyri, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði og Höfn, en síðustu tónleikarnir verða á Nasa í Reykjavík, miðvikudagskvöldið 23. júlí. Allir tónleikarnir hefjast kl. 20 og það kostar þúsund krónur inn. Miðar eru ekki seldir í forsölu nema á síðasta kvöldið á Nasa. Þá verður Sumargleðislagið frumflutt, það er ef það verður samið í ferðinni.

**VERÐA Á FERÐINNI** Morðingjarnir spila í Sumargleði Kima.

# Dansað á línu fánalaga í Vodafone-auglýsingu

**Í lok nýrrar Vodafone-auglýsingar birtist það sem mörgum virðist vera íslenski fáninn. Brot á fánalögum getur varðað allt að eins árs fangelsisvist eða sektum.**



**UMDEILD AUGLÝSING** Í lok auglýsingar Vodafone kemur fyrir nokkuð sem margir myndu telja afskræmda mynd íslenska fánans. En slíkt brýtur í bága við fánalög.

„Ég tel að þarna sé frekar langt gengið,“ segir Elísabet Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá forsætisráðuneytinu, um nýja auglýsingu Vodafone þar sem teppi, sem líkist óneitanlega íslenska fánanum, er látið falla í lok auglýsingarinnar. Á teppi þessu stendur „Skítt með kerfið“ og „Hringdu fríkeypis í fimm vini“. Elísabet segir að vissulega sé þetta ekki fáninn í eiginlegri mynd en: „Þarna eru hlutar settir saman og í raun er þetta afskræming á íslenska fánanum. Tilgangur með því að breyta honum er líklegast sá að komast undan hugsanlegri ábyrgð,“ segir Elísabet. Hún bendir þó að það sé ekki forsætisráðuneytisins að kæra slík brot, heldur lögreglu.

Hrannar Pétursson er upplýsingafulltrúi Vodafone. Hann segir merg málsins vera þann að ekki sé raunverulega um íslenska fánann að ræða, heldur bara fánalitina.

Það var auglýsingastofan Fíton sem gerði auglýsinguna og segir Hrannar að hjá Vodafone hafi alltaf verið vitað af þessari notkun „fánans“ ef fána skyldi kalla. „Þetta er gert í samræmi við fánalögin. Þá 12. grein þeirra laga,“ segir Hrannar en greinin hljóðar svo: „Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.“ soli@frettabladid.is



**HRANNAR PÉTURSSON** Upplýsingafulltrúi Vodafone segir að ekki sé um íslenska fánann að ræða.



**UNGU DRENGIRNIR Í ERMUM** Ætla að halda uppi fönk-stemningu í kvöld.

# Fönkið endurvakið

Hljómsveitin Ermar – Featuring Horny Horns mun spila fönktónlist á Glaumbar í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Bít Box sem verður á Glaumbar alla fimmtudaga í sumar. Bít Box er samstarf Samma í Jagúar og Steinars sem rekur Glaumbar og vildu þeir með framtakinu skapa vettvang fyrir rytmíska tónlist hér í Reykjavík og hefur Tómas R. Einarsson meðal annars spilað á slíku kvöldi. Drengirnir í Ermar – Featuring Horny Horns hafa komið víða og meðal annars spilað með Stórsveit Samma og stúlknasveitinni Amiinu og spiluðu reglulega á gamla Kaffi List fyrir nokkrum árum síðan og hyggjast endurvekja þá stemningu sem þar myndaðist. „Nokkrir hljómsveitarmeðlimanna hafa verið búsettir erlendis síðustu ár en við erum allir á landinu í sumar og ákváðum að nýta tækifærið og spila saman. Við munum spila þekkta slagara eftir gamla meistara en spinnum samt sem áður mikið í kringum hvert lag,“ segir Jóhannes Þorleiksson trompetleikari um fyrirhugaða tónleika. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er aðgangur ókeypis. - sm

# Tónlistin út til fólksins

Tvennir útitónleikar verða haldnir í gamla Sirkusportinu í kvöld og annað kvöld. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð sem verða núna í júlímánuði.

„Hugmyndin að baki tónleikanna er að fara með fjörið út til fólks þannig að hægt sé að ná til sem flestra, óháð aldri og fjárhag,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson sem sér um skipulag tónleikanna. Á tónleikunum í kvöld munu hljómsveitirnar Atómstöðin, Tommy Gun Preachers og Vicky Pollard koma fram og hefst gamanið stundvíslega klukkan 19.30. Annað kvöld munu svo Retro Stefson, <3 Svanhvít! og South Killing Company stíga á svið og leika fyrir gesti. „Við ætlum að blanda saman ungum og öldnum hljómsveitum og hyggjast allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Guðmundur um valið á hljómsveitum og hvetur alla til að láta sjá sig. - sm



**RETRO STEFSON** Ein þeirra hljómsveita sem munu spila í portinu.

# Útsalan er hafin
# Opnum kl. 07:00

**40%**
afsláttur af
öllum vörum!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

> **Atvik umferðarinnar**

Fagn Jóhanns Helgasonar. Grindvíkingurinn skoraði sigurmarkið gegn ÍA með sinni fyrstu snertingu eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Markinu fagnaði hann með „vöggufagninu“ en hann eignaðist son fyrr um daginn.

> **Ummæli umferðarinnar**

„Við erum að vinna ljótu leikina og það getur verið gríðarlega mikilvægt þegar upp er staðið,“ segir Jónas Guðni Sævarsson, leikmaður KR, eftir tæpan 1-0 sigur liðsins á KR.



**sport**

sport@frettabladid.is

**10. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: HK-INGAR Á LEIÐINNI BEINT NIÐUR**

## *Keflvíkingar gerðu deildinni greiða*

Tíunda umferðin gaf af sér sextán mörk en næstum helming þeirra í einum leik. HK-ingar virðist hreinlega ekki hafa burði til að spila á meðal stóru strákanna og ekkert nema 1. deildin blasir við þeim. Fjölnismenn kláruðu þá aftur með úrvalsdeildarklassa. 6-1 var niðurstaðan í niðurlægingu Kópavogsliðsins.

Gunnar Guðmundssson var rekinn frá hjá HK eftir leikinn en stóll Leifs Garðarssonar er einnig orðinn heitur. Fylkisliðið er heillum horfið og hefur hreinlega ekki spilað vel. Afsökun um uppbyggingarstarfsemi og unga leikmenn er ódýr hjá þjálfaranum. Blikar voru með unga stráka í sínu liði, þeir unnu verðskuldað og sannfærandi.

Guðjón Þórðarson virðist ekki vera á réttri leið með ÍA sem er fyrirmunað að vinna leik. Grindavík sýndi karakter í því að vinna á Skaganum, 2-1. Björgólfur Takefusa hélt áfram að skora og áfram hélt KR hreinu, nú gegn Þrótti og Valsarar unnu þolinmæðisigur á Fram.

Keflavík gerði deildinni greiða með því að vinna FH, sigri sem allir fögnuðu nema FH-ingar. Suðurnesjamenn virðast hafa hreðjatak á FH og töframark í uppbótartíma tryggði þeim sætan sigur.




**TÖLURNAR TALA**

**Flest skot:** 20, Valur
**Flest skot á mark:** 11, Fjölnir
**Fæst skot:** 5, Fram
**Hæsta meðaleink.:** 7,33 Fjölnir
**Lægsta meðaleink.:** 3,64 HK
**Grófasta liðið:** 18 brot, Fylkir
**Prúðasta liðið:** 8 brot, Fram og Gri.
**Flestir áhorf.:** Keflavík-FH,1.298
**Fæstir áhorf.:** Fylkir-Breiðab., 768
**Áhorfendur alls:** 5.817

> **Besti dómarinn:** Umferðin var vel dæmd. Fjórir dómarar fengu átta, Garðar Örn Hinriksson í Árbænum, Einar Örn Daníelsson á Valbjarnarvelli, Kristinn Jakobsson á Akranesi og Jóhannes Valgeirsson í Keflavík. Hinir tveir fengu 7.



**JÓN ARNÓR** Á mjög erfitt verkefni fyrir höndum með félögum sínum í Lottomatica. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

Jón Arnór í Meistaradeildinni:

## Í krefjandi meistarariðli

**KÖRFUBOLTI** Lottomatica Roma, sem Jón Arnór Stefánsson leikur með, er í C-riðli Meistaradeildar Evrópu á næsta tímabili. Dregið var í riðlana í gær. Roma er í riðli með Slóveníumeisturum Union Olimpija, Tyrklandsmeisturum Fenerbahce Ulker, Þýskalandsmeisturum Alba Berlin, Spánarmeisturum Tau Ceramica og DKV Joventut sem varð í þriðja sæti spænsku deildarinnar á síðasta tímabili og varð auk þess ULEB meistari. ULEB-keppnin er nokkurs konar önnur deild Evrópukeppna. Roma tapaði í úrslitum um Ítalíumeistaratitilinn fyrir Montepaschi Siena. **- hþh**



**FLOTTIR Í FROSTASKJÓLINU** Það hefur gengið vel á heimavelli hjá KR í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurganga KR-inga heima:

## Hafa ekki unnið fjóra leiki í röð síðan 2003

**FÓTBOLTI** KR-ingar taka á móti Valsmönnum á KR-vellinum í kvöld en þeir hafa unnið þrjá síðustu heimaleiki sína í Landsbankadeildinni og enn fremur sex af sjö leikjum sínum á KR-vellinum í sumar.

Vinni KR í kvöld þá er þetta í fyrsta sinn síðan sumarið 2003 sem liðið nær að vinna fjóra heimaleiki í röð í deild en þetta yrði jafnframt sjötti heimasigur liðsins í röð í deild og bikar.

Það var einmitt sumarið 2002 sem Íslandsbikarinn kom síðast í Vesturbæinn en KR vann þá fimm heimaleiki í röð og sá síðasti af þeim var 4-0 sigur á Fylki í 15. umferð sem lagði grunninn að því að tryggja liðinu titilinn. **- óój**

# Markmiðið er alltaf að gera betur

**Jósef Kristinn Jósefsson er leikmaður 10. umferðar hjá Fréttablaðinu. Hann var maður leiksins í sigri Grindavíkur á ÍA. Ungmennalandsliðsmanninum gengur mun betur á vellinum en í námi, að eigin sögn.**

**FÓTBOLTI** Hinn átján ára gamli Jósef Kristinn Jósefsson er orðinn mikilvægur hlekkur í liði Grindavíkur. Vinstri bakvörðurinn færði sig á kantinn í leiknum gegn ÍA og skoraði fallegt mark sem jafnaði leikinn í 1-1. Grindavík vann svo 2-1. Jósef er leikmaður 10. umferðar Landsbankadeildarinnar hjá Fréttablaðinu.

Hann missti af þremur fyrstu leikjunum í sumar eftir að hafa handarbrotnað í leik með U19 ára landsliði Íslands „Ég vona að ég sé búinn að festa mig í sessi í liðinu. Það er samt alltaf mikil samkeppni og hún er bara af hinu góða,“ sagði Jósef sem kýs að spila vinstra megin á vellinum. „Ég held að ég geti ekkert neins staðar annars staðar.“

Jósef vinnur á golfvellinum í Grindavík í sumar og er sjálfur með 12,7 í forgjöf. „Ég er svona þokkalegur,“ segir hann. „Ég næ aðeins að spila golf þegar það er frí frá fótboltanum en það er þó erfitt þegar þreytan er orðin mikil og maður þarfnast hvíldarinnar.“

Jósef á myndband af sér aðeins fjögurra ára gömlum að spila innanhússknattspyrnu og spannar ferillinn því þegar fjórtán ár. „Ég get ekki sagt að ég hafi verið að gera góða hluti þá. Ég var enn grennri en ég er núna,“ sagði hinn uppaldni Grindvíkingur. Næst á dagskránni er að styrkja líkamann.

„Ég verð að gera það til að eiga einhverja möguleika í þessa kalla,“ segir Jósef kíminn en viðurkennir að það sé erfitt að bæta sig yfir sumartímann. „Það gengur upp og ofan. Ég er alltaf að hlaupa eins og vitleysingur og brenni því bara jafn óðum,“ sagði Jósef.



**ÖFLUGUR** Jósef er átján ára en verður nítján fljótlega. Hann er meðal efnilegustu bakvarða landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Undanfarin tvö þrjú ár hef ég verið að taka fínum framförum. Það er aðallega af því að ég er farinn að æfa eins og maður og ekki verið að sleppa neinum æfingum,“ sagði Jósef sem nokkrum sinnum hefur farið út á reynslu hjá liðum í Evrópu, meðal annars Twente og AZ Alkmaar í Hollandi.

„Það hefur í raun aldrei komið neitt almennilegt út úr því. Ég hef verið að fara þegar tímabilið er búið og maður er orðinn alveg bensínlaus. Maður hefur ekki þetta aukalega sem kannski þarf til að sýna sig,“ sagði Jósef sem er þó ekkert að stressa sig á atvinnumennskunni. Norðurlönd in gætu þó heillað í framtíðinni.

Fyrst ætlar hann að klára skólann en hann stundar nám í Fjölbrautaskóla Suðurlands, með misjöfnum árangri að eigin sögn. „Ég ætla að skipta um braut núna og fara í rafvirkjann. Ég ætla að fara að gera eitthvað af viti,“ sagði Jósef sem er þokkalega sáttur við sína eigin framgöngu í sumar.

„En ég vil alltaf meira, og það er nægur tími til þess,“ segir bakvörðurinn sem er einnig nokkuð sáttur við árangur liðsins í sumar. Sem fyrr vill hann meira. „Markmiðið er alltaf að gera betur, við erum núna í áttunda sæti en ætlum auðvitað að fara ofar. Gengið hefur verið ágætt, okkur gengur bara ekki nógu vel á heimavelli. Við höfum tapað fimm heimaleikjum en unnið fjóra útileiki, við þurfum að bæta það. Það hlýtur að koma,“ sagði Jósef Kristinn að lokum.

Þjálfari hans, Milan Stefán Jankovic, lýsir honum sem einum efnilegasta leikmanni sem hann hefur þjálfað. „Hann hefur mikinn karakter og hann leggur sig alltaf 100 prósent fram, hvort sem það er á æfingum eða í leikjum. Það skiptir miklu máli og það vantar kannski hjá fleiri leikmönnum. Hver æfing er eins og leikur fyrir honum,“ sagði Milan Stefán.

„Hann ætlar sér langt og atvinnumennskan blasir við honum, það er ekki nokkur spurning. Sérstaklega ef hann heldur áfram á sömu braut. Hann æfir sig aukalega heima í að bæta líkamlegan styrk og hann ætlar sér alltaf meira,“ sagði þjálfarinn. **hjalti@frettabladid.is**

Reykjavíkurliðin KR og Valur hafa lengi eldað grátt silfur og mætast á ný í kvöld í mikilvægum leik:

# Fornir fjendur mætast í Frostaskjóli

**FÓTBOLTI** KR og Valur mætast í stórleik Landsbankadeildar karla í kvöld kl. 20.00 en leikurinn fer fram á KR-vellinum í Frostaskjóli.

KR-ingar hafa verið á mikilli siglingu undanfarið og klifrað hressilega upp stigatöfluna. Vesturbæjarliðið státar af fjórum sigurleikjum í röð í deildinni og liðið hefur enn fremur haldið marki sínu hreinu í þeim leikjum og varnarmaðurinn Grétar Sigfinnur Sigurðarson kvað KR-inga því mæta fulla sjálfstrausts í leikinn gegn Íslandsmeisturum Vals.

„Það er ekkert annað en sigur sem kemur til greina gegn Val. Við erum með mikið sjálfstraust og ætlum bara að byggja á því sem við erum búnir að vera að gera. Það er mikil samstaða innan liðsins, sem er reyndar búin að vera til staðar í allt sumar þó svo að ekki hafi gengið neitt sérstaklega vel hjá okkur í upphafi móts. Meginmunurinn á okkur í sumar og í fyrra er sá að menn eru farnir að vinna hver fyrir annan og sem eitt lið. Við erum búnir að halda hreinu í fimm af tíu leikjum í deildinni og það er fyrst og fremst varnarvinna alls liðsins sem er að skila því. Valsbúnir menn eru líka að gera góða hluti undanfarið og þetta er því í raun úrslitaleikur fyrir þessi tvö lið, hvað þau ætla sér að gera í framhaldinu. Þetta verður þvílíkur leikur og það er kominn tími til að við leggjum Valsarana að velli þar sem KR vann síðast sumarið 2005 og ég spilaði ég reyndar með Valsmönnum,“ sagði Grétar Sigfinnur sem á von á því að fólk fjölmenni á völlinn og skapi góða stemningu.



**EKKERT NEMA SIGUR** Grétar telur KR hafa sjálfstraustið og getuna til að taka þrjú stig. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Guðmundur Benediktsson, framherji Vals og fyrrverandi leikmaður KR, veit mæta vel hvað er í húfi þegar þessir erkifjendurnir mætast.

„Það hefur verið mikill rígur og mun verða mikill rígur um ókomin ár á milli þessara liða og bæði liðin vita af því. Það er því alltaf gaman að koma og spila á KR-vellinum og við hlökkum til leiksins. KR hefur verið í flottu formi upp á síðkastið og það er ljóst að við verðum að eiga góðan dag til þess að fara með sigur í leiknum. Við unnum góðan sigur gegn Fram í síðasta leik þar sem við spiluðum vel og vonandi getum við tekið þá baráttu og þann anda sem var í liðinu í þeim leik með okkur í Vesturbæinn og þá getur allt gerst,“ sagði Guðmundur. **- óþ**



**TILHLÖKKUN** Guðmundur Benediktsson, leikmaður Vals og fyrrverandi leikmaður KR, segir að það sé alltaf gaman að spila á KR-vellinum og Valsmenn hlakki mjög til leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**AÐ KOMAST Á FERÐINA** Olga Færseth í síðasta leik KR á móti Aftureldingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR:

## Eiga Olgu inni

**FÓTBOLTI** Kvennalið KR ætlar ekki að styrkja sig þrátt fyrir að aðalkeppinautarnir og topplið Vals hafi fengið til sín einn besta leikmann Landsbankadeildar kvenna í sumar.

„Það lítur ekkert sérstaklega út fyrir það að við séum að styrkja okkur. Við þurfum bara að treysta á okkar hóp,“ sagði Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR. „Þetta var alveg viðbúið því Valur er að undirbúa sig fyrir Evrópukeppnina og Valsmenn deyja aldrei ráðalausir.“

Helena er ánægð með stöðuna á sínu liði. „Við ætlum að halda okkar striki og mér finnst að það hafi verið stígandi í okkar leik. Við erum síðan ekkert að spá í aðra en okkur sjálfar,“ segir Helena og hún á líka markahæsta leikmann deildarinnar uppi í erminni í Olgu Færseth sem byrjaði seint í ár. „Við eigum Olgu tvímælalaust inni. Hún hefur verið lítið með og við erum að koma henni í gang hægt og sígandi. Það munar um minna.“

Olga bjó til fyrra markið í 2-0 sigri á Aftureldingu og Helena var ánægð með hana þar. „Þar fannst mér maður þekkja hana aftur,“ segir Helena. - óój



**ALGJÖR NAGLI** Bojana Besic í leik gegn Val fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dragan þjálfari Þór/KA:

## Held að sláin hristist enn þá

**FÓTBOLTI** Þór/KA vann óvæntan 5-0 stórsigur á Keflavík á útivelli í Landsbankadeild kvenna í fyrrakvöld. Dragan Stojanovic, þjálfari Þór/KA-liðsins, var ánægður með sínar stelpur. „Þetta var alveg glæsilegt hjá stelpunum og það gekk allt upp. Við spiluðum þennan leik mjög vel taktískt. Við lokuðum vel vörninni okkar og náðum síðan að sækja hratt á þær. Ég held að þetta sé besti leikurinn sem stelpurnar hafa spilað undir minni stjórn,“ sagði Dragan sem var sérstaklega ánægður með Silvíu Rán Sigurðardóttur sem sá til þess að Danka Podovac, hættulegasti sóknarmaður Keflavíkur, sást ekki í leiknum.

Rakel Hönnudóttir átti stórleik, skoraði þrennu og lagði upp eitt mark til viðbótar. „Rakel er besti framherji landsins ásamt Margréti Láru. í fyrsta markinu vann hún boltann sjálf 40 metra frá marki lék á þrjá varnarmenn og markmann og skoraði,“ segir Dragan en Rakel hefur þar með skorað sjö mörk í sumar.

Fyrsta mark leiksins skoraði Bojana Besic beint úr aukaspyrnu en þetta er þriðja markið sem hún skorar úr aukaspyrnu í sumar. „Ég held að sláin í Keflavík hristist ennþá eftir þetta mark,“ sagði Dragan en Bojana þrumaði boltanum í slána og inn. - óój

Sophia Andrea Mundy, 23 ára framliggjandi miðjumaður, er gengin í raðir Valsstúlkna í Landsbankadeildinni:

# Á eftir að reynast okkur vel í baráttunni

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Vals í Landsbankadeild kvenna fengu mikinn liðsstyrk í gær þegar hin 23 ára Sophia Andrea Mundy frá Bandaríkjunum gekk til liðs við félagið frá Aftureldingu. Nýliðarnir úr Mosfellsbæ fengu þrjá efnilega leikmenn í staðinn á láni frá Val sem verða með Aftureldingu til loka tímabils sumarið 2008.

Sophia Andrea Mundy sló í gegn með Aftureldingu síðasta sumar þegar hún átti stóran þátt í að hjálpa liðinu að vinna sér sæti í efstu deild en hún skoraði þá 13 mörk í 14 leikjum í 1. deildinni. Kjörstaða hennar á vellinum er framarlega á miðjunni en hún getur einnig leyst fleiri stöður á miðjunni sem og í fremstu víglínu og ætti því að verða góð viðbót við sterkan leikmannahóp Valsstúlkna.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, var vitanlega ánægð með nýja leikmanninn þegar Fréttablaðið tók stöðuna á henni í gær.

„Við sáum hana náttúrulega spila með Aftureldingu í fyrra og í sumar og einnig með U-21 árs landsliði Bandaríkjanna á móti Íslandi. Það hefur náttúrlega ekki farið framhjá neinum sem hefur fylgst með henni að hún er frábær leikmaður sem hefur gert það mjög gott hér á landi. Hún er reyndar meidd eins og staðan er núna en ég held að hún eigi eftir að reynast okkur vel og styrkja okkur verulega í baráttunni síðari part sumars og í Evrópukeppni félagsliða næsta haust,“ sagði Elísabet.



**SPENNANDI** Sophia Andrea Mundy er gríðarlega spennt fyrir framtíð sinni hjá Val og hlakkar mikið til þess að hjálpa liðinu í komandi verkefnum. Hér stillir hún sér upp í Valstreyjunni með Elísabetu, þjálfara Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ögrandi áskorun

Sophia kvaðst sjálf mjög spennt yfir því að ganga í raðir Íslandsmeistaranna og eiga þar með möguleika á að spila í Evrópukeppni félagsliða.

„Það er ögrandi áskorun fyrir mig að spila fyrir Val og hjálpa liðinu í deildinni og bikarnum og svo í Evrópukeppni félagsliða, þannig að ég er bara mjög spennt og þetta er frábært tækifæri fyrir mig. Eftir að félögin tvö náðu samkomulagi ræddi ég við Elísabetu þjálfara og hún útskýrði fyrir mér hvernig hún hafði hugsað sér að hlutverk mitt yrði í Valsliðinu og ég er ánægð með það,“ sagði Sophia sem óskaði fyrrverandi liði og liðsfélögum sínum alls hins besta.

„Ég upplifði mjög góða tíma hjá Aftureldingu og á örugglega eftir að sakna liðsfélaga minna þaðan og er stjórn félagsins og öllum viðkomandi mjög þakklát fyrir gott samstarf.

### Gott fyrir alla aðila

Gareth O‘Sullivan, þjálfari Aftureldingar, var leiður yfir því að missa leikmann á borð við Sophiu frá Aftureldingu en fékk aftur á móti þrjá leikmenn í staðinn.

„Málið er að við vorum með fjórar bandarískar stelpur hjá okkur og máttum aðeins vera með þrjár þeirra á leikskýrslu hverju sinni, þannig að við gátum ekki staðið í vegi fyrir Sophiu þegar Valur spurðist fyrir um hana. Ég var búinn að vera í sambandi við Elísabetu um að fá lánaða leikmenn frá henni og við fáum þrjár efnilegar stelpur í staðinn fyrir Sophiu sem eiga eftir að styrkja leikmannahópinn mikið.

Ég er auk þess að fara að missa tvær stelpur í háskóla til Bandaríkjanna í ágúst þannig að allir aðilar eru í raun að græða á þessu,“ sagði Gareth.

Valsstúlkurnar Anna Garðarsdóttir, Andrea Ýr Gústavsdóttir og María Rós Arngrímsdóttir koma á láni til Aftureldingar en þær eiga allar unglingalandsliðsleiki að baki fyrir Íslands hönd og eiga án vafa eftir verða Aftureldingu mikill liðsstyrkur. - óþ




| 11. umferð | Landsbankadeild karla | | |
|---|---|---|---|
| fim. 10. júlí | KR | 20:00 | Valur |
| sun. 13. júlí | Fjölnir | 19:15 | ÍA |
| sun. 13. júlí | FH | 20:00 | Fylkir |
| mán. 14. júlí | Grindavík | 19:15 | Þróttur R. |
| mán. 14. júlí | Fram | 19:15 | Keflavík |
| mán. 14. júlí | Breiðablik | 20:00 | HK |
| **10. umferð** | **Landsbankadeild kvenna** | | |
| þri. 15. júlí | Þór/KA | 19:15 | Valur |
| þri. 15. júlí | Stjarnan | 19:15 | HK/Víkingur |
| þri. 15. júlí | Fylkir | 19:15 | Fjölnir |
| þri. 15. júlí | Breiðablik | 19:15 | Afturelding |
| þri. 15. júlí | KR | 19:15 | Keflavík |

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.



**GUNNAR** Kveður HK sáttur.

Gunnar Guðmundsson:

## Engin sárindi

**FÓTBOLTI Gunnar Guðmundsson skilur sáttur við HK. Hann stýrði liðinu í tæp fimm ár en var rekinn í vikunni. „Ef þú ert ekki að ná í stig og ert í neðsta sæti geturðu alltaf átt von á því að taka pokann þinn sem þjálfari," sagði Gunnar sem taldi sig geta náð meira út úr liðinu.**

**„Að sjálfsögðu. Félagaskiptaglugginn er að opna og ég sá ákveðna möguleika til að vinna úr þessu og snúa hlutunum við með litlum kostnaði," sagði Gunnar sem er alls ekki sár út í HK en hann kveður félagið sáttur.**

**„Við höfum átt góða tíma saman og komið liðinu upp á ákveðinn stall. Vonandi heldur það sér þar," sagði Gunnar sem er ekki hættur að þjálfa. Hann kveðst jafnframt ætla að taka sér frí í sumar.** - hþh

Þjálfaramál í Landsbankadeild:

## Uppfylla þarf kröfur kerfisins

**FÓTBOLTI** Við ráðningu þjálfara í Landsbankadeild karla þarf að fara eftir ströngum reglum. Ómar Smárason, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ, útskýrði málið þegar Fréttablaðið bað hann um að taka HK, sem er í leit að þjálfara, sem dæmi.

„Ef félagið ræður þjálfara sem hefur tilskilin réttindi, sem er KSÍ-A gráða, innan viku eftir að hafa rekið þjálfara er það innan leyfisrammans. Ef það gerir það ekki, eða ræður þjálfara sem hefur ekki réttindin, fær það í mesta lagi viðvörun þar sem þetta er fyrsta brot þess. Ef þjálfari án réttinda tekur við á miðju tímabili má hann samt sem áður ekki stýra liðinu á næsta tímabili án réttindanna."

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hefðu því aðeins mátt stýra HK út tímabilið hefðu þeir tekið boði félagsins. Báðir eru með 2. gráðu þjálfararéttinda og eiga langt í land með að öðlast A-gráðuna. - hþh

Yfirlýsing frá KSÍ:

## Sorglegur Jónas

**FÓTBOLTI Jónas Hallgrímsson er hættur sem þjálfari Völsungs. Hann lét stór orð falla um dómara í 2. deildinni og KSÍ á mánudag og sagðist í gær standa við hvert einasta orð. Hann óskaði þess jafnframt að hann hefði verið harðorðari. KSÍ sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær.** - hþh

### Yfirlýsing KSÍ

*„Knattspyrnusamband Íslands harmar þau ummæli sem Jónas Hallgrímsson, þjálfari Völsungs, lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum varðandi dómara, önnur félagslið og aðra þá er að knattspyrnu koma á Íslandi og vísar þeim algerlega á bug. Mjög alvarlegar ásakanir koma fram í ummælum Jónasar og alveg ljóst að undir þeim verður ekki setið án viðbragða.*

*Samskipti KSÍ við Völsung hafa verið með miklum ágætum, þar hefur verið unnið gott starf og hafa þaðan komið margir af bestu knattspyrnumönnum landsins í gegnum árin. Sorglegt er því að þjálfari félagsins ráðist fram með rakalausum fullyrðingum og ásökunum sem beint er gegn dómurum, aðildarfélögum og aðilum innan KSÍ og geta á engan hátt talist settar fram af jafnvægi og yfirvegun."*

# Eyjólfur Sverrisson fyrstur af fjórum til að segja nei við því að þjálfa HK

HK þarf að leita langt niður óskalistann til að finna þjálfara. Eyjólfur Sverrisson var fyrstur til að segja nei og í kjölfarið fylgdu tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, Ólafur Þórðarson og Lúkas Kostic.

**FÓTBOLTI** Eftir að stjórn HK ákvað að reka Gunnar Guðmundsson hófst mikil leit að þjálfara. Staða liðsins er ekki góð, það er neðst í Landsbankadeildinni og virðist sjálfstraustið í herbúðum liðsins vera fyrir neðan frostmark. Enginn af þeim fjórum þjálfurum sem leitað hefur verið til hafði áhuga á starfinu. Viðræður við annan aðila eru þó hafnar.

Fyrst var leitað til fyrrverandi landsliðsþjálfarans Eyjólfs Sverrissonar. Hann sagðist hreinlega ekki hafa tíma í starfið, hann hefði nóg á sinni könnu. Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir segja tímapunktinn ekki réttan en þá langi í þjálfun, Ólafur Þórðarson segir HK ekki henta sér og Lúkas Kostic vill ekki stökkva frá borði KSÍ-skútunnar þar sem hann stýrir tveimur landsliðum.

„Mér líst bara ekki alveg á þetta, þetta hentar mér ekki," sagði Ólafur sem vildi lítið fara út í hvað nákvæmlega það væri sem hentaði honum ekki. Aðspurður hvort það væri staða liðsins sagði Ólafur: „Hún er auðvitað ekki góð en það var ekki úrslitaatriðið. En ég ákvað að sleppa þessu. Ég aflaði mér upplýsinga en þetta er niðurstaðan," sagði Ólafur sem fór þó aldrei í viðræður við stjórn félagsins. Hann kvaðst jafnframt áhugasamur á að snúa aftur í þjálfun fljótlega.







**ENGINN ÁHUGI?** Eyjólfur Sverrisson, Lúkas Kostic og Ólafur Þórðarson sögðu allir nei við HK. Félagið leitar nú niður óskalistann að næsta þjálfara.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON-DANÍEL-VALLI

Bjarki sagði við Fréttablaðið að tilboð HK hefði verið freistandi. „Við hittum stjórn HK í gær og fórum yfir stöðuna. Þetta kitlaði aðeins en svo töluðum við við FH og ákváðum bara að spila áfram með því. Félagið gerði okkur ljóst að það vildi ekki missa okkur. Þeir eru þó miklir heiðursmenn þar og hefðu ekki staðið í vegi fyrir okkur hefðum við viljað fara," sagði Bjarki sem segir tvíburana hafa litist vel á HK.

„Þeir seldu félagið mjög vel og framtíðarmarkmið þess. Okkur leist mjög vel á þetta. Metnaðurinn er mikill þrátt fyrir að staðan sé ekkert sérlega góð eins og er. Það er vel staðið að öllum málum og aðstæðurnar eru til fyrirmyndar. Þá eru yngri flokkarnir öflugir. En við vildum bara efna samninginn við FH," sagði Bjarki sem segir það vera mikinn heiður fyrir þá bræður að vera boðin staðan.

„Við höfum ekki mikla reynslu þrátt fyrir að hafa náð ákveðnum árangri með ÍA fyrir tveimur árum. Við hefðum treyst okkur í starfið til að endurtaka leikinn en tímapunkturinn var bara ekki réttur. Það hefði þurft ÍA til að bjóða okkur að þjálfa til að við riftum samningi við FH," sagði Bjarki og hló við.

Lúkas sagði í gær að hann gæti hreinlega ekki farið frá U17 og U21 árs landsliðunum sem hann þjálfar. „Ég hef verið að undirbúa U17 frá því í október fyrir Norðurlandamótið sem er í lok júlí. Þetta hefur verið mikil vinna og mér fannst ekki sanngjarnt gagnvart þeim að hætta. U21 árs liðið á líka tvo leiki eftir í riðlinum. Ég vil bara ekki fara frá ókláruðum verkefnum," sagði Lúkas sem sagði þó að HK ætti marga góða leikmenn og að það gæti vel fest sig í sessi í efstu deild. „Það var heiður að þeir hringdu."




**NEI TAKK** Arnar og Bjarki ákváðu að leika áfram með FH í stað þess að taka við HK.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðræður eru hafnar við annan aðila sem Torfi Sverrisson, formaður knattspyrnudeildar HK, gefur ekki upp hver er. „Við leysum þetta," sagði Torfi við Fréttablaðið eftir að Ólafur hafði gefið félaginu afsvar seinni partinn í gær.

„Við höfum leitað til manna sem njóta ákveðinnar virðingar. Við erum með ákveðinn lista sem við förum niður. Í þessari stöðu sem liðið er í er mórallinn lítill og það þarf kannski að lyfta honum með virtum nöfnum. „Rúnar [Páll Sigmundsson, aðstoðarþjálfari Gunnars] stýrir liðinu eins og staðan er núna, meðan aðalþjálfaramálin eru ekki afgreidd," sagði hann.

hjalti@frettabladid.is

Fjölnismaðurinn Sveinn Elías Elíasson er í fimmta sæti eftir fyrri dag á HM unglinga í Bydgoszcz í Póllandi:

# Vann tvær af fimm greinum sínum í gær

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Fjölnismaðurinn Sveinn Elías Elíasson er í fimmta sæti eftir fyrri dag tugþrautarkeppninnar á HM unglinga í Bydgoszcz í Póllandi. Sveinn Elías fékk 3.925 stig fyrir fyrstu fimm greinarnar og er aðeins fjórum stigum frá fjórða sætinu en þar situr heimamaðurinn Jacek Nabozny. Hvít-Rússinn Eduard Mihan er efstur með 4.155 stig en Sveinn Elías er 96 stigum frá verðlaunasæti.

Sveinn Elías byrjaði og endaði daginn frábærlega því hann var fljótastur allra í bæði 100 metra og 400 metra hlaupi. Sveinn náði sínum öðrum besta tíma í 1000 metra hlaupinu þegar hann hljóp á 10,79 sekúndum og fékk 908 stig fyrir. Sveinn stökk síðan 6.71 metra í langstökki, sem var 12. besti árangur í þeirri grein en lengst hefur hann stokkið 6,98 metra. Sveinn Elías bætti sig um 17 sentimetra í kúlunni þegar hann varpaði henni 13,28 metra en það var 14. besti árangurinn í kúluvarpinu. Sveinn datt niður í 9. sæti eftir fjórðu greinina, hástökkið, þar sem hann fór yfir 1,87 metra og varð fimmtándi.

Sveinn endaði aftur á móti daginn á því að hlaupa 400 metrana á 48,18 sekúndum og var þar eins og áður sagði fljótastur allra alveg eins og í fyrstu greininni. Sveinn fékk þá 900 stig og hefur aðeins einu sinni hlaupið hringinn hraðar.




**Á FLEYGIFERÐ** Sveinn Elías Elíasson, lengst til hægri, sést hér í 100 metra hlaupinu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Stefán Jóhannsson, þjálfari Sveins, var ánægður með strákinn. „Þetta var fínn dagur og hann reddaði honum með 400 metra hlaupinu. Við vorum aðeins óánægðir með langstökkið en annað var mjög gott. Þetta gekk eins og við vorum að vonast eftir," sagði Stefán.

„Seinni dagurinn er lélegri hjá öllum en þetta fer svolítið eftir því hvernig stöngin og spjótið fer á morgun [í dag]. Stöngin verður mjög erfið af því að stöngin hans kom ekki og hann verður því að fá lánstöng sem er mjög erfitt," segir Stefán en hann vonast þó til að Sveinn byrji seinni daginn vel í 110 metra grindahlaupi.

„Ég hef trú á hann bæti sig vel því hann hefur verið að bæta sig tæknilega í grindinni að undanförnu," segir Stefán. - óój

# SUMAR TILBOÐ

## Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði




### 9800GTX
**512MB GEFORCE 9800GTX**

Eitt öflugasta skjákort í heimi á ótrúlegu tilboðsverði í Tölvutek. Vertu með grafíkina í botni í nýjustu Direct X 10.1 leikjunum.

- Eitt öflugasta skjákort í heimi
- 512 GDDR3 2.2GHz háhraða minni
- Styður nýjustu Direct X 10.1 leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 65nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- 2xDVI-I Dual Link og 2xVGA tengi
- PureVideo HD2, H.264 og VC-1 tækni
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf

GIGABYTE

**26.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




### 1GB MP3
**CREATIVE STONE SPILARI**

Creative Stone er einn minnsti MP3 spilari í heimi, aðeins 18,5g með hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 10 klst.

- Ótrúlega nettur aðeins 18,5g
- Innbyggð hleðslurafhlaða
- Allt að 10 klst. ending á rafhlöðu
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ótrúlega nett heyrnatól fylgja
- Tengist beint í USB tengi
- Nú á ótrúlegu tilboði í Tölvutek

CREATIVE®

**2.990**




### 500GB
**SPECIAL EDITION 720p**

INOi margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

**19.900**




### MX52
**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Packard Bell fartölva með lyklaborði í fullri stærð með sjálfstæðu talnaborði, kortalesara og 54Mbps þráðlausu netii

- AMD Turion64 MK38 2.2GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI X1200 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**69.900**

VE36 **2.875** Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



### ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND




### 22" WIDESCREEN

Acer 2216Wbd skjár, 700:1,5ms,1680x1050 Hvergi á betra verði!

**23.900**



### 500GB HARÐDISKUR

32MB BUFFER SATA2 NCQ

Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer

**7.990**




VERÐ FRÁ 29.900

LANDSINS MESTA ÚRVAL
EEE PC
NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP

# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur



> **Nicollette Sheridan**

„Það kemst enginn áfram í þessum bransa eingöngu af hæfileikum. Maður þarf líka að vera á réttum stað á réttum tíma og að því leyti til hef ég verið ákaflega heppin.“ Sheridan leikur í þáttunum Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) sem sýndur er í kvöld í sjónvarpinu.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR DATT INN Í NÝJA SÁPUÓPERU

# *Gamlar sápur ganga í endurnýjun lífdaga*



Sjónvarpið og Stöð 2 hafa lengst af svalað sápuóperuþörf landans. Leiðarljós, Glæstar vonir og Nágrannar eru góðir fulltrúar sápunnar og sinna hlutverkum sínum með sóma. Enda er hellingur af fólki sem horfir á einhvern þessara þátta, eða jafnvel alla þrjá, á hverjum degi. Stór hluti þessa fólks vill samt helst ekki viðurkenna það.

Ég er ekki ein þeirra, og get með sanni sagt að ég hafi eytt löngum stundum í það að horfa á þessa þætti í gegnum tíðina. Svo löngum stundum reyndar að ég þurfti að grípa til aðgerða þegar mér þótti orðið nóg um glápið og ég hafði hreinlega ekki tíma til þess að standa í því. Ég tók til minna ráða, fór á google og fann heimasíður bæði Glæstra vona og Nágranna. Þar sem sjónvarpsstöðvarnar hérna heima eru yfirleitt svolítið á eftir öðrum löndum í sápusýningum var auðveldlega hægt að finna það sem átti eftir að gerast í þáttunum hjá mér. Þannig er hægt að skoða og lesa í stuttu máli um næstu þrjú til fjögur hundruð þætti og þá þarf ekki að eyða tíma í að horfa á þættina á hverjum degi. Samt kemur nú fyrir að kveikt er á sjónvarpinu þegar sápurnar eru í gangi.

Svo hafa nú komið til sögunnar alls kyns þættir sem fólk vill flokka sem sápuóperur bara vegna þess hversu froðukenndir söguþræðirnir væru. Svoleiðis rök má þó ekki taka góð og gild, enda verða sápuóperur eiginlega að vera sýndar á hverjum degi til þess að verða alvöru.

Eins og sagt var í upphafi hafa RÚV og Stöð 2 lengst af séð um þennan markað. Skjár einn er þó að koma sterkur inn þessa dagana með sýningum sínum á gömlu sápunni Dynasty, sem draga sömuleiðis gamlan sápufíkil auðveldlega aftur að skjánum. Verst er með svona gamla þætti sem eru löngu hættir að maður veit alveg hvernig fer að lokum, á meðan örlög persóna í hinum sápunum eru enn óráðin.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** Skyndiréttir Nigellu (Nigella Express) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Deja Vu STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** Talk Show With Spike Ferensten STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** The King of Queens SKJÁR EINN



▶ **21.35** Moonlight STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Leitin** (1:3) (e)
**17.54 Lísa** (1:13) (e)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (6:10) (e)
**18.30 Nýgræðingar** (Scrubs) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**19.55 Skyndiréttir Nigellu** (Nigella Express) (7:13) Nigella Lawson sýnir hvernig matreiða má gimilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.
**20.30 Hvað um Brian?** (What About Brian?) (11:24) Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.15 Svipmyndir af myndlistarmönnum** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem taka þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.
**21.25 Omid fer á kostum** (The Omid Djalili Show) (2:6) Breskir gamanþættir með grínaranum Omid Djalili sem er af írönskum ættum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**23.10 Lífsháski** (Lost) (74:86) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 The Ant Bully**
**10.00 Raise Your Voice**
**12.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**14.00 The Ant Bully**
**16.00 Raise Your Voice**
**18.00 Charlie and the Chocolate Factory**
▶**20.00 Deja Vu** Hasarmynd með Denzel Washington og Val Kilmer í aðalhlutverkum.
**22.05 The Tesseract**
**00.00 Kill Bill. Vol. 2**
**02.15 Point Blank**
**04.00 The Tesseract**
**06.00 Little Miss Sunshine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Camp Lazlo og Tommi og Jenni.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Missing** (4:19)
**11.10 Tim Gunn's Guide to Style** (5:8)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Wings of Love**
**13.40 Wings of Love**
**14.25 Derren Brown - Hugarbrellur**
**14.50 Ally McBeal** (2:23)
**15.30 Friends** (10:24)
**15.55 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.18 Tutenstein**
**16.43 A.T.O.M.**
**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.18 Þorlákur**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons** (16:22)
**19.40 Friends** (15:23)
**20.05 The New Adventures of Old Christine** (17:22)
**20.25 Notes From the Underbelly** (10:13)
**20.50 Bones** (15:15) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum.
▶**21.35 Moonlight** (7:16) Mick St. John er ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.
**22.20 ReGenesis** (5:13)
**23.05 Rosenstrasse**
**01.15 Wire** (3.13)
**02.15 Scary Movie 4**
**03.35 Saved** (12:13)
**04.20 Bones** (15:15)
**05.05 Friends** (15:23)
**05.30 The Simpsons** (16:22)
**05.50 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**17.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.20 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.45 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
**19.45 Landsbankadeildin 2008** KR - Valur Bein útsending frá Reykjavíkurslag KR og Vals í Landsbankadeild karla.
**22.00 Sumarmótin 2008** Sýnt frá N1 - mótinu sem fram fór á Akureyri þar sem 5. fl. drengja etja kappi. Stjórnur framtíðarinnar leika listir sínar í höfuðstað Norðurlands.
**22.45 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Magnaður þáttur þar sem Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.
**23.30 Landsbankadeildin 2008** KR - Valur
**01.20 Main Event (#10)** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

## SPORT 2

**17.50 Bestu leikirnir** West Ham - Chelsea
**19.30 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst. Frábær þáttur sem engin áhugamaður um enska boltann má missa af.
**20.00 PL Classic Matches** Crystal Palace - Blackburn, 92/93. Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.
**20.30 PL Classic Matches** Liverpool - Man United, 97/98. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 Football Rivalries** Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður og að þessu sinni verður rígur Milan og Inter og Lzio og Roma krufinn til mergjar.
**21.55 Bestu leikirnir** West Ham - Chelsea
**23.35 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst. Frábær þáttur sem engin áhugamaður um enska boltann má missa af.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.05 Vörutorg**
**16.05 How to Look Good Naked** (e)
**16.35 Girlfriends**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty**
**19.20 Life is Wild** (e)
**20.10 Everybody Hates Chris** (21:22) Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris ákveður að kaupa flott ilmvatn handa mömmu sinni á mæðradaginn en þegar hann kemst að því hvað það kostar þarf hann að finna aðra lausn.
**20.35 The IT Crowd** (4:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum.
▶**21.00 The King of Queens** (5:13) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, eiginkonuna Carrie og Arthur tengdaföður hans. Doug sárnar að vera ekki boðið í partí í hverfinu. Arthur reynir að hjálpa Danny að losna úr viðjum spilafíknar en endar sjálfur sem spilafíkill.
**21.25 Criss Angel** (3:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti svo áhorfendur trúa vart sínum eigin augum.
**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (12:22)
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Britain's Next Top Model** (e)
**00.20 Age of Love** (e)
**01.10 Dynasty** (e)
**02.00 Girlfriends** (e)
**02.25 Vörutorg**
**03.25 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18:45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 19.45
### Landsbankadeildin beint KR - Valur



Reykjavíkurslagur af bestu gerð í Landsbankadeild karla. Stórveldin tvö mætast og það má búast við blóðugri baráttu innan vallar sem utan. Íslandsmeistararnir hafa ekki byrjað leiktíðina eins og þeir höfðu vonast eftir og sömuleiðis fór Vesturbæjarstórveldið illa af stað. En með betri tíð koma blóm í haga og það er vonandi að bæði lið verði í sínu besta formi í kvöld þegar liðin mætast á KR-vellinum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The It Crowd
### Skjár einn kl. 20.35

Í kvöld sýnir Skjár einn „The IT Crowd“, breskan gamanþátt um tölvunördana Moss og Roy. Í þættinum í kvöld vill Jen, sem er nýr yfirmaður deildarinnar, sjá hvað leynist á bak við hina leyndardómsfullu rauðu hurð í tölvudeildinni. Roy og Moss harðneita að leyfa henni að sjá af ótta við að það muni raska jafnvæginu á skrifstofunni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Ljóta barnið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónleikur
**14.43** Náttúrupistill
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Pan
**22.45** Þættir úr sögu tvífarans
**23.30** Betri stofan
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (20:22)

**17.30 Talk Show With Spike Feresten** (18:22)

**18.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (6:10)

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (20:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

**▶20.30 Talk Show With Spike Feresten** (18:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Hann fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum.

**21.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (6:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls. Hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður mikið um harða keppni, slúður og prímadonnustæla.

**22.00 Cashmere Mafia** (4:7) Fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York, virðast lifa hinu fullkomna lífi. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.

**22.45 Medium** (14:16)

**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestir: Þráinn Þorvaldsson og Steinþór Sigurðsson.

**21.00 Neytendavaktin** Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gestur: Ásta Sigrún Helgadóttir.

**21.30 Ákveðin viðhorf** Þáttur meistaranema í blaða- og fréttamennsku við HÍ. Umsjón: Guðbjörg Sif Halldórsd. Gestir: Dr. Helgi Gunnlaugss. og Árni Þór Sigmundss.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Saras køkken **11.30** Viden om **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fandango med Chapper **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hammerslag **18.30** Kær på tur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret p† DR1 **19.35** Aftentour 2008 2**0.00** Landsbyhospitalet **20.45** En ny start **22.15** Sex med Victor **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**9.55** Vitenskap jukeboks **10.55** Norge rundt jukeboks **12.00** Country jukeboks **13.00** Ut i naturen jukeboks **14.20** To mistenkelige personer **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sannheten om mat **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Wallander: Den femte kvinnen **20.30** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kjærlighetens sommer **22.10** Spooks **23.00** Lydverket presenterer **23.30** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Tillfällets hjältar **10.35** Fantastiska berättelser **12.40** Livet som stjärna **13.05** Livet som stjärna **13.30** Baronessan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Packat & klart sommar **15.30** Sommartorpet **16.00** Emil i Lönneberga **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Landgång **18.30** Mitt i naturen **19.00** Berlinerpopplarna **19.50** Radiohjälpen - Kronprinsessan Victorias fond **20.00** Kärlek med förhinder **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.10** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*Ég hef sjaldan tíma til að borða morgunmat en í morgun fékk ég mér sneið af gulri melónu, parmaskinku og smá parmesan ost yfir og eina skonsu með rækjusalati.*

Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** vag, **6.** hæð, **8.** spíra, **9.** fugl, **11.** sjúkdómur, **12.** skjögra, **14.** hreysi, **16.** í röð, **17.** skítur, **18.** ennþá, **20.** mun, **21.** betl.

**LÓÐRÉTT 1.** elds, **3.** samþykki, **4.** dagatal, **5.** eldsneyti, **7.** fíkinn, **10.** meiðsli, **13.** kann, **15.** innyfli, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kjag, **6.** ás, **8.** ála, **9.** lóm, **11.** ms, **12.** slaga, **14.** greni, **16.** hí, **17.** tað, **18.** enn, **20.** ku, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** já, **4.** almanak, **5.** gas, **7.** sólginn, **10.** mar, **13.** get, **15.** iður, **16.** hes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Japan.
2. Surtsey.
3. HK.

hlaupahjól
- Létta leiðin til að hlaupa!

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# Dóttir Gnarrs fær eldskírn í Sjallanum



**MAGGA EDDA** Syngur fyrir norðan með Merzedes Club.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Jú, ég er mjög spennt. Ég hef ekki sungið á sviði áður," segir Margrét Edda Jónsdóttir sem mun vera í bakröddum hjá Merzedes Club um helgina. Ef hún stendur sig vel mun hún fylgja sveitinni til Portúgals hinn 17. júlí. Hljómsveitin verður með útgáfutónleika í Sjallanum á Akureyri á föstudagskvöldið og mun svo spila á Húnavöku á Blönduósi á laugardagskvöldið.

Margrét hefur verið í söngskólum í gegnum tíðina og kann því sitthvað fyrir sér í þeim efnum. Það var vinkona hennar sem pressaði á hana að fara í prufur hjá Merzedes Club, og Margrét sér ekki eftir því. Hún segist hafa verið „pínu" aðdáandi sveitarinnar hingað til. Þó hafi hún ekki kunnað öll lögin þegar hún mætti í prufurnar. „Ég kunni bara Meira frelsi þannig að ég var pínu stressuð," segir Margrét en faðir hennar, Jón Gnarr, samdi textann við lagið. Húm segir það þó ekki ástæðu þess að hún kunni textann. Faðir hennar er stoltur af dóttur sinni. „Já, pabba líst vel á þetta. Hann hringdi í mig um leið og hann sá þetta í blaðinu og sagði að þetta væri sniðugt hjá mér að gera þetta," segir Margrét.

Hún er laus og liðug og því enginn kærasti sem þarf að hafa áhyggjur af henni innan um olíusmurða og sólbrúna meðlimi sveitarinnar. Hún hefur aldrei farið til Portúgals. Margrét Edda er nú þegar mætt á Akureyri í útilegu. Hún verður því búinn að kanna andrúmsloft Norðurlands gaumgæfilega áður en hún stígur á svið í Sjallanum á föstudagskvöldið. **- shs**



**JÓN GNARR** Hringdi í dóttur sína og lagði blessun á Merzedes Club-ævintýrið.

**ÓLAFUR EGILL OG BRYNDÍS JAKOBS:** FARA 26 ÁR AFTUR Í TÍMANN

# Stuðmannabörn leika foreldra sína í auglýsingu

„Við vorum nú einmitt staddir saman í fríi á Spáni þegar þetta kom upp. Ég þurfti að skjótast heim til að gera þetta. Vonandi fæ ég mynd með mér til að sýna pabba," segir leikarinn Ólafur Egill Egilsson sem brá sér í hlutverk föður síns, Egils Ólafssonar leikara og Stuðmanns, í gærdag. Tilefnið var myndataka fyrir auglýsingu Landsbankans sem birt verður í dagblöðum um verslunarmannahelgina. Þar verður endurskapaður frægur dansleikur Stuðmanna og Grýlnanna á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 1982. Ólafur verður í hlutverki Egils föður síns og Bryndís Jakobsdóttir leikur móður sína, Ragnhildi Gísladóttur. Öðrum Stuðmannabörnum, svo sem Grétu dóttur Ásgeirs Óskarssonar, bregður fyrir í hlutverkum Grýlnanna. Strákarnir í Sprengjuhöllinni leika Stuðmenn.

„Það væri nú leiðinlegt ef við værum ekkert líkir og jafnvel grunsamlegt," segir Ólafur sem þótti nákvæm eftirmynd föður síns á tökustað í gær. „Hér eru flinkar sminkur og færir förðunarmeistarar sem ná að gera mig nokkuð líkan honum," segir Ólafur enn fremur en þetta hlutverk var nokkuð nýtt fyrir honum. „Ég hef aldrei leikið pabba áður, þó að ég hermi stundum eftir honum eins og menn herma eftir ættmennum sínum í góðu gríni."

Bryndís Jakobsdóttir var spennt fyrir þessu verkefni þegar Fréttablaðið ræddi við hana. „Nú er ég að feta í fótspor móður minnar, alveg í bókstaflegum skilningi. Það er mikil stemning að vera komin í búninginn og vera komin með vöfflur og fléttu í hárið."

Svokölluð hátíðisdagaherferð Landsbankans hefur vakið athygli undanfarið, en í henni hafa verið endursköpuð atvik úr sögu Íslands á 20. öld. Ljósmyndarinn Ari Magg tekur myndirnar en umrædd mynd verður sú fjórða í röðinni í þessari herferð. Áður hafa verið endursköpuð atvik úr þorskastríðinu, sjálfstæðisyfirlýsingin á Þingvöllum og sigur Vigdísar Finnbogadóttur í forsetakosningunum.



**Á ÞJÓÐHÁTÍÐ FYRIR 26 ÁRUM** Ólafur Egill og Bryndís bregða sér í hlutverk foreldra sinna, Egils Ólafssonar og Ragnhildar Gísladóttur, í væntanlegri auglýsingu Landsbankans. Ljósmyndari Fréttablaðsins náði þeim við æfingar í gærdag. Í baksýn má glitta í önnur Stuðmannabörn og meðlimi Sprengjuhallarinnar sem leika Stuðmenn og Grýlurnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Umræddur dansleikur á Þjóðhátíð fyrir 26 árum er flestum Íslendingum í fersku minni, enda er hann að finna í hinni sívinsælu kvikmynd Með allt á hreinu. Mikil vinna var lögð í að endurskapa þá stemningu fyrir gerð auglýsingarinnar. Sérstök eftirmynd af sviðinu var reist í Reiðhöllinni í Víðidal og krakkarnir í auglýsingunni klæddust sömu búningum og Stuðmenn og Grýlur í Eyjum, en þeir voru fengnir að láni frá Leikfélagi Vestmannaeyja. Að sögn Ólafs man hann enn eftir Þjóðhátíð í Eyjum 1982. „Við vorum þarna allir Stuðkrakkarnir. Það var hefð fyrir því í hljómsveitinni að krakkarnir færu með um verslunarmannahelgina. Þannig að ég man vel eftir Húnaveri, Atlavík og öllum þeim stöðum." **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Meistari ljósvakans, **Ingvi Hrafn Jónsson**, veltir því fyrir sér hvernig best má efla sjónvarpsstöð hans, ÍNN. Að vel athuguðu máli hefur hann tekið inn nokkra hluthafa upp á eitt prósent og svo er það dagskráin sjálf. Ein hugmynd Ingva Hrafns er sú að setja á laggirnar umræðuþátt þar sem pólitík og þjóðmál eru rædd á víðum grunni svipað og gert er í Silfri Egils. Þáttinn er hann að hugsa um að kalla Sunnudagsmorgunn og hafa á dagskrá klukkan 11.00 sem yrði þá hugsanlega til að draga tennurnar úr hinum nýkvænta **Agli Helgasyni** sem verður með sinn þátt sambærilegan einum til tveimur tímum síðar.



Tónleikaúrval sumarsins hefur sem kunnugt er verið einsleitt. Þeir sem vilja eitthvað annað verða að bjarga sér og láta ekki ört hækkandi flugferðir stöðva sig. Eins og fram hefur komið fer **Friðrik Ómar** að sjá George Michael í Toronto og á mánudaginn ætlar **Guðmundur Ingi Þorvaldsson**, leikari og söngvari Atómstöðvarinnar, að sjá sjálfan Tom Waits í Barcelona. Guðmundur hefur lengi verið aðdáandi Waitsarans en aldrei séð hann áður.



Tenórinn **Garðar Thor Cortes** hefur verið að skapa sér nafn úti í hinum stóra heimi. Garðar veit sem er að það er fleira mikilvægt í lífinu en frægð og frami. Hann hefur því ákveðið að taka sér þriggja vikna leyfi í sumar til að sinna góðgerðastörfum í Asíu. Garðar og eiginkona hans, leikkonan **Tinna Lind Gunnarsdóttir**, fara á vegum Hjálparstarfs aðventista til Kambódíu og Taílands þar sem þau leggja sitt af mörkum fyrir verkefni sem kallast Save the Girls. Markmiðið er að bjarga ungum stúlkum úr kynlífsánauð.



-jbg/glh/hdm

OPNUNARTILBOÐ



Skeljar 199,000,-
Eigum gríðalegt úrval af rafmagnspottum!
Arctic Spas
Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755

# 300 manns í mýrarbolta

Mýrarboltinn á Ísafirði fer fram í fimmta sinn um verslunarmannahelgina. Skráning er hafin og segir Smári Karlsson, nýráðinn drullusokkur, að hún fari hægt af stað eins og vanalega. „Það skrá sig allir síðustu dagana, það er alltaf þannig. Í fyrra var algjört met, þá kepptu um 300 manns, og það má búast við öðru eins í ár. Fólk verður alveg húkkt á þessu. Það eru einhverjar minningar úr drullumallinu í leikskóla sem rifjast upp."

Spilað verður á þremur völlum, fyrst í riðlum og svo í útsláttarkeppni, bæði í karla- og kvennaflokki. Keppt verður á laugardegi og á sunnudegi, tvisvar sinnum sjö mínútur hver leikur. „Það eru engin takmörk fyrir því hversu margir geta verið í liði, en það eru samt bara fimm inn á í einu," segir Smári. Aðgangseyrir er 5.000 kall á mann og er umstang, matur og ball innifalið. „Mýrarboltinn endar með ægilegu balli í ár með hljómsveitinni Kraftlyftingu. Sigurliðin fá sjálfkrafa inngöngu í heimsmeistarakeppnina í mýrarbolta í Finnlandi. Sigurliðið þarf reyndar sjálft að redda sér þangað. Það er rosaleg keppni með um tíu þúsund keppendum. Því miður hefur enginn farið frá okkur á það mót enn þá."



**BARA EITT FÓTBROT Í SÖGU KEPPNINNAR** Frá Mýrarboltamóti á Ísafirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrátt fyrir mikinn atgang segir Smári engan hafa slasast alvarlega í sögu mýrarboltans, nema einn. „Það fótbraut sig einn fyrir nokkrum árum og það furðulega við það var að það var enginn nálægt honum í 10 metra radíus. Honum skrikaði bara einhvern veginn svona fótur í drullunni. Hann var reyndar svo fullur að hann fattaði ekki að hann væri fótbrotinn fyrr en eftir leikinn." **- glh**

# OUTLET 10

Merki fyrir minna

# DOCKERS VINNUBUXUR

# KR 499,-

ÚTSALA VERÐ FRÁ KR 99,-





Ljósm. Valgerðuru Bachman

**FAXAFENI 10**
11-18 alla virka daga
11-18 laugardagar
**S:534 4450**

**SMÁRATORGI**
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar og Sunnudagar
**S:534 4451**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
“...ég sá það á vísi”



**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

# *Seljavallalaug*

Gamla Seljavallalaugin uppi í fjallinu er eins og kunnugt er algjör snilld. Þetta er elsta uppistandandi sundlaug landsins, reist 1923 minnir mig að hafi staðið á skiltinu. Maður þarf að ganga tíu mínútna spotta að henni, það eru engar sturtur við laugina en það má afklæðast í ljóslausum klefum sem ekki er hægt að læsa. Laugin er gruggug, veggir og gólf þakið slími, en umgjörðin er eins og í ævintýri og upplifunin hreinlega frábær. Ég skrapp þarna um helgina og það var fullt af fólki og allir í stuði. Túristarnir voru geislandi af ánægju, líklega af því að það kostar ekkert í laugina. Þeim hlýtur að vera nýbreytni í að fá eitthvað ókeypis eftir flæking um landið og okurholurnar sem varða hringveginn.

**ÉG TÓK** eftir því að nýja Seljavallalaugin, sem reist var fyrir nokkrum árum nær veginum, er komin í eyði. Þar voru öll nútímaþægindi, sturtur, heitur pottur og allt þetta sem maður fær alls staðar. Þegar sú laug var risin voru settir búkkar á veginn svo maður færi nú ekkert að asnast í gömlu ævintýralaugina. Fólk var að verja fjárfestinguna sína og skiljanlegt að það væri lítil stemning fyrir því að túristarnir hengu öllum stundum ókeypis í gömlu lauginni. Þrátt fyrir búkkana hélt þó straumurinn þangað áfram. Það sama myndi gerast ef einhver byggði kofa við hliðina á Eiffelturninum og reyndi að selja inn í hann.

**ÞAÐ** var auðvitað dapurlegt að sjá heila sundlaug í eyði. Það nýja og venjulega hefur lotið í gras fyrir því gamla og óvenjulega. Málningin flagnandi af grindverkinu, yfirbragðið þunglyndislega tregafullt eins og jafnan er með hús í eyði.

**MÉR** finnst þessi niðurstaða hálfgerð táknmynd, eða framtíðarsýn, yfir tvennt sem stöðugt hefur verið „í umræðunni“: verndun gamalla húsa og náttúru. Nýir steypukassar munu aldrei ná því andrúmi sem fylgir gömlum timburhúsum og útsýnispallar við virkjanir munu aldrei ná að toppa töfra óspilltrar náttúru. Sem betur fer var gamla Seljavallalaugin ekki rifin þegar nýja laugin var reist og því varð þar ekki óafturkræft umhverfisslys. Því miður er ekki það sama hægt að segja um hitt. Hin síjaplandi tönn tímans mun vinsa kjarnann frá hisminu og því er vonandi fyrir okkur – og krakkana okkar – að eitthvað meira en drasl í eyði standi eftir á endanum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 10. júlí, 193. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.28 | 13.33 | 23.36 |
| Akureyri | 2.37 | 13.18 | 23.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

